

**FINNUR ÓLAFSSON**

*Langyngsti þjónninn hjá Kaffifélaginu*

matur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**MIÐBORGIN**

*Kaffibrennslan inn í nútímann*

Sérblað um miðborgina

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR**

*Fréttakonan sem ákvað að skrifa bók um nútímakonuna*

SIRKUS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. nóvember 2007 — 319. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



**Þekkir hverja þúfu landsins**

Málþing í tilefni sjötugsafmælis Harðar Kristinssonar grasafræðings.

TÍMAMÓT 30



**Forsetinn afi í fjórða sinn**

Herra Ólafur Ragnar Grímsson fékk fyrsta afastrákinn á miðvikudaginn.

FÓLK 54

**Á tímamótum**

„Öryggi þjóðarinnar er best borgið ef allir aðilar sem koma að öryggismálum hérlendis starfa saman," skrifar Jón Gunnarsson alþingismaður.

Í DAG 26

**Á leiðinni heim**



Knattspyrnumaðurinn Marel Baldvinsson er laus frá Molde, sem hann kallaði draugabæ. Líklegt þykir að hann spili á Íslandi næsta sumar.

ÍÞRÓTTIR 48

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST VESTAN TIL** Með morgninum verður hvöss suðaustan átt vestan til, annars víða strekkingur. Lægir heldur í dag. Rigning sunnan og vestan til en snjó- eða slydduél norðan- og austanlands. Hiti 0-8 stig í dag, mildast vestan til.

VEÐUR 4




# Bjarni selur hlutinn en stýrir REI áfram

**Orkuveita Reykjavíkur mun kaupa hlut Bjarna Ármannssonar í Reykjavík Energy Invest. Bjarni mun sitja áfram sem stjórnarformaður REI um tíma.**

**ORKUMÁL** Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður Reykjavík Energy Invest, hyggst selja hlut sinn í fyrirtækinu til Orkuveitu Reykjavíkur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þessi ákvörðun er tekin í fullri sátt við OR og mun Bjarni sitja áfram sem stjórnarformaður REI, til að fylgja ráðgerðum verkefnum úr húsi.

Bryndís Hlöðversdóttir, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, segir aðspurð um brotthvarf Bjarna frá REI að hann muni skýra sína stöðu á hluthafafundi í dag. „Samstarfið við Bjarna hefur verið gott og í fullri sátt. Það er þó eðlilegt að þær breytingar sem hafa orðið á fyrirtækinu síðan samruni REI og Geysis Green var afturkallaður kalli á endurskoðun af hans hálfu. Fyrirtækið er ekki það sama og hann kom að á sínum tíma."

Fréttablaðið hefur fengið staðfest að samkvæmt minnisblaði um hugsanlega niðurstöðu í málefnum REI og Geysis Green Energy sé gert ráð fyrir að REI verði í 100 prósenta eign Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið tekin ákvörðun um að ekkert verði hreyft við eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í Hitaveitu Suðurnesja fyrr en lög Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra, sem eiga að tryggja að náttúruauðlindir séu í almannaeigu, liggja fyrir. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefur umboð borgarráðs til að leiða viðræður ríkis, sveitarfélaga og meðeigenda í HS um framtíð fyrirtækisins, og hefjast þær í næstu viku. Auðlindalög Össurar verða þar höfð í forgrunni. - shá



**HVAR Á ÉG AÐ SETJA ÞETTA?** Aðventan er handan við hornið og starfsmenn Faxaflóahafna hjálpuðust að í gær við að reisa Hamborgarjólatréð á Miðbakka við Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breyting á næsta ári á núverandi 9.999.999 króna hámarksfærslu á debetkorti:

# Hundrað milljónir á debetkortið

**FJÁRMÁL** Aðeins er hægt að greiða 9.999.999 krónur í einni færslu þegar greitt er með debetkorti. Þetta er þó að breytast. Á næsta ári verður byrjað að uppfæra öll debetkort í landinu og verður þá pláss fyrir einn tölustaf í viðbót. Um leið verður öryggið aukið því viðskiptavinir verða að slá inn leyninúmer þegar borgað er með kortinu.

Logi Ragnarsson, framkvæmdastjóri Fjölgreiðslumiðlunar, segir að með nýrri örgjörvatækni verði hins vegar hægt að staðgreiða tíu milljónir og meira. „Með tilkomu þessarar nýju tækni lengist upphæðin um eina tölu."



LOGI RAGNARSSON

Logi telur að það sé frekar undantekning en hitt að viðskiptavinir vilji staðgreiða átta stafa tölu og kveðst aldrei hafa fengið fyrirspurn eða kvörtun þess efnis. Áður fyrr hafi aðeins örfáir greitt með sínu einkakorti fyrir vöru sem kostar á annan tug milljóna eða viljað greiða hana í eingreiðslu. Þenslan hafi hins vegar haft áhrif á þetta.

„Þeir sem leigja út posa til verslana eru þegar farnir að dreifa þessum nýja búnaði. Rétt er að taka af allan vafa um að örgjörvatæknin er bara að fara í gang um næstu áramót," segir Logi. - ghs




Breska samveldið:

## Pakistan vikið úr Samveldinu

**LONDON** Samþykkt var samhljóða á fundi utanríkisráðherra Breska samveldisins í gær að víkja Pakistan úr sambandinu. Don McKinnon, framkvæmdastjóri Samveldisins, sagði í gær að Pakistan gæti snúið aftur ef lýðræði yrði aftur komið á. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins.



DAVID MILIBAND

Utanríkisráðherra Bretlands, David Miliband, sagði ákvörðunina ekki tekna í reiði heldur sorg og vonaðist til að fljótlega yrði hægt að bjóða Pakistana aftur velkomna í Samveldið. - ss

Ökuhraði minnkar á milli ára:

## Hraði minnkar á hringveginum

**UMFERÐARMÁL** **Ökuhraði á tíu stöðum á hringveginum hefur lækkað töluvert í ár frá fyrri árum, samkvæmt mælingum frá umferðargreinum Vegagerðarinnar. Meðalhraðinn á þessum tíu stöðum var 97 kílómetrar á klukkustund árið 2004 en var 94,1 kílómetra hraði á klukkustund í sumar.** - æþe

Bruni í Vestmannaeyjum:

## Sá þriðji á skömmum tíma

**BRUNI** Eldur kom upp í Tangarhúsinu í Vestmannaeyjum á fjórða tímanum í gær. Lögregla útilokar ekki að um íkveikju sé að ræða. Þetta er þriðji bruninn í Vestmannaeyjum á skömmum tíma.

Eigandi hússins telur að annað hvort hafi eldurinn komið upp í námunda við fiskikör, sem þarna eru geymd, eða kveikt hafi verið í einu slíku. Íkveikjan í Ísfélaginu um jólin í fyrra er rakin til þess að kveikt hafi verið í fiskikari.

- æþe / sjá á síðu 2



**SPURNING DAGSINS**



*Sara, er betra að kokkurinn sé án klæða?*

„Það sakar ekki.“

Sara Karlsdóttir vinnur að uppskriftabók fyrir piparsveina sem vilja ganga í augun á konum með eldamennsku.

Eldur kom upp í Tangarhúsi í Vestmannaeyjum:

# Lögregla útilokar ekki íkveikju

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Eldur kom upp í Tangarhúsi í Vestmannaeyjum um klukkan fjögur í gærdag. Lögregla útilokaði ekki að um íkveikju væri að ræða en vildi ekki staðfesta neitt þar sem rannsókn á eldsupptökum var ekki lokið.

Lögregla telur að engin tengsl séu á milli brunans í gær og íkveikja undanfarna mánuði í Vestmannaeyjum. Eigandi hússins telur eldinn hafa komið upp í, eða í námunda við, fiskikör sem þarna voru geymd, en íkveikjan í Ísfélaginu í Vestmannaeyjum um jólin í fyrra er rakin til fiskikars sem kveikt var í.

Talið er að eldurinn hafi átt upptök sín í dekkjum í geymslu í syðsta hluta hússins. Svartan reyk lagði frá húsinu þegar slökkvilið kom á staðinn og stigu eldtungur til himins í syðri hluta þaksins um tíma.

Einn slökkvimaður meiddist er hann féll fjóra metra úr stiga.

Hann var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild, en meiðsli hans voru minniháttar. Slökkvistarf gekk almennt vel fyrir sig að sögn lögreglu.

Þakið er afar illa farið í þeim hluta hússins sem brann en eldveggir vörnuðu því að eldurinn breiddist út að sögn lögreglu.

Húsið er þrískipt og urðu töluverðar reykskemmdir í miðjuhluta hússins í veiðarfærageymslu útgerðarfélagsins Stíganda. Kaffi Kró í norðurendanum slapp hins vegar vel og urðu þar aðeins minniháttar reykskemmdir.

Þetta er þriðji húsbruninn í Vestmannaeyjum á þessu ári.

- eb/æþe



**BRUNI Í VESTMANNAEYJUM** Einn slökkviliðsmaður meiddist við fall úr stiga en annars gekk vel að ráða niðurlögum eldsins. MYND/ÓSKAR





Rúmlega 56.000 fleiri lesa Fréttablaðið en 24 stundir

Allt sem þú þarft...




...alla daga



Miðað við meðallestur á tölublað, þriðjudag til laugardags, 12–80 ára fyrir allt landið.


# Bændur vilja gefa kýr á Stærra-Árskóg

**Ástþór Örn Árnason, 23 ára bóndi, fékk hugmynd um að bændur á svæðinu gæfu kýr til stuðnings fjölskyldunni á Stærra-Árskógi sem missti fjós, hlöðu og hátt í 200 nautgripi í bruna síðustu helgi. Átaksnefnd hefur hafið störf.**

**STYRKUR** „Mig munar ekkert um þrjár til fjórar kýr en þau munar mikið um að fá þær,“ segir Ástþór Örn Árnason, 23 ára bóndi á bænum Fremstafelli í Suður-Þingeyjarsýslu. Ástþór finnur mikið til með ábúendum á Stærra-Árskógi í Eyjafirði, sem misstu nýtt fjós, hlöðu og hátt í 200 nautgripi í bruna um síðustu helgi, og er nú að undirbúa gripasöfnun meðal norðlenskra bænda.

Segir hann þau Guðmund Geir Jónsson og unnustu hans Freydísi Ingu Bóasdóttur hafa byggt upp jörðina á Stærra-Árskógi af miklum dugnaði. Því miður hafi tryggingafélag þeirra ekki boðið þeim upp á rekstrarstöðvunartryggingu þó að eftir því hafi verið leitað. Því verði fjölskyldan tekjulaus þar til nýtt fjós verði risið og í það komnar mjólkandi kýr. Samt sem áður verði þau að halda áfram að borga af þeim lánum sem tekin voru til að standa straum af uppbyggingunni. Því sé öllum ljóst að næstu mánuðir verði fjölskyldunni á Árskógi erfiðir.

Ástþór hefur ásamt fleiri bændum af Norðurlandi fengið Kristján Gunnarsson, mjólkureftirlitsmann á samlagssvæði Mjólkursamsölunnar, til aðstoðar við útfærslu gripasöfnunarinnar. Vonast þeir til að hægt verði að gefa 50 til 60 mjólkandi kýr, ásamt vænum hópi kvíga og kálfa fyrir vorið.

Sóttvarnarlínur geta þó gert gjafmildum bændum erfitt fyrir. „Ég verð að hafa samband við yfirdýralækni til að mega gefa skepnur frá mínum bæ en ég vona að allt fari vel og sem flestir geti tekið þátt í að aðstoða við uppbygginguna,“ segir bóndinn ungi.

Í fyrradag greindi Stöð 2 frá því að fjöldi sjálfboðaliða hefði mætt til fjölskyldunnar á Stærra-Árskógi til aðstoða við hreinsun eftir brunann. Við það tilefni sagði Guðmundur Geir að hann hefði íhugað að gefast upp eftir þessar miklu hremmingar en vegna hins mikla stuðnings sem hann hefði fengið frá vinum og vandamönnum væri hann nú ákveðinn í að halda áfram.

karen@frettabladid.is



**MJÓLKANDI KÝR** Bændurnir sem standa að söfnuninni vonast til þess að hægt verði að gefa fjölskyldunni á Stærra-Árskógi 50 til 60 kýr á vormánuðum en hún missti hátt í 200 nautgripi í bruna um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**YNGSTI BÓNDI LANDSINS** Ástþór Örn er aðeins 23 ára en hefur þegar komið upp búi með áttatíu nautgripum ásamt konu sinni. Hann segir þau ekki muna um að gefa fjölskyldunni á Stærra-Árskógi þrjár til fjórar kýr. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

### UPPLÝSINGAR VEGNA SÖFNUNAR

Þeim sem vilja styrkja Guðmund Geir Jónsson bónda á Stærra-Árskógi er bent á að fjárframlög er hægt að leggja inn á bankareikning: **1145-15-520040, kennitala 150172-3069**

### ÞAU SEM STANDA AÐ FYRIRHEITASÖFNUNINNI

- Kristján Gunnarsson
- Guðmundur Steindórsson
- Auðunn Pálsson, Fremstafelli
- Ástþór Árnason, Svana Rúnarsdóttir, Fremstafelli
- Hörður Snorrason, Helga Hallgrímsdóttir, Hvammi
- Leifur Guðmundsson, Þórdís Karlsdóttir, Klauf
- Guðmundur Bjarnason, Anna Sólveig Jónsdóttir, Svalbarði

Veitingastaðir bregðast illa við andúð borgarráðsfulltrúa á nektardansi:

# Lögreglustjóri hunsi borgarráð

**DÓMSMÁL** „Við munum fara þess á leit við lögreglustjóra að hann virði þessa umsögn að vettugi því það er farið langt út fyrir valdmörk borgarráðs,” segir Halldór H. Backmann, lögmaður veitingastaðarins Óðals, um þá afstöðu meirihluta borgarráðs að leggjast gegn því að nektardans verði leyfður á Óðali, Bóhem og Vegas.

„Borgarráð á að veita umsögn um hvort þessi starfsemi samræmist skipulagi og hvort opnunartíminn sé í lagi en er ekki samkvæmt lögum í því hlutverki að meta hvort þessi starfsemi er æskileg eða ekki. Það er löggjafinn sem ákveður það,“ segir Halldór og boðar hörð viðbrögð synji lögreglustjóri Óðali um leyfið.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Borgarráð lagðist gegn því að veitt yrði heimild til nektardans.

„Þá verður farið með málið fyrir dómstóla eða umboðsmann Alþingis – nema hvort tveggja sé. Annars er um að ræða illa úthugsað brot á stjórnsýslulögum og hins vegar snýst málið um mjög alvarlega íhlutun í atvinnufrelsi,“ segir Halldór.

Í umsögn borgaráðs segir að nektardans tengist vændi og mansali. „Þetta er algerlega fráleitt. Það hefur aldrei komið upp neitt sem tengist vændi eða mansali í kringum Óðal. Þetta eru sögusagnir og getgátur sem byggja ekki á neinu nema smekk og persónulegri óvild í garð þeirra sem starfa á þessu sviði,“ segir lögmaður Óðals.

- gar

www.toyota.is

# Ég er tilbúinn fyrir veturinn







Verð frá 2.030.000 kr.*

## Auris Dísil - Með vetrarpakka

Ég vil finna fyrir öryggi þegar ég keyri bílinn minn. Auris er einn öruggasti bíllinn í sínum flokki samkvæmt árekstrarprófum. Bæði fyrir ökumann og farþega.

Ég ber mikla umhyggju fyrir umhverfinu. Toyota D-4D dísilvélin leysir mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensín-vélar. Hún er hljóðlát en jafnframt aflmikil. Vélin eyðir litlu sem engu. 5 lítrum á hundraðið.

Auris Dísil kemur undirbúinn fyrir veturinn frá umboðinu. Hann kemur á hágæða vetrardekkjum og að sjálfsögðu fylgja sumardekkin með í skottinu.

Þessir hlutir skipta mig máli. Hvað með þig?

*Verð miðast við Auris Dísil Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

EURO NCAP www.euroncap.com ★★★★★ TOYOTA AURIS

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39467 10/07

## GENGIÐ 22.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,39 | 62,69 |
| Sterlingspund | 128,79 | 129,41 |
| Evra | 92,50 | 93,02 |
| Dönsk króna | 12,406 | 12,478 |
| Norsk króna | 11,519 | 11,587 |
| Sænsk króna | 9,908 | 9,966 |
| Japanskt jen | 0,5736 | 0,577 |
| SDR | 99,5 | 100,1 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

122,2104

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sex manns ákærðir fyrir stórfelldan þjófnað úr verslunum:

# Stálu vörum fyrir rúma milljón

**DÓMSMÁL** Sex manns hafa verið ákærðir fyrir héraðsdómi fyrir að stela vörum að andvirði ríflega 1,1 milljón króna. Fólkið er af litháísku bergi brotið.

Tveimur úr hópnum er gefið að sök að hafa haft í fórum sínum stolinn fatnað, samtals að verðmæti tæplega 245 þúsund krónur, í fangelsinu að Litla-Hrauni. Fatnaðinum var stolið úr verslununum Herragarðinum, Hugo Boss og Intersport.

Fjórir úr hópnum eru svo ákærðir fyrir að hafa stolið tveimur jökkum að verðmæti 78.400 krónur, þannig að tveir fóru með fatnaðinn inn í mátunarklefa og settu þá þar í bakpoka, á meðan aðrir tveir reyndu að dreifa athygli starfsmanns verslunarinnar frá mátunarklefanum. Fólkið hljóp svo út úr versluninni með jakkana er starfsmaður reyndi að hafa afskipti af því.

Þá eru einstaklingar úr hópnum ákærðir fyrir þjófnað á skópari og tveimur íþróttapeysum að verðmæti 23.000 kr. og rakvélarblöðum og rakskömum fyrir ríflega 650 þúsund krónur.

Loks er fólkið ákært fyrir að hafa stolið ilmvatnsglösum fyrir 41.311 krónur og tveir eru ákærðir fyrir að hafa stolin staðsetningartæki í fórum sínum. Hvort tæki kostaði fimmtíu þúsund krónur. - jss



**ÞJÓFAGENGI** Sex manns hafa verið ákærðir fyrir stórfelldan þjófnað. Myndin var tekin þegar einn úr genginu var færður fyrir héraðsdóm.

Samband sveitarfélaga:

# Ánægja með starfsemina

**SVEITARFÉLÖG** Stjórnendur sveitarfélaga hafa almennt jákvætt viðhorf til starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga og telja það mikilvægt. Meirihluti svarenda telur sambandið sinna vel hagsmunagæslu og málsvörn sveitarfélaga og gæta hagsmuna þeirra jafnt. Þetta kemur fram á vef sambandsins.

Þjónustu- og viðhorfskönnun var gerð meðal framkvæmdastjóra og oddvita allra sveitarfélaga í maí og júní og var spurningum einnig beint til þeirra sem eru í forsvari fyrir skóla- og fræðslumál, starfsmannahald, launamál og stjórnsýslu í sveitarfélögunum. - ghs

Greiningardeild Kaupþings:

# Verðbólgan af landsbyggðinni

**VIÐSKIPTI** „Verðbólgan kemur utan af landi," segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður Greiningardeildar Kaupþings.

Hann segir að undanfarið hafi fasteignaverðið hækkað meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Fimmtungur neysluverðsvísitölunnar sé fólginn í fasteignaverðinu.

Þetta skýrist einkum af því að fólk hafi flutt út á land, til að mynda á Selfoss og í Reykjanesbæ, en líka af því að fólk hafi í einhverjum mæli keypt sér annað heimili á landsbyggðinni. - ikh

Skólaliðar í Hafnarfirði:

# Fá sex þúsund auka á mánuði

**KJARAMÁL Laun skólaliða í grunnskólum Hafnarfjarðar verða hækkuð tímabundið um sex þúsund krónur á mánuði. Stuðningsfulltrúar fá tíu þúsund króna hækkun.**



**LÚÐVÍK GEIRSSON** Bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

**Þessar greiðslur til ófaglærðra starfsmanna gilda út nóvember á næsta ári. Þá fá grunnskólarnir fjögur þúsund krónur á hvern nemanda til að mæta álagi og undirmönnun.** - gar

### LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn Baldvins Valgarðssonar, sem er höfundur pistilsins „Jólahlaðborð – örugg matvæli" sem birtist í Fréttablaðinu í gær.

Röng mynd fylgdi frétt um væntanlegt sjálfstæði Kosovo-héraðs í blaðinu á þriðjudag.

# Skrifstofa borgarstjóra vildi fá Momentum

**Frumkvæði að því að gengið var til beinna samninga við eitt ákveðið fyrirtæki kom frá skrifstofu borgarstjóra, segir fyrrverandi fjármálastjóri borgarinnar. Lengi hafi tíðkast að semja beint um ýmsa innheimtu hjá Reykjavíkurborg.**

**REYKJAVÍK** Frumkvæði að því að gengið var til samninga við Momentum og Gjaldheimtuna ehf. um innheimtu vangoldinna fasteignagjalda kom frá skrifstofu borgarstjóra, að sögn þáverandi fjármálastjóra borgarinnar, Birgis Finnbogasonar.



**BIRGIR FINNBOGASON**

Birgir var með í ráðum og þótti honum ekki óeðlilegt að semja við eitt fyrirtæki án þess að leita tilboða víðar. Þannig hafi lengi tíðkast að útdeila ýmsum verkefnum tengdum innheimtu í borginni.

„Það hefur ekki verið neitt heildstætt samræmi í því hvernig þetta er gert," segir hann. Markmiðið hafi engu að síður verið að halda útboð um þessa þjónustu, að tilraunaverkefninu loknu.

Birst hefur dæmi skuldara í Fréttablaðinu af manni sem átti að greiða 43 prósentum meira en hann skuldaði, utan dráttarvaxta, vegna kostnaðar við innheimtu.

Borgarráð samþykkti þetta þróunarverkefni til tveggja ára, í desember 2006. Þá lögðu fulltrúar Samfylkingar reyndar til að undirbúið yrði „útboð á innheimtuþjónustu [...] til að lækka kostnað og setja skýrari reglur varðandi fresti og samskipti við gjaldendur." Tillagan var samþykkt.

Kjörorð borgarinnar um góða nýtingu fjármuna felur í sér að leitað skuli hagkvæmustu leiða.Stefna hennar um verklag og gegnsæja stjórnsýslu kveður á um að gæta skuli jafnræðis- og samkeppnisjónarmiða.

Þegar Birgir er spurður hvort hann telji að með því að semja beint við eitt fyrirtæki hafi ofangreindri stefnumörkun verið fullnægt segir hann að mestu hafi ráðið að fyrirtækið hafi haft reynslu af sams konar innheimtu í öðrum sveitarfélögum.

„Því fannst mér ekkert óeðlilegt í sjálfu sér að leita til þeirra," segir hann. „Auðvitað finnst mönnum eðlilegt að fara með þetta í ákveðinn farveg, en ég held að það hafi bara ekki verið tímabært. Það voru ekki forsendur til að fyrirtæki gætu gert vitræn tilboð."

Hann telur að innheimtuþjónusta Momentum hafi ekki verið lakari en hún hefði verið hjá öðrum. Tryggt hafi verið að fyrirtækið fengi ekki meira fyrir sinn snúð en tíðkaðist, með því að skoða hvað borgin greiddi alla jafna fyrir sambærilega þjónustu.

Hann ítrekar að tilgangurinn hafi verið að lækka kostnað við innheimtu og færa hann yfir á skuldarana. Það hafi tekist. klemens@frettabladid.is



**RÁÐHÚSIÐ** Fyrrverandi fjármálastjóri segir að verið sé að undirbúa að halda eitt útboð um alla innheimtu. Kostnaður við innheimtu vangoldinna fasteignagjalda liggi ekki nákvæmlega fyrir en Tollstjóri hafi áður verið með um þrjú stöðugildi sem sinntu þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

### UM MOMENTUM OG GJALDHEIMTUNA

Fyrirtækin eru til húsa á Suðurlandsbraut 18, ásamt lögfræðiþjónustu Fulltingis og fjölda annarra fyrirtækja.

Fulltingi er í eigu Antons Björns Markússonar, Kristins Hallgrímssonar, Óðins Elíssonar og Óskars Norðmann.

Kristinn og Óskar eru í stjórnum Momentum og Gjaldheimtunnar, ásamt Davíð Benedikt Gíslasyni.



**KRISTINN HALLGRÍMSSON**

Momentum sér um milli-innheimtu vangoldinna fasteignagjalda. Gangi hún ekki eftir tekur Gjaldheimtan við og innheimtir með svokallaðri löginnheimtu. Borgin gerði tvo samninga, einn við hvort fyrirtæki, en einn og sami fulltrúinn samdi fyrir þau. Heildarendurskoðun stendur nú yfir á innheimtumálum Reykjavíkurborgar og munu samningarnir hafa verið gerðir í tengslum við hana.

Segir misskilning á Alþingi:

# Félagsleg lán ekki fullnýtt

**FÉLAGSMÁL „Íbúðalánasjóður hefur aldrei náð að veita lán til félagslegra leiguíbúða í takt við lánsfjárheimildir vegna þess að ekki hefur verið næg eftirspurn eftir slíkum lánum," segir Hallur Magnússon, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, á bloggi sínu.**



**HALLUR MAGNÚSSON** Sviðsstjóri Íbúðalánasjóðs.

**Hallur segist ekki vilja blanda sér í stjórnmálaumræðuna. Kveðst hann þó, vegna misskilnings í umræðum á Alþingi um að Íbúðalánasjóður hafi ekki sinnt félagslegum lánveitingum, verða að birta upplýsingar um lánveitingar sjóðsins til félagslegra og almennra leiguíbúðalána. „Það kemur skýrt fram að mun hærri fjárhæðir hafi verið veittar til félagslegra leiguíbúðalána en almennra," segir hann.** - gar

Nýr ríkissaksóknari:

# Valtýr verður ríkissaksóknari

**EMBÆTTI** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, skipaði í gær Valtý Sigurðsson, forstjóra Fangelsismálastofnunar ríkisins, í embætti ríkissaksóknara frá og með 1. janúar næstkomandi.

Alls sóttu sex umsækjendur um starfið en þeir voru Egill Stephensen og Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknarar við embætti ríkissaksóknara, Guðjón Ólafur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Jón H. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri og saksóknari embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, og Ólafur Þór Hauksson, sýslumaður á Akranesi. - æþe






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**UMHLEYPINGAR** Núna með morgninum verður hvöss suðaustan átt á landinu vestanverðu og jafnvel stormur sums staðar á Snæfellsnesi norðanverðu. Síðdegis lægir en í kvöld hvessir á Vestfjörðum og má búast við norðaustan stormi í nótt á norðvesturfjórðungi landsins. Á morgun verður svo stíf og köld norðanátt með snjókomu nyrðra.

**REYKJAVÍK Í DAG** Suðaustan 8-15 m/s, hvassast með morgninum. Suðvestlægari síðdegis. Rigning og síðar skúrir eða él. Hiti 3-6 stig.

*um hádegi »*






*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C skýjað | London | 7°C skýjað | Friedrichshafen | 9°C léttskýjað |
| Billund | 8°C skýjað | París | 9°C rigning | Lúxemborg | 9°C skúrir |
| Osló | 5°C skýjað | Amsterdam | 10°C skýjað | Alicante | 17°C skýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skúrir | Frankfurt | 9°C skúrir | Róm | 18°C skýjað |
| Gautaborg | 5°C skýjað | Berlín | 7°C skúrir | Las Palmas | 22°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# KJÚKLINGALUNDIR

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

| | |
|---|---|
| 1 kg | kjúklingalundir |
| 7/8 búnt | kóríander |
| 2–3 msk. | ólífuolía |
| 1 stk. | rauð paprika |
| 1 búnt | vorlaukur |

Rífið niður kóríanderlauf. Skerið papriku og vorlauk í næfurþunna strimla og blandið saman við kóríanderlaufin. Steikið kjúklingalundirnar í ólífuolíu á pönnu, í 5–10 mín. eða þar til þær eru gegnum steiktar. Takið af pönnunni og hellið „nam prik" dressingu yfir.










Jói FEL



**Tilbúið deig**
Skerið niður og raðið á bökunarpappír. Bakist í u.þ.b. 10 mín.




**Jói Fel** ís, 3 tegundir
– gæða ís þar sem ekkert er sparað



**Jói Fel** konfekt
– konfekt eins og það gerist best

Gildir til 25. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Fannst þér landslið Íslands spila betur undir stjórn nýja landsliðsþjálfarans?*

| | |
|---|---|
| Já | 32,2% |
| Nei | 67,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér bygging nýja tónlistar- og ráðstefnuhússins vera góð hugmynd?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Jonathan Motzfeldt, forseti grænlenska landsþingsins, um tengslin við Ísland:

# Stefna að efldu samstarfi

**UTANRÍKISMÁL** Jonathan Motzfeldt, forseti grænlenska landsþingsins og formaður dansk-grænlensku nefndarinnar sem er að semja ný heimastjórnarlög fyrir Grænland, segir það vera mikið hagsmunamál fyrir þjóð sína að efla til muna samstarf við Íslendinga á sem flestum sviðum.

Aukið samstarf sé óháð því hvenær Grænlendingar öðlist meiri stjórn á eigin málum eða jafnvel fullt sjálfstæði.

„Ég vil gjarnan gera það sem ég get á því sem ég á eftir af starfsævi minni til að efla tengslin við Íslendinga. Möguleikarnir eru margir, svo sem á sviði fiskveiða, rannsókna, samgangna og ferðamennsku, og þannig mætti áfram telja,“ segir Motzfeldt í samtali við Fréttablaðið.

Nefndin sem Motzfeldt veitir forstöðu hefur síðastliðin þrjú ár unnið að gerð frumvarps að nýjum heimastjórnarlögum. Til stóð að nefndin skilaði af sér nú í byrjun desember en vegna kosninganna í Danmörku verður ekki af því. Líkur standa til að af því verði í janúar. - aa



**JONATHAN MOTZFELDT** Segir það mikið hagsmunamál Grænlendinga að auka samstarf við Ísland.

Meintir nauðgarar í gæslu:

# Eru dæmdir afbrotamenn

**DÓMSMÁL Tveir karlmenn sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á hrottalegri nauðgun í Reykjavík fyrir tæpum hálfum mánuði eru dæmdir afbrotamenn í heimalandi sínu. Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir mönnunum í gær. Þeir eiga að sitja í gæslu til 21. desember.**

**Mennirnir, sem eru litháískir ríkisborgarar, hafa hlotið fangelsisdóma í Litháen, annar þeirra fyrir þjófnað og rán, en hinn fyrir þjófnað og fjárkúgun. Rannsókn nauðgunarmálsins er rétt ólokið og verður það sent aðstoðarsaksóknara á næstu dögum. - jss**

## BANDARÍKIN

### Byssur fyrir hæstarétt

Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur ákveðið að taka til meðferðar deilur um það hvort stjórnarskráin heimili einstaklingum að eiga byssu eða hvort heimildin nái einungis til þess að ríkin komi sér upp vopnuðum varðliðasveitum.

## HAFNARFJÖRÐUR

### Almannavarnafrumvarp gagnrýnt

Bæjarráð Hafnarfjarðar tekur undir athugasemdir Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við lagafrumvarp dómsmálaráðherra um almannavarnir. Slökkviliðsmenn telja of mörg verkefni munu færast til ríkislögreglustjóra.

# Leigubílstjóri á eftirlaunum keyrir rútu

**Magnúsi Hjartarsyni var gert að hætta að aka leigubíl þegar hann varð 76 ára, fyrir aldurs sakir. Hann ekur nú hópferðabílum um landið, en hann verður 78 ára í desember. Kjánalegt að mega aka rútu en ekki leigubíl, segir hann.**

**FÓLKSFLUTNINGAR** „Mér fannst ömurlegt að fá ekki að keyra leigubíl lengur þegar mér var skipað að hætta þegar ég varð 76 ára,“ segir Magnús Hjartarson, sem starfaði sem leigubílstjóri í 55 ár.

Í reglugerð frá Vegagerð ríkisins um leigubifreiðar og veitingu starfsleyfa segir að atvinnuleyfi leigubílstjóra falli úr gildi við lok 70 ára aldurs atvinnuleyfishafa. Þó sé heimilt að framlengja atvinnuleyfið til eins árs í senn eða þar til atvinnuleyfishafi nær 76 ára aldri, ef hann telst hæfur til að stunda leigubílaakstur. Engar reglur eru til um hámarksaldur rútubílstjóra.

Magnús gekkst undir læknisskoðun og aksturshæfnispróf þegar hann var sjötugur svo hann gæti fengið áframhaldandi leyfi til að keyra leigubíl þar til hann yrði 76 ára, en prófin stóðst hann án athugasemda.

Magnús rekur lítið rútufyrirtæki sem er með þrjá smærri hópbíla í rekstri. „Síðasta sumar keyrði ég um eitt þúsund kílómetra einn daginn,“ segir Magnús. „Mér finnst þetta eiginlega bara kjánalegt. Ef maður má ekki vinna sem leigubílstjóri ætti maður ekki að mega að keyra rútu. Mér finnst hálf spaugilegt að ég megi ekki keyra með fjóra farþega í leigubíl upp í Grafarvog, en ég má keyra með fimmtíu ferðamenn í rútu á Gullfoss,“ segir Magnús.

„Ég er nú bara enn að vinna því mér finnst svo gaman að keyra með ferðamenn um Ísland. Ég gæti haldið þessu áfram þangað til ég verð 110 ára, enda eru engin lög til um hvað ég má keyra rútu lengi.“

„Ég gæti faktískt keyrt á rútu um miðbæinn að næturlagi um helgar og tekið fólk upp í gegn greiðslu. Svo myndi ég rúnta með fólkið um borgina og skila því heim,“ segir Magnús. „Þannig gæti ég hjálpað gömlu vinum mínum á leigubílunum að koma fólkinu heim.“

Guðmundur Börkur Thorarensen, framkvæmdastjóri Bifreiðastöðvar Reykjavíkur, hefur skilning á aldurstakmörkunum hjá leigubílstjórum. „Miðað við hvernig heilsa flestra leigubílstjóra er í dag myndi ég segja að þessi aldurstakmörk séu mátuleg. Sumir missa heilsuna fyrr og aðrir halda heilsunni lengur en einhvers staðar verður að setja mörkin. Í dag finnst mér mátulegt að leigubílstjórar hætti við 75 ára aldur, en það eru margir leigubílstjórar sem hætta fyrr.“ aegir@frettabladid.is



**MAGNÚS HJARTARSON, FYRRVERANDI LEIGUBÍLSTJÓRI** Finnst kjánalegt að banna mönnum að keyra leigubíl með fjóra farþegar þegar þeir verða 76 ára, en þeir megi aka með fimmtíu farþega í rútu þar til þeir verða 110 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT







Íslendingar fá oftar jákvætt svar við umsóknum hjá ESB en aðrar þjóðir:

# Íslensk erfðagreining á metið

**EVRÓPUMÁL** Íslensk fyrirtæki hafa oftar fengið jákvætt svar við styrk- og lánaumsóknum sínum hjá Evrópusambandinu en fyrirtæki í öðrum löndum. Þetta sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á fundi hjá Sagnfræðingafélagi Íslands í gær. Íslensk fyrirtæki hafa í þrjátíu prósentum tilfella fengið jákvætt svar en almennt er hlutfallið tuttugu prósent innan ESB.

Íslensk erfðagreining nýtur „algjörrar sérstöðu á þessu sviði,“ segir ráðherrann. Íslensk erfðagreining hefur fengið jákvætt svar við sjötíu prósentum af þeim áætlunum sem fyrirtækið hefur lagt upp með. „Það er umfram það sem yfirleitt þekkist innan Evrópusambandsins. Mér skilst að fyrirtækið hafi verið heimsótt sérstaklega um daginn af háttsettum aðila innan framkvæmdastjórnarinnar til að sjá hvernig þeir færu að þessu,“ sagði hún.

Íslendingar hafa greitt samtals tuttugu milljónir til margmiðlunaráætlunar ESB á fimm árum en íslensk margmiðlunarfyrirtæki hafa fengið úthlutað hátt í 300 milljónir króna á sama tíma.

Þátttaka í vísinda- og menntaáætlunum hefur gengið vel. Erlendir námsmenn sækja í meiri mæli hluta náms síns hingað til lands en að íslenskir námsmenn sæki hluta náms síns erlendis. Þetta segir ráðherrann hafa breyst á árunum 2004-2005. Utanríkisráðherra segir að samtals fimmtán þúsund Íslendingar hafi með beinum hætti tekið þátt í evrópsku samstarfi á þessu sviði á undanförnum tíu árum. - ghs



**FÆR 70 PRÓSENT JÁ** Íslensk erfðagreining, sem Kári Stefánsson stýrir, hefur fengið mikið af styrkjum frá Evrópusambandinu.



**FENGIÐ 300 MILLJÓNIR** Margmiðlunarfyrirtæki hafa fengið um 300 milljónir frá ESB, að sögn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra.




Dæmi um lóðir til sölu, útlit húsa ekki frágengið:



| Brúnás 12 | |
|---|---|
| Stærð lóðar: | 756,5 m$^2$ |
| Stærð byggingarreits: | 303 m$^2$ |
| Nýtingarhlutfall: | 0,45 |
| Hámarks gólflötur: | 340,42 m$^2$ |
| Verð: | 19.500.000 |



| Uglugata 7 | |
|---|---|
| Stærð lóðar: | 811,6 m$^2$ |
| Stærð byggingarreits: | 339,1 m$^2$ |
| Nýtingarhlutfall: | 0,45 |
| Hámarks gólflötur: | 365,22 m$^2$ |
| Verð: | 20.000.000 |



| Efstaland 9 | |
|---|---|
| Stærð lóðar: | 851,8 m$^2$ |
| Stærð byggingarreits: | 305 m$^2$ |
| Nýtingarhlutfall: | 0,45 |
| Hámarks gólflötur: | 383,31 m$^2$ |
| Verð: | 19.000.000 |

*ATH. Gatnagerðagjöld eru innifalinn í lóðaverði.

## Stórkostlegt útsýni · Stórar lóðir · Góð fjárfesting
## Þú getur byrjað að byggja strax!

Ákveðið var að sækja í sjóð Nóbelsskáldsins og Mosfellingsins Halldórs Laxness þegar göturnar í Helgafellshverfi voru nefndar og velja þeim einföld og falleg nöfn. Göturnar sem mynda miðju hverfisins eru nefndar eftir tveimur af þekktustu sögum skáldsins og heita Gerplustræti og Vefarastræti. Aðrar götur í hverfinu eru nefndar af litríkustu kvenpersónum verka Laxness og heita Diljárgata, Liljugata, Sölkugata og Snæfríðargata, svo einhverjar séu nefndar.

HELGAFELL

FASTEIGNASALAN MIKLABORG

helgafell.is

Helgafellsbyggingar ehf. // Völuteg 8 // 270 Mosfellsbæ // Sími: 575 6800 // 840 6801 // hannes@helgafell.is




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Aukagreiðsla á leikskólum í Hafnarfirði færir starfsmönnum kjarabætur:

# Borðfélagar á yfirvinnukaupi

**KJARAMÁL** Starfsfólk á leikskólum í Hafnafirði fær greiddan hálftíma í yfirvinnu fyrir hvern matartíma sem það á með leikskólabörnunum. Þetta var samþykkt í bæjarráði.

Um þetta segir að þeir starfsmenn leikskóla sem sé skylt að matast alltaf með börnunum eigi rétt á yfirvinnugreiðslunni.

Þannig verði þeim greiddar tíu yfirvinnustundir á mánuði árið um kring.

Starfsmenn sem hafa ekki þá skyldu að borða með börnunum fá enga sérgreiðslu nema þeir hlaupi í skarðið. Þá fá þeir borgaðan hálftíma í yfirvinnu í hvert skipti. Áætlað er að þetta kosti 118 milljónir króna í ellefu mánuði. Auk þessarar kjarabótar verða 200 þúsund krónur eyrnamerktar sérhverri leikskóladeild til að greiða starfsfólki fyrir mikið álag í vinnu sinni. Verður það hlutverk leikskólastjórans að deila þessum peningum út samkvæmt mati sínu á frammistöðu starfsmanna skólans. „Þessum fjármunum má einnig ráðstafa til að efla starfsanda og liðsheild," segir bæjarráð Hafnarfjarðar. - gar



**MATARTÍMI** Starfsfólk leikskóla fær borgað fyrir að matast með börnum. Börnin á myndinni búa í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HAFNARFJÖRÐUR**

### Fá 35 milljóna jólauppbót

Bæjarstarfsmenn í fullu starfi í Hafnarfirði fá 30 þúsund krónur í jólauppbót. Áætlur kostnaður er 35 milljónir.

**MOSFELLSBÆR**

### Óbreytt útsvar

Útsvarsprósentan í Mosfellsbæ verður óbreytt á næsta ári, eða 12,94 prósent. Sveitarfélögum er heimilt að leggja á allt að 13,03 prósenta útsvar.

# Hungurtíðni í Bandaríkjunum eykst

**Fimmtungur Bandaríkjamanna býr við matarskort. Ásókn eykst í mataraðstoð. Rætt um aðgerðir á þingi.**

**BANDARÍKIN, AP** Tæp tólf prósent Bandaríkjamanna búa við matarskort, eða 35,5 milljónir manna, samkvæmt tölum frá bandaríska landbúnaðarráðuneytinu frá 2006. Þar af eru börn 12,6 milljónir og fullorðnir 22,8 milljónir. Þriðjungur þessa hóps býr við „mjög lágt mataröryggi" sem merkir að það er mjög misjafnt hve mikið það fólk hefur að borða hverju sinni.

Ein mesta matarhátíð Bandaríkjamanna var í gær þegar þeir héldu upp á þakkargjörðina með tilheyrandi kalkúnaveislum. Á sama tíma bárust þær fréttir að ásókn í súpueldhús og mataraðstoð í New York, stærstu borg Bandaríkjanna, hefði aukist um tuttugu prósent frá því í fyrra. Gengur illa að mæta eftirspurninni víða um borgina, að því er hjálparsamtökin Bandalag New York-borgar gegn hungri greina frá.

Orsök aukningarinnar má meðal annars rekja til niðurskurðar stjórnvalda í mataraðstoð til fátækra að sögn Joel Berg, framkvæmdastjóra samtakanna. „Árleg könnun á mataraðstoð og súpueldhúsum sýnir að fleiri fjölskyldur vinnandi fólks, börn og eldri borgarar neyðast til að leita eftir mataraðstoð." Berg segir að þeim sem reiða sig á mataraðstoð hafi verið að fjölga í fyrra þegar efnahagurinn hafi staðið styrkum fótum og því komi það ekki á óvart að þeim fjölgi núna þegar efnahagurinn sé að veikjast. Í fyrra var skortur á mataraðstoð á 48 prósentum þeirra staða sem fólk getur snúið sér til í New York. Í ár eiga 59 prósent slíkra staða í vandræðum með að svara eftirspurn, að því er fréttavefur BBC greinir frá.

Demókratinn John Edwards kallaði eftir því við neðri deild Bandaríkjaþings í gær að tafarlaust yrði gripið til aðgerða til að fjármagna mataraðstoðaráætlanir. Edwards er einn þeirra sem sækjast eftir tilnefningu Demókrataflokksins til forseta Bandaríkjanna.
sdg@frettabladid.is

**Hungurtíðni eykst í BNA**

**Yfir 35,5 milljónir Bandaríkjamanna búa við hungur þrátt fyrir að heildarfjöldi fátækra hafi lækkað lítillega. Sjötti hver íbúi New York og tæplega fjórða hvert barn í Texas og Nýju Mexíkó búa við matarskort.**




Source: Second Harvest © GRAPHIC NEWS




Tyrkland og ESB:

## Erdogan heitir umbótum

**TYRKLAND, AP Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, hét því á þriðjudag að stjórn hans myndi hrinda frekari umbótum í framkvæmd til að nálgast aðildarskilyrði Evrópusambandsins.**

**„Við erum staðráðnir í að halda umbótaferlinu áfram," sagði hann á blaðamannafundi með slóvenskum starfsbróður sínum, Janez Jansa, sem var í heimsókn í Ankara. Slóvenar taka við formennskunni í ESB um áramót.**

**Í nýjustu matsskýrslu ESB á aðildarundirbúningi þeirra ríkja sem stefna að inngöngu er bent á að Tyrkir verði að taka sér tak í ýmsum réttarumbótum. - aa**



**ERDOGAN OG JANSA** FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# 3 ár með **Hive.**
# 3 milljarða **sparnaður!**

Þegar Hive hóf göngu sína fyrir þremur árum neyddust allir Íslendingar til að borga fyrir umfram niðurhal. Hive losaði þjóðina undan þessu oki með því að bjóða fyrstir allra upp á ótakmarkað niðurhal og í kjölfarið lækkaði verð á ADSL þjónustu um allt að 70%.

Samkvæmt hóflegum útreikningum hefur Hive því sparað þjóðinni a.m.k. 3 milljarða króna.*

Nú býður Hive einnig upp á ótakmörkuð símtöl í alla GSM og heimasíma, og símtöl til útlanda eru 70-90% ódýrari en hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum.

Hive mun halda áfram að gjörbylta fjarskiptamálum Íslendinga, berjast gegn fákeppni og spara fyrir heimilin í landinu. Lengi lifi Hive og til hamingju með afmælið.

*Útreikningar eru byggðir á notkunartölum síðustu 34 mánaða.

**Hive**
Síðumúla 32
108 Reykjavík
Þjónustusími 1817
www.hive.is
Sölustaðir:
Síðumúla 32
Digital Task
Grensásvegi 11

Hive

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




**Afl og hagkvæmni**

Það ríkir mikill friður og sátt á þeim heimilum sem eiga Skoda Octavia **TDI**®. Dísilvélin er í senn aflmikil og eyðslugrönn, með aðeins 4,9 lítra eyðslu á hverja hundrað kílómetra. Octavia **TDI**® er fáanlegur beinskiptur, sjálfskiptur og með sítengdu aldrifi.

**Það sem oftast er aukabúnaður er staðalbúnaður í þessum glæsilega bíl.**

- ESP stöðugleikakerfi og spólvörn
- aksturstölva
- tengi fyrir iPod
- sex hátalarar
- hanskahólf með kælibúnaði
- sex loftpúðar
- hraðastillir (cruise control)
- þokuljós í framstuðara
- armpúði milli framsæta
- hiti í sætum og speglum
- ISOFIX barnabílstólafestingar
- hæðarstillanleg framsæti

**Álfelgur og heilsársdekk fylgja, takmarkað magn!**

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

Utanríkisráðherra á fundi Sagnfræðingafélagsins:

# Vill breyta stjórnarskrá vegna EES

**EVRÓPUMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra vill láta breyta stjórnarskránni af því að í EES-samningnum felist framsal á fullveldi og hann megi ekki stangast á við stjórnarskrána. Þetta þurfi að gera fyrir næstu kosningar.

„Breytt umhverfi í alþjóðamálum kallar á breytingu á stjórnarskrá þannig að við getum deilt fullveldi okkar með öðrum þjóðum eins og almennt gerist. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að við gerum breytingar á stjórnarskránni þó að það geti auðvitað ekki gerst fyrr en fyrir næstu kosningar,“ sagði hún.



**EKKI „LANDSÖLUMENN“** Hægrimenn hafa verið uppteknir af því að sanna að þeir séu ekki „landsölumenn“, að mati Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra.

Ráðherrann flutti erindi í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands sem hét Minn staður er hér þar sem Evrópa endar. Í erindinu sínu benti hún á að Íslendingar hefðu alltaf verið á áhrifasvæði annarra ríkja og deilt fullveldi sínu með þeim.

Í umræðum um Evrópumál hefðu Íslendingar verið fastir í goðsögninni um að útlendingar væru að ásælast landið og myndu „skilja okkur eftir á berum bekk“. Þetta hefði sett mark sitt á þjóðina og hægrimenn hefðu í andstöðu sinni við ESB verið uppteknir af því að sanna að þeir væru ekki „landsölumenn“ í stað þess að ræða kalt um málið.

Utanríkisráðherrann gagnrýndi hugmyndina um að Ísland væri áhrifalaust smáríki og kvaðst upplifa að litið væri á það sem öflugt smærra ríki sem horft væri til. - ghs

Miðbærinn kemur illa út í skýrslu um afbrot á höfuðborgarsvæðinu:

# Lífsgæði á höfuðborgarsvæðinu einna lökust í miðbænum

**LÖGREGLUMÁL** Miðborg Reykjavíkur kemur ekki vel út í nýrri skýrslu sem unnin var fyrir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Stærst hlutfall íbúa miðborgarinnar þiggur fjárhagsaðstoð af fjórtán svæðum höfuðborgarsvæðisins, eða um 4,2 prósentum íbúa. Meðaltalið yfir allt höfuðborgarsvæðið er hins vegar innan við tvö prósent.

Um 38 prósent þeirra miðborgarbúa sem þiggja fjárhagsaðstoð frá borgaryfirvöldum eru atvinnulausir en fjórðungur þessa hóps er sjúklingar.

Meðalatvinnutekjur þar voru einnig þær þriðju lægstu árið 2005, eða 3.018.000 krónur á mann yfir árið. Það er rúmri milljón minna en sama ár á Seltjarnarnesi, þar sem meðalatvinnutekjur voru hæstar.

Í miðborginni voru einnig framin meira en fjörutíu prósent ofbeldisbrota sem tilkynnt var um til lögreglu tvö síðastliðin ár, sem og nær fjórða hvert fíkniefnabrot sem tilkynnt var á síðasta ári. Þar var einnig tilkynnt um flest innbrot og eignaspjöll á síðasta ári.

„Það er náttúrlega misjafnt hvað menn telja lífsgæði,“ segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri, „en ég tel hugsanlegt að þau brot sem fylgja skemmtanalífinu séu farin að hafa þau áhrif að íbúar séu farnir að hopa úr miðbænum. En við verðum líka að hafa það hugfast að þó að um 40 til 45 prósent ofbeldisbrota séu framin í miðbænum eiga um 80 prósent þeirra sér stað um helgar milli klukkan þrjú og sjö að nóttu til.“

Hann lagði þó áherslu á það líkt og skýrsluhöfundarnir, Rannveig Þórisdóttir og Benjamín Gíslason, að eftir því sem fólk þekkti miðbæinn betur, þeim mun síður stæði því stuggur af honum. „Hugsanlega hefur neikvæð umfjöllun fjölmiðla meðal annars þau áhrif að fólk telur sig síður öruggt í miðbænum því óttinn virtist aukast á sama tíma og brotum fækkaði.“



**SKÝRSLAN KYNNT Á LÖGREGLUSTÖÐINNI VIÐ HLEMM** Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir frá markmiðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en skýrsluhöfundarnir Rannveig Þórisdóttir og Benjamín Gíslason hlýða á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álftanes kemur hins vegar afar vel út í skýrslunni en hlutfall tilkynntra brota á síðasta ári er innan við hálft prósent í öllum þeim sjö flokkum sem brotin eru skilgreind eftir.

Stefán sagði að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefði sett sér það markmið að auka öryggistilfinningu fólks á svæðinu og til þess að ná þeim markmiðum yrði sýnileiki hennar aukinn til muna, hverfa- og grenndarlöggæsla efld og enn frekari áhersla lögð á gæði og skilvirkni rannsókna. - jse


















SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



**GÖTULEIKARI Í ASTEKABÚNINGI** Á Zocolo-torgi í Mexíkóborg mátti nú í vikunni sjá þennan götuleikara skrýddan astekabúningi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni:

# Hótaði að drepa lögreglumennina

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur karlmaður á Blönduósi hefur verið dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir að hóta að kyrkja, hengja og drepa lögreglumenn sem voru við skyldustörf.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa á bílastæði á Blönduósi hótað lögreglumanni lífláti með orðunum „Ég drep þig“. Þá ýtti hann við öðrum lögreglumanni á svæðinu og reyndi að slá til hans með krepptum hnefa.

Nokkrum mánuðum síðar hótaði maðurinn tveimur lögreglumönnum sem voru að flytja hann í lögreglubifreið til Blönduóss. Hann hótaði þeim ítrekað lífláti og líkamsmeiðingum, meðal annars með orðunum „Ég drep ykkur,“ og „ég ætla að lemja þig“. Þá hótaði hann að kyrkja og hengja lögreglumennina. Þá veittist hann að öðrum þeirra og sló ítrekað til hans með krepptum hnefa. Hann náði að kýla lögreglumanninn í höfuðið og í handleggina þegar sá síðarnefndi reyndi að verjast árásinni.

Maðurinn játaði brot sín fyrir dómi. Hann á að baki nokkurn sakaferil, þar á meðal umferðarlagabrot, fíkniefnabrot og líkamsárásir. Með afbrotum sínum nú rauf hann skilorð. Dómurinn var skilorðsbundinn til þriggja ára. - jss



**Í LÖGREGLUBIFREIÐINNI** Atvikin sem maðurinn var dæmdur fyrir áttu sér meðal annars stað í lögreglubifreið.

Rifrildi yfir fjarstýringunni:

# Stakk bróður sinn í kviðinn

**BANDARÍKIN, AP Tólf ára drengur réðst á þrettán ára bróður sinn með hníf og stakk hann vegna rifrildis um hvað horfa ætti á í sjónvarpinu. Eldri bróðirinn liggur alvarlega slasaður á sjúkrahúsi og sá yngri er í haldi lögreglunnar í Phoenix.**

**Bræðurnir höfðu verið að rífast yfir fjarstýringunni þegar sá yngri fór inn í eldhús og sneri til baka með tólf sentimetra langan hníf sem hann notaði til að stinga bróður sinn í kviðinn að sögn talsmanns lögreglunnar, Robs Howe. Sjö ára gömul systir bræðranna var í næsta herbergi.** - sdg

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Slæleg bílbeltanotkun

Lögreglan á Selfossi hafði afskipti af tíu ökumönnum á hálftíma í gær, sem ekki notuðu bílbelti við akstur. Lögreglan sinnti eftirliti með bílbeltanotkun á Engjavegi við Vallaskóla á Selfossi, en að sögn lögreglu gættu ökumenn þess að börn þeirra notuðu bílbelti.

ÁRBORG

### Jólahressing í boði

Íbúum á Selfossi og annars staðar í Árborg mun verða boðið upp á hressingu þegar jólasveinarnir birtast í byggð á aðventunni. Þetta er hluti af samstarfi sveitarfélagsins við ýmsa aðila um viðburði á komandi aðventu.

BANDARÍKIN

### Hraðfundur öldungadeildar

Öldungadeild Bandaríkjaþings kom saman á þriðjudag, en fundi var slitið eftir aðeins 22 sekúndur. Með fundinum kom meirihluti demókrata í veg fyrir að Bush forseti notfærði sér þinghlé í tilefni af þakkargjörðardegi til að skipa umdeilda menn í laus embætti, eins og hann hefur áður gert.


## Kynbundinn launamunur
## Aðferðir til úrbóta

### Ráðstefna 23. nóvember 2007

Jafnréttisstofa í samstarfi við Ár jafnra tækifæra og félagsmálaráðuneytið efnir til ráðstefnunnar *Kynbundinn launamunur - Aðferðir til úrbóta* þann 23. nóvember kl. 13-16 í Sunnusal Hótel Sögu. Kynntar verða niðurstöður rannsóknar á kynbundnum launamun sem unnin var upp úr gögnum Hagstofu Íslands um atvinnutekjur þjóðarinnar. Í rannsókninni voru skoðaðar atvinnutekjur og heildartekjur kynjanna, eftir hjúskaparstöðu, aldri og búsetu. Einnig verða ræddar ólíkar aðferðir sem notaðar hafa verið til að vinna bug á þessum vanda sem kynbundinn launamunur er.

**Dagskrá:**

13:00 Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, setur fundinn

13:10 **Tekjumunur karla og kvenna: Upplýsingar úr skattframtölum**
Ingólfur V. Gíslason, sviðsstjóri rannsóknarsviðs Jafnréttisstofu.

13:45 **Kynjavöktun í aðdraganda kjarasamninga**
Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ

14:05 **Áform og aðgerðir - til að greina og eyða kynbundnum launamun**
Sigríður Lillý Baldursdóttir, starfandi forstjóri Tryggingarstofnunnar

14:25 **Kaffihlé**

14:45 **Tala minna – gera meira**
Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs Skýrr

15:05 **Markvissar aðgerðir skila árangri**
Anna Jörgensdóttir, starfsmannastjóri Hafnarfjarðarbæjar

15:25 **Pallborðsumræður**

**Fundarstjóri:** Mörður Árnason

***Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis***

Jafnréttisstofa

Evrópuár jafnra tækifæra 2007

Félagsmálaráðuneytið




**BÓLUSETNINGAR** Svanur segir of algengt að foreldrar neiti börnum sínum um þá vörn sem bólusetningar veita. Færist þetta enn frekar í vöxt geti faraldrar blossað upp að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

Læknir segir nýaldarfræði varhugaverða:

# Foreldrar hafna bólusetningu barna

**HEILBRIGÐISMÁL** Svanur Sigurbjörnsson lyflæknir segir að of mikið sé um að foreldrar neiti börnum sínum um bólusetningar. Ástæðuna fyrir því telur hann vera þá hve nýaldarfræði hafa hlotið mikinn hljómgrunn hér á landi. Talsmenn þeirra ali á ótta gagnvart læknisfræði en haldi að fólki loforðum um að blómadropar og hómópataremedíur geti gert sama gagn og lyf og bólusetningar.

„Mér finnst þessi gervivísindi í mikilli sókn hér á landi. Það er erfitt fyrir leikmanninn að greina á milli þess sem er rétt og rangt í þessum efnum,“ segir hann.

Svanur segir að þótt hann hafi ekki viljað deila við þá foreldra sem hafi ákveðið að neita börnum sínum um bólusetningu telji hann það skyldu sína barnanna vegna að reyna að tala foreldrana af skoðun sinni. Hann hafi hlustað eftir þeim kenningum sem foreldar báru við gegn bólusetningum, kannað réttmæti þeirra og komist að því að ekki voru til neinar vísindalegar sannanir sem studdu skoðanir þeirra.



**SVANUR SIGURBJÖRNSSON**

„Það eru ekki til neinar haldbærar rannsóknir sem sanna tengsl einhverfu eða kvikasilfurseitrunar sem mest er haldið á lofti,“ segir Svanur. Hann segist einnig hafa reynslu af því að þeir sérfræðingar sem mæli til að mynda með blómadropameðferð og hómópatíu virðist hvorki vita hvað bólusetning sé né hverju hún hafi komið til leiðar. Þær milljónir manna sem bólusetningar hafi bjargað frá dauða og örkumlum verði seint taldar. „Það er alvarlegt að fólki sé lofað bata og öryggi án þess að nokkrar sannanir liggi að baki,“ segir Svanur. - kdk




KNAUS SPORT 450 FU 4 manna **2.199.000.-** KNAUS SPORT 500 QDK 6 manna kojuhús **2.344.900.-** LMC MÜNSTELAND 475 RD 4 manna **2.685.000.-** LMC CASA FAMILIA 720 RBK 7 manna kojuhús **3.398.900.-**

Anders Fogh Rasmussen stokkar upp í stjórninni:

# Orku- og umhverfis-mál sameinuð

**DANMÖRK** Flest bendir til að Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hyggist stokka upp stjórn sína. Ráðherrar munu sem fyrr koma úr Venstre og Íhaldsflokknum.

Samkvæmt heimildum danskra blaða á að færa orkumál undir umhverfisráðuneytið og skapa þannig öflugt ráðuneyti í loftslagsmálum en alþjóðlega loftslagsráðstefnan fer fram í Kaupmannahöfn árið 2009. Þykir líklegast að Connie Hedegaard Íhaldsflokknum taki við því embætti.

Að sögn politiken.dk þarf Lene Espersen, sem er keppinautur Hedegaard um „krónprinsessuhlutverkið“ í Íhaldsflokknum, þá líka að fá áhrifameiri ráðherrastól en dómsmálin, sem hún hefur gegnt. Þykir sennilegt að hún taki við í utanríkisráðuneytinu. Lars Lökke Rasmussen, varaformaður Venstre, þykir líklegur til að taka við fjármálaráðuneytinu.

Hið nýkjörna þing kemur fyrst saman hinn 27. nóvember og Fogh hyggst hafa kynnt nýja ríkisstjórn fyrir þann tíma. **- aa**




SAFT
Heimili og skóli
PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN
Netöryggi.is
Barnaheill
www.saft.is
NETSVAR


## ERLENT

Rússland

### Lugovoi

Andrei Lugovoi, rússneski kaupsýslumaðurinn sem bresku lögreglluna grunar að hafi myrt Alexander Litvinenko með geislavirku efni í London á síðasta ári, segir að Litvinenko hafi verið svikari: „Hvernig er hægt að tala um manninn sem rithöfund þegar hann var svikari á launum hjá bresku leyniþjónustunni?“ spyr Lugovoi, sem nú er í framboði til rússneska þingsins fyrir þjóðernisflokk Vladimirs Shirinovskís.



Frakkland

### Hætta verkföllum

Járnbrautarstarfsmenn í Frakklandi samþykktu í gær að hætta verkfalli sem staðið hefur í níu daga og lamað samgöngur í landinu. Samningaviðræður hófust á miðvikudaginn og þar var tekin ákvörðun um það hvernig framhaldi viðræðna yrði háttað. Að öllum líkindum fylgja fleiri verkalýðsfélög fordæmi járnbrautarverkamanna og mæta aftur til vinnu.

Ísrael

### Mótmæltu á nærfötunum

Andstæðingar kjarnorkuvopna sviptu sig klæðum á ráðstefnu um kjarnorkuvopn sem haldin var í Ísrael í gær. Þegar Shimon Peres forseti gekk í salinn til að flytja ræðu stóðu mótmælendurnir á nærfötunum einum saman. „Ég held þeir ættu að draga úr loftræstingunni hérna,“ sagði Peres og hló eftir að mótmælendurnir höfðu verið leiddir úr salnum. „Ég hafði svolitlar áhyggjur af heilsufari þeirra.“



## ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu 19. nóvember birtist frétt um hnúfubak þar sem rætt var við Gísla Víkingsson, sérfræðing á Hafrannsóknastofnun. Áréttað skal að í fréttinni var sagt að tegundin æti allt að milljón tonn af loðnu og var það talnaleikur blaðamanns eftir fyrirliggjandi gögnum. Gísli vill að eftirfarandi komi fram. „Raunveruleikinn er sá að við höfum ekki séð okkur fært að meta afrán hnúfubaks hér við land að neinni nákvæmni vegna skorts á ýmsum upplýsingum sem mikilvægar eru í slíkum útreikningum. Samkvæmt nýjasta matinu voru hnúfubakar við landið á bilinu 9-30 þúsund einstaklingar (besta mat 14 þús.). Þar sem útreikningar á áti byggjast á lífþyngd stofnsins skiptir augljóslega miklu máli hvort miðað er við 9 þús. eða 30 þúsund dýra stofn. Þá er lítið vitað um viðverutíma hnúfubaksins við landið og fæðuval er nánast óþekkt eins og fram kemur í fréttinni. Af þessu má ráða að jafnvel einföldustu útreikningar á heildaráti hnúfubaks hér við land verða mjög ónákvæmir miðað við núverandi stöðu þekkingar.“


MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónusta

BYLTING Á SVIÐI INNHEIMTUÞJÓNUSTU
- aðeins hjá Momentum

Momentum hefur nú í samvinnu við Kaupþing einfaldað mjög uppgjör á kröfum sem ekki fást greiddar á gjalddaga.

- *Kröfur, sem Kaupþing innheimtir, flytjast sjálfkrafa til Momentum ef þær hafa ekki verið greiddar á gjalddaga.*
- *Greiðsla fer beint inn á reikning kröfuhafa – þitt er þitt, strax!*
- *Kröfuhafi sækir aðeins eina skilagrein til bankans.*
- *Kostnaður rekstraraðila er enginn og fyrirhöfnin sú sama og ef einungis væri um bankaviðskipti að ræða.*
- *Einfaldara getur það ekki verið!*

*Rekstraraðilar!*

*Nýtið ykkur þjónustu þar sem sérhæfðir aðilar fylgjast grannt með hverri kröfu, allt frá því að hún er stofnuð og þar til hún er greidd.*

ARGUS 07-0871

Momentum greiðslu- og innheimtuþjónusta ehf. | Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík | Sími: 510 7700 | momentum@momentum.is

# 30-90% afsláttur




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.562kr
Bókatíðindaverð 5.480,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.130kr
Bókatíðindaverð 4.480,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.583kr
Bókatíðindaverð 3.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.486kr
Bókatíðindaverð 4.980,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.237kr
Bókatíðindaverð 4.980,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.990kr
Bókatíðindaverð 4.280,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.580kr
Bókatíðindaverð 3.980,-




58%* afsláttur
TILBOÐ 2.490kr
Bókatíðindaverð 5.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140kr
Bókatíðindaverð 4.490,-



30%* afsláttur
TILBOÐ 2.080kr
Bókatíðindaverð 2.980,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 1.481kr
Bókatíðindaverð 2.280,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.380kr
Bókatíðindaverð 1.980,-

Allir titlar til í Smáralind, Kringlu og Skeifu,
minna í öðrum búðum

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.

Gildir til og með 25. nóvember.

# af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.045kr
Bókatíðindaverð 4.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.996kr
Bókatíðindaverð 4.280,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.140kr
Bókatíðindaverð 4.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.253kr
Bókatíðindaverð 1.790,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490kr
Bókatíðindaverð 4.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 1.870kr
Bókatíðindaverð 2.890,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.880kr
Bókatíðindaverð 2.690,-




90%* afsláttur
TILBOÐ 199kr
Bókatíðindaverð 1.999,-

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

„ORÐRÉTT“

*Söguslóðir róna*

**„Ég mun sakna húsanna. Þetta er að mörgu leyti mjög sérstakt hverfi þarna þar sem nokkrir af frægustu rónum landsins bjuggu.“**

GUÐMUNDUR TÝR ÞÓRARINSSON Í GÖTUSMIÐJUNNI SÉR EFTIR HÚSUNUM Í GUNNARSHOLTI.

Vísir.is 22. nóvember

*Ólympus auðmanna*

**„Það ætti kannski frekar að búa til sérstakt friðland fyrir auðmenn, gefa þeim eins og eitt fjall, sem við getum horft upp til í aðdáun eða fyrirlitningu.“**

VAL GUNNARSSYNI, RITHÖFUNDI, ÞYKIR AUÐMENN BEST GEYMDIR Á KÁRAHNJÚKUM.

Fréttablaðið 22. nóvember

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ADDA STEINA BJÖRNSDÓTTIR, VERKEFNISSTJÓRI HJÁ BISKUPSSTOFU

## *Farin að undirbúa aðventuna*



„Ég er farin að undirbúa aðventu og hlakka til jólanna. Í dag skrifaði ég pistil á www.tru.is um góðverkadagatal sem við hengjum upp heima í stað hefðbundins jóladagatals og ég fékk svona aðventufiðring,“ segir Adda Steina Björnsdóttir, verkefnisstjóri upplýsinga- og samkirkjumála hjá Biskupsstofu.
„Annars hef ég undanfarið séð um námskeið hjá Leikmannaskóla Þjóðkirkjunnar um trúarbrögð á Íslandi. Þar fæ ég meðal annars fulltrúa ýmissa trúfélaga til að koma og segja frá. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt því að oft fylgir hópur með frummælanda. Um daginn voru til dæmis fjölmargir múslimar og nokkrir Bahá'íar á námskeiðinu og mjög líflegar umræður. Næst verða fulltrúar Ásatrúarfélagsins og búddistar.
Núna er ég að leggja lokahönd á fréttablað Þjóðkirkjunnar, Viðförla, sem kemur út fjórum sinnum á ári. Þá get ég strikað það út af verkefnalistanum sem liggur fyrir framan mig og inniheldur upplýsingamál, erlend samskipti, skýrslur og margt sem snertir samstarf við önnur kristin trúfélög og önnur trúarbrögð. Hér er alltaf meira en nóg að gera en það róast yfirleitt hér á skrifstofunni í desember því að þá fer allt í annan gír og hvorki starfsfólk kirknanna né aðrir hafa tíma til að tala við okkur vegna anna.
Ég er að myndast við að vera í námi í Háskólanum og nýti kvöld og helgar í það. Annars held ég að þessi hugmynd um nám með vinnu sé alls ekki góð – maður er alltaf á síðasta snúningi og þetta er ógurlegt stress. En ég trúi alltaf á betri tíð og núna er hún handan hornsins – aðventan og jólin.“

**SJÓNARHÓLL**
GENGI ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐSINS Í KNATTSPYRNU

## *Misstu sjálfstraustið*



GUNNAR ÖRLYGSSON

„Það er engum blöðum um það að fletta að gengi íslenska landsliðsins hefur verið afar slakt og undir öllum væntingum sem til þess eru gerðar,“ segir Gunnar Örlygsson, fyrrverandi alþingismaður, sem nú er í feðraorlofi. Málefni karlalandsliðsins í knattspyrnu hafa verið mikið til umræðu og hefur Gunnar, sem er fyrrverandi körfuknattleiksmaður, fylgst vel með þeim.
„Ég hef hins vegar fulla trú á því að Ólafur Jóhannesson nái að byggja upp gott landslið sem byggja mun á góðum varnarleik og svo skyndisóknum. Ég sá nokkur batamerki í leik landsliðsins gegn Dönum en þó er allt of snemmt að fara að dæma verk þjálfarans svo skömmu eftir að hann tekur við.“
Gunnar hefur skoðun á því hvað veldur þessu slaka gengi landsliðsins.
„Það er nú einu sinni þannig í íþróttunum að þegar mönnum gengur illa þá missa menn sjálfstraust og þá rúllar óheppnin eins og snjóbolti sem safnar utan á sig og erfitt er að stoppa hana.“

# Ekkert trúfélag gyðinga á Íslandi

**Fjöldi trúfélaga á Íslandi hefur tvöfaldast á tæpum tuttugu árum. Gyðingar á Íslandi hafa ekki formlegt trúfélag. Forsvarsmaður þeirra segir lítinn áhuga á stofnun trúfélags enda sé erfitt að iðka hér trú sína eftir reglum gyðinga.**

Fjöldi trúfélaga hefur tvöfaldast á Íslandi frá árinu 1990. Þá voru þau fjórtán talsins en 29 í fyrra. Á þessum sextán árum hafa bæst við trúfélög á borð við Heimsfriðarsamtök fjölskyldna, Baptistakirkjuna og Félag múslíma á Íslandi. Enginn gyðingur hefur hins vegar verið skráður í sérstakt trúfélag gyðinga á þessum tíma.

Michael Levin hefur verið í forsvari fyrir gyðinga á Íslandi. Hann segir að gyðingarnir hafi með sér lauslegan og mjög óformlegan félagsskap en þeir séu svo fáir á Íslandi að ekki sé hægt að skrá sérstakt trúfélag fyrir þá. Til þess þurfi ákveðinn lágmarksfjölda og þótt undanþága fengist hjá Hagstofunni sé áhuginn ekki nægur. Það hafi verið kannað.

„Ég hef búið hér í tuttugu ár og það er einhver starfsemi í gangi en fólk kemur og fer,“ segir hann. „Trúfélagið starfar mjög lauslega í dag og það hefur breyst lítið.“

Michael segir að á Íslandi séu tiltölulega fáir menn gyðingatrúar og engin hjón, aðeins einhverjir sem eru giftir Íslendingum. Enginn þeirra hafi menntun eða leyfi til þess að vera rabbíni.

„Það er líka mjög erfitt að vera gyðingur á Íslandi og sinna trúnni. Það eru vissar reglur sem þarf að fara eftir, til dæmis í mataræði, og það er voðalega erfitt. Það er helst ef maður er grænmetisæta. Hér eru heldur engin samkomuhús þannig að þetta vindur upp á sig,“ segir hann og telur nánast ógjörning fyrir heittrúaða gyðinga að búa á Íslandi og sinna trúnni. Þeir hljóti að gefast upp.

Michael segir gyðingana hafa reynt að sinna siðum og reglum gyðinga við sérstök tækifæri, til dæmis við andlát. „Við höfum farið eftir okkar reglum og reynt að standa okkur í því. Svo hefur verið ein og ein ferming og það er kannski allt í lagi að það sé hægt að fermast samkvæmt trúnni. En þetta er allt mjög lauslegt og mjög takmarkaður áhugi,“ segir hann.

Þegar listi yfir trúfélög landsmanna er skoðaður kemur í ljós að félagafjöldinn var mjög misjafn og nokkur félög með innan við fimmtíu trúfélaga í fyrra. Þannig voru til dæmis Heimsfriðarsamtök fjölskyldna með fjóra trúfélaga, Reykjavíkurgoðorð með átján og Samfélag trúaðra með 40. Rúmlega 350 eru skráðir í Félagi múslíma á Íslandi. Tæplega átján þúsund voru skráðir í öðrum trúfélögum og ótilgreindum og átta þúsund utan trúfélaga.

ghs@frettabladid.is

> Það eru vissar reglur sem þarf að fara eftir, til dæmis í mataræði.
>
> MICHAEL LEVIN
> FORSVARSMAÐUR GYÐINGA Á ÍSLANDI.

**MINNSTU TRÚFÉLÖGIN**
**Fjöldi trúfélaga 2006**

| | |
|---|---|
| Heimsfriðarsamtök fjölskyldna | 4 |
| Reykjavíkurgoðorð | 18 |
| Baptistakirkjan | 31 |
| Samfélag trúaðra | 40 |
| Sjónhæðarsöfnuður | 59 |
| Zen á Íslandi - Nátthagi | 63 |

Heimild: Hagstofa Íslands



**FÁIR GYÐINGATRÚAR** Michael Levin, forsvarsmaður gyðinga á Íslandi, segir að fáir séu gyðingatrúar á Íslandi.

## MATARÆÐI GYÐINGA

Gyðingar hafa sitt eigið mataræði. Þeir borða ekki svínakjöt eða afurðir sem innihalda dýrafitu. Þeir blanda fæðutegundum ekki saman og meðhöndla matinn eftir sérstakri hefð sem kölluð er „kosher“.
Þeir leggja áherslu á grænmeti, ávexti og fisk í mataræði sínu, snæða ekki skeldýr og blanda ekki saman blóði og mjólkurmat. Þeir hafa sérstakar reglur sem gilda um brauð og notkun hnífapara.
Gyðingar hafa sérstakar hefðir, til dæmis um nafngjöf. Faðir gefur barni nafn á áttunda degi eftir fæðingu og er sonur umskorinn við það tækifæri.
Trúarlíf gyðinga stjórnast af almanaki með fjölda hátíða. Hvíldardagur er á laugardögum. Miðstöð trúarathafna er sýnagógan en guðsþjónustu er hægt að halda í heimahúsi. Alls staðar þar sem tíu gyðingar koma saman er hægt að halda fullgilda guðsþjónustu, eftir því sem fram kemur á Wikipediu.



**ERFITT MEÐ MATARÆÐIÐ** Gyðingar hafa ekki með sér formlegt trúfélag á Íslandi. Michael Levin, forsvarsmaður þeirra, segir að erfitt sé að vera virkur í trúnni á Íslandi því að hér séu engin samkomuhús og erfitt að fara eftir þeim reglum sem gilda, til dæmis í mataræði.

Hringdu í síma
512 50 60




ef blaðið berst ekki

# HÁTÍÐ ER Í BÆ

**Samsung heimabíó**
HTQ-100W
· 300W Magnari
· Dolby Digital-, Prologic II-, DTS
· FM-útvarp með RDS og 15 stöðva minni
· DVD-R, DVD-RW, MP3, JPEG DIVx
· HDMI-útgangur með línutvöföldun (720p/1080i)
· USB-inngangur MP3, JPEG
**Verð: 59.900,-**

SAMSUNG



**Samsung heimabíó**
HTXQ-100
· 500W Magnari
· Dolby Digital-, Prologic II-, DTS
· FM-útvarp með RDS og 15 stöðva minni
· DVD-R, DVD-RW, MP3, JPEG DIVx
· HDMI-útgangur með línutvöföldun (720 p/1080i)
· USB-inngangur MP3, JPEG
**Verð: 69.900,-**

SAMSUNG



# MAGNAÐAR HLJÓMFLUTNINGS...GRÆJUR!

SHARP



**Geislaspilari, útvarp og kassettutæki**
XL-MP2H
· Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða
· Magnari: 2 x 5W RMS
· AM/FM útvarp með RDS
· Vekjaraklukka
· Tónjafnari
· Einföld og þægileg fjarstýring
**Verð kr. 12.900,-**

SHARP



**Geislaspilari, útvarp og kassettutæki**
XL-UR5H
· Fyrirferðalítil og skemmtilega hönnuð stæða.
· Spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· USB tengi og SD kortarauf
**Verð kr. 17.900,-**

SHARP



**Hljómflutningstæða**
XL-UH220H
· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x50W RMS
· USB tengi · Spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
· 6 tónjafnarastillingar · X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring
**Verð kr. 29.900,-**

Jamo

**Hágæða hljómtækjastæða**
S260 HCS 21
· 2x 65W hátalar · 200W bassabox
· Spilar DVD, CD, MP3, DivX, Xvid o.fl./ FM/AM útvarp með RDS
· Aux-inngangur · USB inngangur · Magnari: 5x65W rated - 200W magnara
· Útgangar: SCART, Component, S-Video og composite
**Verð kr. 69.900,-**





Jamo

**Stereo hljómtæki fyrir iPod**
I-200
· Fáanleg hvít eða svört
· Hægt að festa á vegg eða láta standa á borði
· Möguleiki á að bæta við bassaboxi
**Verð kr. 19.900,-**

Pioneer

**HEIMABÍÓ**
DCS-363
· 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
· 360W magnari (6 x 60W RMS)
· HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
· Spilar alla DVD og CD diska, Mp3, WMA, JPeg og DivX
**Verð: kr. 49.900,-**



Pioneer

**HEIMABÍÓ**
DCS-360
· 5.1 rása heimabíókerfi
· DVD spilari og FM útvarpi
· 360W magnari (6 x 60W RMS)
· HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
· Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX
· USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surround-kerfi
**Verð: kr. 69.900,-**



GERÐU KRÖFUR
– VIÐ HLUSTUM Á ÞIG

# ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | VÍK-EGILSSTÖÐUM | VÍK-NESKAUPSTAÐ | VÍK-REYÐARFIRÐI | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | HÚSAVÍK |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 464 1515 |

## Svona erum við

> Fjöldi sýningargesta í atvinnuleikhúsum




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** SKOTVOPNAEIGN Í BANDARÍKJUNUM

# *Hæstiréttur fjallar um rétt til byssueignar*

Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur ákveðið að taka til meðferðar deilur um það hvort stjórnarskráin banni allar takmarkanir á byssueign einstaklinga eða hvort hún heimili einungis ríkjum Bandaríkjanna að koma sér upp vopnuðum varðliðasveitum. Þetta hefur lengi verið eitt af heitustu deilumálum bandarískra stjórnmála.

**Hvað eru byssurnar margar?**
Um það bil sextíu milljónir manna í Bandaríkjunum eiga skotvopn, eitt eða fleiri. Byssa er til á næstum því helmingi allra bandarískra heimila. Ekki er vitað hve mörg skotvopn eru í eigu einstaklinga í Bandaríkjunum, en alríkislögreglan FBI telur að þau geti verið um 200 milljónir talsins. Skotvopn koma oftar við sögu í ofbeldis- og manndrápsmálum í Bandaríkjunum en í nokkru öðru vestrænu ríki.



**Hvað segir stjórnarskráin?**
Önnur grein mannréttindakafla bandarísku stjórnarskrárinnar hljóðar svo: „Með því að landvarnalið með góðu skipulagi er nauðsynlegt fyrir öryggi frjálsra ríkja skal réttur þjóðarinnar til að eiga og bera vopn óskertur látinn.“

Skotvopnaeigendur eru öflugur þrýstihópur í Bandaríkjunum. Þeir telja hverjum manni nauðsynlegt að eiga byssu til að verja sig. Byssueign teljist til mannréttinda og eðlilega séu þau réttindi varin í stjórnarskrá. Aðrir segja ákvæðið einungis tryggja það að ríki Bandaríkjanna geti haldið úti vopnuðu herliði í varnarskyni.

**Hvers vegna til Hæstaréttar?**
Í höfuðborginni Washington hefur bann við skotvopnaeign verið í gildi í rúm þrjátíu ár. Áfrýjunardómstóll komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að þetta bann bryti í bága við stjórnarskrána. Umfjöllun Hæstaréttar um málið gæti orðið til þess að byssueign í Bandaríkjunum verði meðal stærstu kosningamálanna fyrir þing- og forsetakosningar næsta haust.

**SPURT & SVARAÐ**
RÁNIÐ Í SUNNUBÚÐ

## *Velkomnir ef þeir iðrast*

Þórður Björnsson, kaupmaður í Sunnubúð, hefur þegar hitt einn drengjanna sem rændu verslun hans á sunnudagsmorgun. Þórður vill þó ekki erfa ránið heldur telur hann vænlegra að reynt verði að koma vitinu fyrir drengina.



**ÞÓRÐUR BJÖRNSSON**
Kaupmaður

**Hvers vegna viltu hitta ræningjana?** „Ég vil bara fyrirgefa þeim ef þeir iðrast og segja þeim að þeir séu velkomnir í verslunina hjá mér svo lengi sem þeir greiða fyrir vörurnar. Ég held að ef þessir strákar sjái eftir þessu og lofi að gera þetta ekki aftur hafi það mun betri áhrif heldur en að þeir séu lokaðir inni. Það verða ekki fleiri afskipti af þessu máli af minni hálfu, lögreglan sér bara um hitt. Ég var nú enginn engill sem krakki þótt ég hafi nú ekki leiðst út í svona.“

**Hvað hefur þú hitt marga af ræningjunum?** „Tvær mömmur hafa haft samband við mig og önnur þeirra mætti til mín ásamt stráknum. Ég held að hún hafi tekið miklu meira nærri sér að litli strákurinn hennar hafði tekið upp á þessu heldur en hann.“

# Ráðherra fallegra en ráðgjafi

**Orðið „ráðherra“ hefur verið bundið í stjórnarskrá Íslands frá árinu 1904 og eru elstu heimildir um notkun orðsins á Íslandi frá árinu 1540. Lagt hefur verið til að orðinu verði skipt út fyrir orð sem geti átt við um bæði kynin þar sem orðið „herra“ sé í þessu samhengi bæði málfræðilega rangt og tímaskekkja.**



**SÉÐ FRÁ AUSTURVELLI** Dómkirkjan og Alþingishúsið séð frá Austurvelli um aldamótin 1900, um það leyti sem alþingismenn tókust á um heimastjórn á Íslandi. MYND/SIGFÚS EYMUNDSSON

Þingsályktunartillaga hefur verið lögð fram á Alþingi um að þörf sé á nýju starfsheiti fyrir ráðherra. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, er flutningsmaður tillögunnar.

Í greinargerð með tillögunni er bent á að orðið „ráðherra“ beri þess merki að æðsta stjórn landsins sé í höndum karla, enda hafi það verið svo að frá stofnun lýðveldisins og fram til ársins 1970 gegndi engin kona embættinu. Þá bæði stríði það gegn málvitund Íslendinga að kona sé herra og sé merkingarlega útilokað, á sama hátt og karl getur ekki verið frú.

Málið er nú lagt fram í annað sinn en það hlaut ekki afgreiðslu þegar það var lagt fram í fyrra skiptið, á 123. löggjafarþingi árin 1998 til 1999. Flutningsmenn þá voru Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Svavar Gestsson.

### Elsta heimild 467 ára gömul

Elsta íslenska heimildin um notkun orðsins ráðherra nær aftur til ársins 1540 samkvæmt ritmálsskrá Orðabókar Háskóla Íslands. Í þýðingu Odds Gottskálkssonar biskups á Nýja testamentinu segir „Ioseph af Arimathia einn edlu borinn rad herra.“

Samkvæmt íslenskri orðabók merkir „ráðherra“: 1. sá sem á sæti í ríkisstjórn; 2. öldungur í ráði, ráðgjafi konungs. Sigurður Líndal lagaprófessor segir orðið dregið af setu í æðstu ráðum. „Sá sem sat í konungsráði eða ríkisráði var ráðgjafi eða ráðherra. Í ríkisráðinu sátu tilteknir aðalsmenn og biskupar. Íslenskir biskupar sátu til dæmis í ríkisráði Noregs.“

Sigurður segir að orðið ráðgjafi hafi áður fyrr verið notað á Íslandi yfir það sem við köllum ráðherra. „Mig grunar að þetta hafi verið arfur frá einveldi konungs þegar ráðgjafar voru ráðgjafar konungs meðan konungur hafði endanlegt vald.“

### Fest í lög 1. febrúar árið 1904

Orðið „ráðherra“ var fest í lög með stjórnarskrárbreytingunni sem leiddi til heimastjórnarinnar á Íslandi árið 1904 að sögn Helga Bernódussonar, skrifstofustjóra Alþingis. Stjórnarskrárfrumvarp var fyrst lagt fram á Alþingi árið 1902 þar sem það var samþykkt og staðfest á nýju þingi árið 1903. Stjórnarskrárbreytingin tók síðan gildi 1. febrúar árið 1904.

„Í fyrra skiptið sem Alþingi fjallaði um stjórnarskrárfrumvarpið, á þinginu árið 1902, var flutt breytingartillaga við 2. umræðu í neðri deild. Stjórnarskrárnefndin, eða meirihluti hennar, flutti breytingartillögu þess efnis að í stað orðsins „ráðgjafi“ kæmi „ráðherra Íslands“. Ráðgjafi var íslenska þýðingin á danska orðinu „minister“.



**SIGURÐUR LÍNDAL**
prófessor



**HELGI BERNÓDUSSON**
skrifstofustjóri



**GUÐLAUGUR GUÐMUNDSSON**
þingmaður



**LÁRUS H. BJARNASON**
þingmaður

### Ráðherra frekar en ráðgjafi

Það var Lárus H. Bjarnason, framsögumaður stjórnarskrárnefndarinnar, sem gerði grein fyrir breytingartillögunni með þessum orðum: „Orðið ráðherra er bæði fallegra orð en ráðgjafi og táknar betur vald hans. Á meðan konungur var einvaldur þá var orðið ráðgjafi réttnefni en eins og valdinu er nú háttað þá á ráðherranafnið betur við.“

Rök Lárusar fyrir breytingunni voru þau að orðið ráðgjafi ætti ekki lengur við þegar konungur hefði látið völd sín af hendi til lýðræðislega kjörinna fulltrúa og því væri eðlilegra að breyta orðinu úr „ráðgjafi“ í „ráðherra“ að sögn Helga. „Það er þó ljóst að orðið „ráðherra“ hafði verið notað í máli manna og í blöðum á Íslandi áratugum saman en það hafði ekki áður verið notað í lagamáli. Svo þegar stjórnarskrárbreytingin kemur til um að Ísland skuli hafa ráðgjafa þá breyta þeir orðinu í ráðherra.“

### Gagnslaust og ástæðulaust

Ekki virðist hafa verið andstaða við breytingartillögu Lárusar en framsögumaður minnihluta, Guðlaugur Guðmundsson, sagði þó um þær að hann áliti þær „meinlausar, en gagnslausar og ástæðulausar“.

Frumvarpið var síðan lagt aftur fram eftir kosningar árið 1903 og samþykkt óbreytt.

### Breyting á stjórnarskránni

Orðið „ráðherra“ kemur alls tuttugu sinnum fyrir samanlagt í þrettán greinum stjórnarskrárinnar og verði tillagan samþykkt kallar það á stjórnarskrárbreytingu. Ekki er stungið upp á nýju orði í stað „ráðherra“ í þingsályktunartillögu Steinunnar Valdísar heldur lagt til að leitað verði eftir tillögum hjá Íslenskri málnefnd og heimspekideild Háskóla Íslands til dæmis. Einnig að fram fari samkeppni um verðugt orð „yfir þessu mikilvæga embætti þjóðarinnar sem konur hljóta að gegna í æ ríkari mæli á komandi árum“.



FRÉTTASKÝRING
SIGRÍÐUR D. GUÐMUNDSD.
sdg@frettabladid.is

Góður hundur á gott skilið



- Hunda nammi (harðfisktöflur)
- Hunda bitafiskur
- Íslensk framleiðsla úr úrvals hráefni.

Fæst í Bónus

BÓNUS

PLEASE PET NUTRITION

NATURAL 100% PRODUCT

# RAFMÖGNUÐ JÓL



HRISTIVÖRN
VATNSVÖRN

OLYMPUS

7.1 MILLJÓN PUNKTA

**Olympus MJU790SWBL**
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, vatnsheld að 3m dýpi, höggheld úr 1.5m hæð, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 6.7 - 20.1mm linsa, 2,5" LCD skjár, frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB og 14.7MB innra minni. Tekur xD kort.

VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ



7.1 MILLJÓN PUNKTA

**Olympus FE210**
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, 15 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa, USB og 9MB innra minni. Tekur xD kort. 122g.

VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ



8 MILLJÓN PUNKTA

2 LITIR – SVÖRT OG SILFUR

**Olympus FE280SIL**
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, 20 Scene Modes Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa USB 2.0 og 40MB innra minni. Tekur xD kort. 108g.

VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ



8 MILLJÓN PUNKTA

3 LITIR – BLÁ, SVÖRT OG SILFUR

**Olympus MJU820**
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu, 2,7" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 8 myndstærðum, 20 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa, USB og 28,4MB innra. Tekur xD kort.

VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ



12 MILLJÓN PUNKTA

**Olympus FE300SV**
Digital MYNDAVÉL með 12 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingumhreyfimyndatöku, 4 myndstærðir, 17 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa USB og 40MB innra minni. Tekur xD kort. 115g.

VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ



7.1 MILLJÓN PUNKTA

2 LITIR – SVÖRT OG SILFUR

**Olympus MJU830SIL**
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 5x Optical og 5.6x Digital Zoom, 6.4 - 32mm linsu, 2,7" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 8 myndstærðum, 20 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa, USB og 47MB innra. Tekur xD kort.

VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ



7.1 MILLJÓN PUNKTA

**OLYMPUS SP550UZ**
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, 18x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom, 4,7 - 84,2mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og þemur Manual stillingum, hreyfimyndatöku með hljóði, níu myndstærum, 23 Scene Modes, tímarofi, 20MB innbyggðu minni og USB tenginu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 48.990



10 MILLJÓN PUNKTA

**Olympus E510KIT**
Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, hristivörn, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm) linsa fylgir, 2,5" LCD skjár, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure ofl, tímarofa, USB 2.0. NTekur CompactFlash og xD kort. Skipta má um Digital linsur.

EISA AWARD Best Product 2007-2008 CONSUMER CAMERA

VERÐ 79.990
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
40% afsláttur af fe
Holta-kjúklingur
1559
395
Holta ferskar kjúklingabringur 1559 kr/kg.
Merkt verð 2599 kr/kg.
Holta fersk læri 395 kr/kg.
Merkt verð 659 kr/kg.
1169
KS lambahryggur 1169 kr/kg.
Merkt verð 1298 kr/kg.
399
KS lambasúpukjöt 1. flokkur 399 kr/kg.
Merkt verð 499 kr/kg.
ÍSLANDS GRÍS
AFSLÁTTUR 10% VIÐ KASSANN
499
Íslandsgrís svínarifjaseik
499 kr/kg.
Ferskt
Fanta
79
Fanta appelsín 2 ltr. 69 kr.
ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans
GRÍSASTEIK
með sólþurrkuðum tómötum og basil
999
Íslandsgrís helgarsteik úrbeinaður hnakki 999 kr/kg.
BRA
VANILLUÍS M
Bónus-ís
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# rskum kjúklingum




Holta ferskir vængir 239 kr/kg.
*Merkt verð 399 kr/kg.*




Bónus kryddaður kjúklingur í álbakka
40% afsláttur 479 kr/kg. *Merkt verð 799 kr/kg.*






KS lambasvið 299 kr/kg.
*Merkt verð 399 kr/kg.*




KF lambalærisneiðar í raspi 1399 kr/kg.
*Merkt verð 1999 kr/kg.*




íslenskt nautahakk 799 kr/kg.




Bragðarefur 1 ltr 259 kr. boxið.




Bananar 98 kr/kg.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** BÓNUS

AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUD: 10.00 TIL 19.30.

**Vefurinn:**

**Simpsonizeme.com**



Búðu til þína eigin Simpson-persónu á vefnum Simpsonizeme. Með því að senda mynd af sjálfum þér, eða hverjum sem er, getur þú búið til þína eigin persónu sem tekur sig vel út

# tækni&vísindi

tækni@frettabladid.is

**TÆKNISPJALL:** RÚNAR HRAFN SIGMUNDSSON SÖLUMAÐUR

## *Þúsundir léku sér að Wii í Smáralind*



Wii-leikjatölvur Nintendo eru gríðarlega vinsælar um allan heim. Á þessu ári verða 17,5 milljónir véla framleiddar, en það svarar þó ekki eftirspurninni. Bræðurnir Ormsson stóðu fyrir kynningu á vélinni í Smáralind um síðustu helgi og var áætlaður fjöldi gesta á milli 3.000 til 4.000 manns.

„Okkur fannst kominn tími til að kynna fólki hvað þetta raunverulega er. Þetta er náttúrulega einstök tölva í allri hönnun og meðferð og við vildum koma henni á framfæri við fólk,“ segir Rúnar Hrafn Sigmundsson, sölumaður og leikjatölvugúrú hjá Bræðrunum Ormsson. Á sautján básum í Vetrargarði Smáralindar mátti sjá og reyna ólíka tölvuleiki.

Nintento er með mörgum leikjum fyrir bæði unga og aldna krakka að sögn Rúnars.

Auk þess sé hún heilbrigðasta leikjatölvan því til þess að spila þarf fólk að standa upp úr sófanum og stýra í leiknum með öllum líkamanum.

Vinsælasti leikurinn í dag er Super Mario Galaxy. Rúnar segir fyrstu kynslóðar Nintendo-unnendur vera sérstaklega hrifna af Maríó og félögum.

„Þetta er algjör nostalgía fyrir fólk sem er um og yfir þrítugt og þekkir hann Maríó. Svo má ekki gleyma því að á Wii er hægt að fara á netið og sækja gömlu leikina sem við spiluðum sem börn.“ Hann segir söluna hafa tekið kipp eftir kynninguna en hún hafi ekki verið sem verst áður.

„Hún hefur selst mjög vel og hefur farið vel fram úr björtustu vonum alls staðar í heiminum. Nintendo gaf út að ekkert framboð yrði á tölvunni fyrir jól. En við erum nokkuð vel stödd hér á Íslandi miðað við annars staðar.“

Í dag kemur út leikur um þá Maríó og Sonic á Ólympíuleikunum ásamt þriðja Gítarhetjuleiknum.

- eb

Einkaleyfishafi iPhone í Þýskalandi má ekki selja símana læsta né með binditíma:

## Lögbann á læsta iPhone-síma

**TÆKNI** Fjarskiptafyrirtækið T-Mobile í Þýskalandi hefur tilkynnt að iPhone-símarnir, sem fyrirtækið fékk einkaleyfi á að selja í Þýskalandi, verði framvegis seldir án bindisamnings og ólæstir þannig að kaupendur símanna geti verið í viðskiptum við hvaða símafyrirtæki sem þeir vilja.

T-Mobile hóf sölu á iPhone-símunum 9. nóvember síðastliðinn og var einungis hægt að kaupa þá með tveggja ára bindisamning við fyrirtækið. Keppinautur T-Mobile á fjarskiptamarkaði í Þýskalandi, Vodafone, höfðaði mál og 12. nóvember gaf dómstóllinn út lögbann á að T-Mobile seldi iPhone-símana einungis með tveggja ára binditíma.

T-Mobile er einnig gert að hætta að selja iPhone-símana læsta sem kemur í veg fyrir að hægt sé að nota þá hjá öðru fjarskiptafyrirtæki.

Í tilkynningu frá T-Mobile sagði að þeir sem þegar hefðu keypt iPhone-síma gætu komið og látið fjarlægja læsingu af símum sínum. Þá var tekið fram að fyrirtækið hlýddi lögbanninu þar til lagaleg staða hefði verið leyst og að fyrirtækið áskildi sér rétt til að sækjast eftir skaðabótum seinna meir.

Apple-fyrirtækið, sem framleiðir iPhone-símana, hefur gert svipaða einkaleyfissamninga við fyrirtækin O2 í Bretlandi og AT&T í Bandaríkjunum.

- sdg





**HANGIÐ Á NETINU** Adam verður ekki lengi í paradís háhraðanetsins, ef marka má spádóma bandaríska fyrirtækisins Nemertes. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Internetið yfirfyllist og stíflast innan fárra ára

**Bandarískt fyrirtæki spáir því að strax árið 2010 verði upplýsingamagnið sem streymir um internetið orðið meira en kerfið ræður við.**

Verja þarf gríðarlegu fé til þess á næstu árum að auka flutningsgetu internetsins ef hægt á að vera að fullnægja kröfum notenda þess. Þessu spáir bandaríska greiningarfyrirtækið Nemertes, sem hefur birt viðamikla skýrslu um málið.

Kostnaðurinn gæti numið hátt í níu þúsund milljörðum króna á heimsvísu, að mati Nemertes.

Í skýrslunni er bent á að netnotkun fólks hefur breyst mikið á síðustu árum. Margir nota netið í miklum mæli til þess að horfa á myndbönd, hlusta á tónlist og skiptast á margmiðlunarefni af ýmsu tagi. Svo bætist við að farsímar og önnur þráðlaus tæki eru æ oftar notuð til að tengjast netinu.

Árið 2010 má búast við því að flutningsgetan anni ekki lengur síaukinni eftirspurn netnotenda. Afleiðingarnar geta orðið þær að Netið verður nánast ónothæft. Samband rofnar æ oftar, jafnvel þegar verst stendur á – til dæmis þegar notandi er í miðju kafi að kaupa sér eitthvað í gegnum netverslun eða ná í nýjasta myndbandið á YouTube. Sums staðar gætu notendur þurft að treysta aftur á gamaldags upphringisamband til að komast á netið.

Þetta getur meðal annars haft í för með sér að verulega hægi á því að netfyrirtæki bjóði upp á nýjungar, vegna þess einfaldlega að flutningsgeta netsins myndi ekki ráða við þær. Nýjar útgáfur af Amazon, Google eða YouTube gætu dregist árum saman meðan beðið er eftir því að þessi vandi verði leystur.

„Það er engin leið að koma meiri umferð í gegnum netið en það ræður við,“ segir Johna Till Johnson, forstjóri Nemertes, í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu.

Í skýrslunni er því spáð að verst komi þetta niður á netnotendum í Bandaríkjunum og Kanada.

Rannsóknin er byggð á háskólarannsóknum, notendakönnunum, opinberum gögnum og viðtölum við fjölmörg fyrirtæki sem tengjast internetþjónustu af ýmsu tagi.

gudsteinn@frettabladid.is

### BERJAST GEGN NETFÖNGUM

Aðstandendur YouTube-síðunnar hafa skorið upp herör gegn einelti og ofbeldi á netinu. Aðstandendur YouTube ætla að koma upp heimasíðu þar sem ungt fólk er hvatt til að tilkynna ofbeldi sem er beint gegn því.

Síðan verður sett upp í kjölfar aukins eineltis í gegnum tölvupóst, farsíma sem og heimasíður á netinu. Unglingar um allan heim hafa meðal annars notað YouTube-síðurnar til að níðast á þeim sem minna mega sín.

...ilmurinn úr eldhúsinu er svo lokkandi...

tveir fiskar og matreiðslumaðurinn þórarinn eggertsson* bjóða til jólaveislu

*matreiðslumaður ársins 2005

í hádeginu alla virka daga **3.400 kr.**
á kvöldin sunnudag til fimmtudags **4.900 kr.**
á kvöldin föstudaga og laugardaga **5.400 kr.**

**borðapantanir**
561 1111 / 511 3474
2fiskar@2fiskar.is

geirsgata 9
reykjavík 101
www.resturant.is

tveir fiskar RESTAURANT


30%
AFSLÁTTUR!
BAÐ
INNRÉTTINGAR
Hvítt háglans 142 x 48 cm
Ölur 125 x 48 cm
Hlynur 122 x 48 cm
Hvíttuð Eik 122 x 48 cm
Epli á mdf 152x48cm
Ölur á mdf 182x48cm
Ducal M-18 81x48 cm
Hvíttaður Askur 122 x 48cm
Hvítt háglans 122 x 48 cm
Kisuberja m/fuln. 122x48cm
Line háglans hvítt 81x48 cm
Hnota á mdf 122x48cm
Hvíttaður Askur 101x48 cm
Kirsuberja 162x48 cm
Line háglans hvítt
Hlynur á mdf 101 x 48 cm
Allar innréttingar
afgreiddar af lager
www.i-t.is
Borðplötur, handföng,
blöndunartæki og
handlaugar
í flestum gerðum
að eigin vali
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
6.741 **-0,62%**

**Fjöldi viðskipta:** 781
**Velta:** 8.000 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALUM.** | +0,81% | **EXISTA** | -5,77% |
| **365** | +0,78% | **EIK BANKI** | -5,08% |
| **ICELANDAIR** | +0,78%% | **ATLANTIC PETR.** | -3,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 10,10 -0,20% ... Bakkavör 55,80 -1,24% ... Eimskipafélagið 35,90 -0,97% ... Exista 24,50 -5,77% ... FL Group 21,20 +0,47% ... Glitnir 24,45 -0,20% ... Icelandair 25,80 +0,78% ... Kaupþing 900,00 +0,11% ... Landsbankinn 36,30 -0,68% ... Straumur-Burðarás 15,55 -0,64% ... Össur 97,20 -0,31% ... Teymi 6,17 -0,64%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...

### Gengi landsliða og hlutabréfa

Fólk í fjármálaheiminum velti fyrir sér í gær hverjar ástæðurnar væru fyrir mikilli lækkun Exista í Kauphöllinni. Lækkuðu bréfin um tæp sex prósent. Sumir töldu að skuldugir fjárfestar væru að selja auðseljanleg bréf í Existu til að borga tryggingar í öðrum stöðum á markaðnum vegna almennra lækkana. Bankarnir krefðust þess. Lítil velta var í kauphöllinni, eða átta milljarðar króna, og fáir áhugasamir kaupendur. Því lækkuðu bréfin. Önnur skýring er sú að landslið Englands datt úr Evrópukeppninni í fótbolta í fyrrakvöld. Við það lækkuðu bréf í sportvöruversluninni JJB í Bretlandi vegna væntanlegrar minni sölu á íþróttavarningi. Exista á tæp þrjátíu prósent í því félagi, sem lækkaði um tæp fjögur prósent í kjölfarið. Það gæti verið að gengi landsliða og hlutabréfa sveifluðust samhverft.



### Ýktar andlátsfréttir

Margir muna eftir því þegar Trausti veðurfræðingur birtist ekki á skjá landsmanna í nokkrar vikur og sögur fóru á kreik um að hann væri dáinn. Varð kjaftasagan svo háværað hann sá sig tilknúinn til að koma fram í fréttum og tilkynna þjóðinni það að hann væri sprelllifandi. Það hafa margir verið teknir á lífi í fjármálaheiminum undanfarna daga í samtölum manna á millum. Bæði menn og fyrirtæki. Hannes Smárason og FL Group hafa verið áberandi persónur í þessum sögum. Er svo komið að starfsmenn félagsins eru farnir að svara í símann: Fréttir af andláti FL Group eru stórlega ýktar.

## MARKAÐSPUNKTAR

Landsframleiðsla jókst um 0,7 prósent í Þýskalandi á þriðja ársfjórðungi samanborið við 0,3 prósent í fjórðungnum á undan. Þetta jafngildir því að hagvöxtur mælist nú 2,4 prósent í þessu stærsta hagkerfi Evrópu.

Heildarútlán íslenskra heimila námu 809 milljörðum króna í lok október, samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Þetta er fimm milljarða króna aukning á milli mánaða, að sögn greiningardeildar Kaupþings sem bendir á að þar af hafi verðtryggð lán heimilanna numið rúmum 577 milljörðum króna.

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur staðfest lánshæfismat Landsbankans og gefur bankanum langtímaeinkunnina A. Horfur eru stöðugar, að mati Fitch.

# Jákvætt skref

„Allir eiga rétt á því að fá tækifæri til þess að gera málið upp og með litlum tilkostnaði," segir Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Intrum. Það sé jákvætt í sjálfu sér að sett séu sérstök innheimtulög. „Þannig skapast rammi um það hvernig þessi mál eigi að ganga fyrir sig."

Ríkisstjórnin hefur afgreitt frumvarp viðskiptaráðherra um innheimtukostnað. Dæmi eru um að innheimtuþóknun sé hærri en sem nemur höfuðstól skuldar. Ráðherra segir tímabært að koma í veg fyrir okur.

„Það þarf að taka það með í reikninginn að þegar komið er að lokaaðvörun, hafa farið mörg bréf til skuldarans og búið að hringja í hann," segir Sigðurður, sem einnig minnir á rétt kröfuhafa til að fá skuldir sínar gerðar upp. „Þess utan eru langflest málin sem hingað koma með innheimtukostnað innan við þrettán hundruð krónur í upphafi."



SIGURÐUR ARNAR JÓNSSON



ÁSTA S. HELGADÓTTIR

Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, segir frumvarpið vera mjög jákvætt skref. „Það er gott að böndum verði komið á þetta," segir Ásta. „Þetta getur orðið eins og snjóbolti sem verður að snjókarli." - ikh

# Krónubréf glæðast á ný

Glæðum var á ný blásið í krónubréfaútgáfu þegar þýski bankinn Rentenbank gaf út krónubréf fyrir fjóra milljarða á miðvikudag, að sögn greiningardeildar Glitnis. Bankinn mun alls hafa gefið út krónubréf fyrir 15 milljarða króna, þar sem 11 milljarðar eru enn útistandandi. Alls eru krónubréf að nafnvirði 371,5 milljarðar króna sögð útistandandi.

„Þrátt fyrir að allar ytri aðstæður til útgáfu krónubréfa séu með besta móti í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans hafa ekki verið gefin út krónubréf síðan 15. október," segir greiningardeildin, en telur að þrátt fyrir óvissu á mörkuðum og vaxandi áhættufælni sé enn von á einhverri útgáfu til viðbótar það sem eftir lifir ársins. - óká

# Nýju fiskarnir drepast ef þeir sleppa úr eldinu

**Jarðvarmi kann að gera hér fýsilegt eldi á áður óþekktum fiski. Sérfræðingur í fiskalífeðlisfræði segir tækifæri til að fara hér aðra leið í eldi en frændur okkar Norðmenn.**



**BRAGÐAÐ Á TILAPIU** Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matís ohf., bragðar á eldisfiski sem ræktaður er víða erlendis og nefnist tilapia, eða beitarfiskur. Fjöldi gesta á haustráðstefnu gerði slíkt hið sama og lét vel af. MYND/MATÍS

Hér kunna að vera tækifæri til eldis á matfiski af áður óþekktum tegundum sem alla jafna þrífast í heitum sjó og ferskvatni, að því er Björn Þrándur Björnsson, ráðgjafi hjá Matís og prófessor við Háskólann í Gautaborg, segir. Björn er einn helsti sérfræðingur í Evrópu á sviði fiskalífeðlisfræði.

Í erindi sem Björn hélt á haustráðstefnu Matís ohf. síðastliðinn fimmtudag fór hann yfir horfur í fiskeldi í heiminum og kynnti fyrir ráðstefnugestum nokkrar tegundir matfiska sem aldar eru í löndum þar sem loftslag er heitara en hér. Hann segir hins vegar möguleika á að nýta hér samstarf við orkufyrirtæki til eldis á slíkum tegundum.

Björn segir ljóst að fiskveiðar hafi náð hámarki í heiminum og fari minnkandi. Þannig sé fyrirséð að aukið fiskframboð í heiminum muni koma frá fiskeldi. „Staðreyndin er að fiskeldi er eina leiðin til að halda fiskneyslu mannkynsins í horfinu," segir hann og bendir á að matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) telji að árið 2030 muni yfir 50 prósent af fiskneyslu heimsins byggjast á fiskeldi. „Þarna stefnir allt í eina átt og fiskeldi sú framleiðslugrein sem hvað hraðast vex í heiminum."

Mestur hluti framleiðslu í fiskeldi byggir á fáum tegundum segir Björn. Í Evrópu eru lax og regnbogasilingur ráðandi, en á heimsvísu byggja 80 prósent alls fiskeldis á innan við þrjátíu tegundum. „Á sama tíma eru veiddar þúsundir tegunda og þar af mörg hundruð nýttar til manneldis," segir Björn og telur ljóst að huga þurfi frekar að þessum málum. Hann segir að mörgu að hyggja þegar valdar séu nýjar tegundir til eldis, gæði fisksins, stærð, vaxtarhraði, og ótal fleiri þættir. „En svo er líka hægt að herma eftir og við höfum verið nokkuð dugleg í því. Við tókum þátt í laxeldisævintýrinu, sem hér er bara ævintýri, en Norðmenn vita að er veruleiki og hafa geysilega stóran hluta af sínum tekjum frá laxeldinu."

Björn segir útflutning héðan á fiskimjöli og lýsi hafa minnkað, þótt hann nemi enn hundruðum þúsunda tonna. Sú framleiðsla styðji þó við möguleika í fiskeldi hér því mjöl og lýsi séu stór hluti af fiskifóðri, til dæmis um 60 prósent í laxeldi. Þá bendir hann á að hjá Reykjanesvirkjun standi til að dæla 4.000 sekúndulítrum af sjó upp úr borholum á sjávarkambi sem sendir verði um bunustokk til sjávar 57 gráðu heitir. „Allar þjóðir myndu auðvitað skammast sín fyrir að hella bara 60 gráðu heitu vatni í sjóinn án þess að reyna að nýta það," segir hann og telur að í hliðarafurðum sem þessum hjá jarðvarmavirkjunum felist möguleikar til að rækta hér fisk sem annars eigi annars staðar heima.



BJÖRN ÞRÁNDUR BJÖRNSSON

Meðal nýrra tegunda sem Björn nefnir til sögu eru tílapía, eða beitarfiskur, en það er næststærsta fiskeldistegund heims. „Tílapían vex í 27 gráðu heitu ferskvatni, nær stofnstærð á sex til níu mánuðum, er jurtaæta og mjög útbreidd og vinsæl eldistegund." Einnig nefndi hann tegundir á borð við barramunda sem lifi bæði í ferskvatni og sjó, kóbíu, pangasíus og klarías, en allir lifa þessir fiskar í heitum sjó eða vatni. „Ég held að öll efni séu til að Ísland skapi sér verulega sérstöðu sem fiskeldisþjóð. Við þurfum ekki að herma eftir Norðmönnum heldur getum við alið tegundir sem þeir geta ekki." Þá segir Björn ákveðinn kost fylgja því að ala „heitar" tegundir í köldu landi. „Ef þessum tegundum tekst að hoppa upp úr kerjunum og komast út í sjó eða ferskvatn þá bara drepast þær. "

olikr@frettabladid.is

## VÆNLEGIR FISKAR Í TILRAUNAELDI HÉR

**Tílapía:** Vex best í 27°C heitu ferskvatni.
**Barramundi:** Yfirleitt alinn í 28 til 29°C heitum sjó*.
**Kóbía:** Alin í 24 til 29°C heitum sjó.
**Pangasíus:** Loftandandi ferskvatnsfiskur sem vex best í 24 til 30°C heitu vatni.
**Klarías:** Hraðvaxta loftandandi fiskur sem þrífst best í 28 til 30°C heitu vatni.

*Þrífst líka í ferskvatni





SPRON Fjölskylduvild

Skráðu fjölskylduna á spron.is fyrir áramót

og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

75 ára | spron

# Tekjuskattar hækka mest

„Þegar einstakar skattategundir eru skoðaðar hafa tekjuskattar á einstaklinga hækkað mest. Þeir standa undir stærri hluta af heildartekjum ríkisins en áður,“ segir Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri.

Skatttekjur ríkisins hafa aukist mikið á undanförnum árum sem hlutfall af landsframleiðslu. Menn greinir á um hvort skattbyrði einstaklinga hafi aukist.

Indriði segir að það þurfi að taka með í reikninginn að hér, eins og víða á Vesturlöndum, hafi orðið ýmsar breytingar innan skattkerfisins, „Einkum þannig að skatthlutföll hafa verið lækkuð, en skattstofnarnir breikkaðir með því að afnema alls konar undanþágur og slíkt eða með því að frádráttarliðir einstaklinga hafa verið lækkaðir og frítekjumarkið. Það er sá hluti tekna sem er undanþeginn skattlagningu sem hefur verið lækkaður.“

Indriði bendir jafnframt á að lágir fyrirtækjaskattar hér virðist ekki hafa haft áhrif á aðstreymi fjármagns að utan. „Það hefur fyrst og fremst verið í þessum stóru erlendu framkvæmdum. Þannig að ég held að skýringarnar á breytingum á skatttekjum bæði í heild og á einstökum liðum þurfi að rannsaka betur.“ - ikh



INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON

# Evruvæðing jákvætt skref

Upptaka evrunnar hérlendis er jákvætt skref og eiga stjórnvöld að skoða innleiðingu hennar á yfirvegaðan hátt, að því er fram kemur í skýrslu um framþróun og stöðu íslenskra fjármálakerfisins, sem kom út í fyrradag á vegum Viðskiptaráðs Íslands.

Í skýrslunni er bent á að hlutfall erlendra lána heimilanna hafi aukist hratt upp á síðkastið sökum hás stýrivaxtastigs Seðlabanka Íslands. Slíkt geti hins vegar boðið hættunni heim þar sem tekjur heimilanna séu flestar í íslenskum krónum og erlend lán hafi því hækkað sökum gengismunar. Af þessum sökum er tekið fram að nokkur fyrirtæki hafi boðist til að greiða starfsmönnum hluta launa sinna í evrum. Reiknað er með að slíkt muni aukast á næstunni. Þá þykir líklegt að málið verði tekið upp þegar kjarasamningar verði lausir.

Skýrsluhöfundar telja að sama skapi kosti evrunnar þá að innleiðing hennar geti dregið úr þeim óstöðugleika sem hér hafi ríkt í efnahagsmálum og minnkað viðskiptahallann sem hafi aukist hratt. Þá verði skrúfað fyrir fyrir spákaupmennsku með íslensku krónuna og gengismunur hverfa, að því er segir í skýrslunni. - jab



**SEÐLABANKINN** Viðskiptaráð telur líkur á að íslensk fyrirtæki muni í auknum mæli bjóða starfsmönnum að fá hluta launa sinna í evrum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# NIBC hagnast minna í ár

Hagnaður til hluthafa fyrstu níu mánuði ársins dregst saman um 66 prósent hjá hollenska bankanum NIBC fyrstu níu mánuði þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn nemur 65 milljónum evra (um 6 milljörðum króna), en var í fyrra 194 milljónir evra (um 18 milljarðar króna).

Í uppgjöri bankans fyrr í mánuðinum kemur engu að síður fram að tekjur af áframhaldandi starfsemi hafi aukist um 13 prósent milli ára og verið 204 milljónir evra, eða um 19 milljarðar króna. Samningar tókust á tímabilinu um kaup Kaupþings á bankanum og í tengslum við það voru seldar út úr bankanum skuldbindingar tengdar undirmálslánum í Bandaríkjunum. Í tilkynningu bankans um uppgjörið segir Michael Enthoven, forstjóri NIBC, órólega markaði hafa getið af sér stormasama tíð í bankaheiminum. Hann segir að þrátt fyrir kostnað sem falli bara til einu sinni sýni bankinn heilsusamlegan undirliggjandi hagnað. - óká

**HAGNAÐUR Á HLUT HJÁ NIBC BANK N.V.**

| Tímabil | Upphæð |
|---|---|
| jan.-sept. 2007 | 1,04 € |
| jan.-sept. 2006 | 3,01 € |



**ANDERS FOGH RASMUSSEN** Forsætisráðherra Danmerkur segir tímabært að Danir skoði á ný hvort þeir eigi að taka upp evruna sem gjaldmiðil.

# Danir eiga að skoða evruna

Danir ættu að íhuga á ný að kjósa um hvort þeir vilji kasta dönsku krónunni fyrir róða og taka upp evru, gjaldmiðil evrusvæðisins. Þetta sagði Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, á fundi ríkisstjórnarflokka Íhaldsflokksins og Venstre í gær þar sem þeir kynntu stjórnarsamning sinn.

Danir höfnuðu evrunni í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2000. Niðurstaðan var þvert á væntingar ríkisstjórnarinnar og forkólfa í danska viðskiptalífinu. Engin tímasetning liggur fyrir um nýja þjóðaratkvæðagreiðslu en Fogh mælti með að Danir skoði málið innan fjögurra ára. - jab



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Landspítalinn og fjárlög fyrir 2008:

## Prófsteinn

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Á verðbólguárunum voru fjárlögin fremur vísbending um útgjöld en ákvörðun. Raunverulegar ákvarðanir um framkvæmdakostnað og þjónustustig voru teknar eftir á í fjáraukalögum. Hraðar launa- og verðbreytingar buðu ekki upp á annað vinnulag.

Þessi vandi er að miklu leyti úr sögunni. En það voru fleiri þættir sem ýttu undir þessa aðferðafræði. Þannig getur stundum verið auðveldara að fá raunverulegan kostnað viðurkenndan þegar ekki verður til baka snúið. Þessi hugsunarháttur er ekki með öllu úr sögunni.

Afgreiðsla Alþingis á fjáraukalögum fyrir þetta ár varpar ljósi á þennan vanda. Landspítalinn er gott dæmi þar um. Framlög til hans eru aukin um 1,8 milljarða króna. Annað verður ekki ráðið en að það eigi að duga til að viðhalda núverandi þjónustustigi með viðráðanlegri skuldastöðu spítalans.

Ganga verður út frá því sem vísu að stjórnendur spítalans hafi í tæka tíð upplýst þá tvo heilbrigðisráðherra sem hlut eiga að máli um að samræmi væri ekki á milli þjónustustigs spítalans og fjárveitinga. Að því gefnu hafa ráðherrarnir axlað þá pólitísku ábyrgð að afla nægilegra fjármuna eftir á til þess að halda uppi tilteknu þjónustustigi sem fjárveitingavaldið hafði ekki heimilað. Það hefur nú verið gert. Góð málalok en vont verklag.

Þegar rýnt er í fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár með hliðsjón af nýsamþykktum fjáraukalögum fyrir þetta ár kemur í ljós að einn milljarð króna vantar til þess að unnt sé að rökstyðja óbreytt þjónustustig á Landspítalanum. Engin ákvörðun fylgir þó um niðurskurð á þjónustu.

Ráðherra á þar af leiðandi þrjá kosti þegar kemur að annarri umræðu í næstu viku: Í fyrsta lagi að auka framlagið sem nemur mismuninum á þjónustustigi fjárlagafrumvarpsins og veruleikans á spítalanum í dag. Í annan stað að sýna með raunhæfum dæmum fram á hagræðingu sem tryggt geti óbreytta þjónustu fyrir færri krónur. Í þriðja lagi að greina frá og rökstyðja pólitíska ákvörðun um samdrátt í þjónustu.

Engir af þessum kostum eru auðveldir. Allra versti kosturinn í stöðunni er þó gamla aðferðin, að loka augunum og viðurkenna raunverulegt þjónustustig fyrst að ári liðnu. Í þessu ljósi verður afgreiðsla Alþingis á þessu máli nokkur prófsteinn á nútímaleg eða úrelt vinnubrögð í þessum efnum.

Ráðherra gerði nýlega opinber áform sín um skipulagsbreytingar í heilbrigðiskerfinu. Ætlun hans er að framkvæmdavaldið semji um kaup á skilgreindri þjónustu af einstökum heilbrigðisstofnunum eins og Landspítalanum.

Helsti kosturinn við þessa aðferðafræði er sá að framkvæmdavaldið og fjárveitingavaldið verða fyrir fram að skilgreina þjónustustigið og ákveða fjárveitingar til kaupa á þeirri þjónustu. Fyrr takast samningar ekki.

Þetta setur meiri ábyrgð í fangið á ráðherra og fjárveitingavaldinu. Útlifuð vinnubrögð af því tagi sem fjáraukalagaafgreiðslan nú vitnar um ættu með þessu að heyra sögunni til.

Vandinn er sá að þessi skynsamlegu áform heilbrigðisráðherrans eru ekki komin til framkvæmda. Í því ljósi er rétt að gera þá kröfu áður en fjárlög næsta árs verða samþykkt að ráðherrann sýni fram á og rökstyðji að fullt samræmi sé milli fjárveitinga og þess þjónustustigs sem hann og ríkisstjórnin ætla að taka pólitíska ábyrgð á. Blindingsleiknum þarf að ljúka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

„HRYÐJUVERKASTRÍÐIÐ“

HVAÐ ER AÐ GERAST Í ÍRAK OG AFGANISTAN?




Munu tilraunir Vesturlanda til uppbyggingar í Afganistan skila árangri og tryggja að landið verði aldrei aftur gróðrarstía alþjóðlegra hryðjuverka?

Hafa Bandaríkjamenn gert ægileg mistök með framgöngu sinni í Írak?

Hvaða áhrif hefur rekstur fangabúðanna í Guantanamo á orðspor Bandaríkjanna?

Hvað verður um þau hundruð þúsunda Íraka sem flúið hafa blóðbaðið í heimalandi sínu?

SKRUDDA

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík

s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is

www.skrudda.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Evrópu-Atli**

Atli Gíslason, lögmaður og þingmaður Vinstri grænna, hefur vakið athygli á fasteignakaupum fyrirtækisins Háskólavalla á íbúðum á Keflavíkurflugvelli á vildarkjörum. Atli telur kaupin ekki standast lög um sölu á eignum ríkisins og spyr hvort fyrirtæki kaupenda njóti sérstaks velvilja hjá ríkisvaldinu – en bróðir fjármálaráðherra er einn kaupenda. Rök Atla eru á þá leið að brotið sé á evrópskum lögum sem eiga að treysta samkeppni, tryggja gagnsæi og jafna aðkomu allra til kaupa á eignum ríkisins. Enn leita Vinstri grænir fanga í reglugerðum Evrópusambandsins, sem hafa orðið að lögum hér á landi í krafti EES-samningsins. Stór hluti umhverfislöggjafarinnar kemur líka frá ESB og því spurning hvar VG stæðu ef EES-samningurinn væri ekki fyrir hendi.



**Pukur**

REI-farsinn tók nýja stefnu í fyrradag þegar ljóst varð að REI og GGE gerðu ekki tilboð í orkuveitu Filippseyja eins og ráðgert var. Talsmenn fyrirtækjanna vörðust allra frétta, sem hefði sjálfsagt verið eðlilegt ef þau ætluðu að gera tilboð. En hefur pukrið ekki náð nýjum hæðum þegar menn fara með það eins og mannsmorð hvað þeir ætla *ekki* að gera?

**Anna annað**

Anna Kristinsdóttir er hætt í Framsóknarflokknum. Anna laut í lægra haldi í prófkjöri fyrir Birni Inga Hrafnssyni og tók ekki sæti á lista fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Hún hefur aldrei dregið fjöður yfir að henni hugnist ekki oddviti flokksins í borginni og ekki er nema rúmur mánuður síðan hún ásakaði hann fyrir spillingu. Anna hefur fundið sér annan vettvang í stjórnmálum, það er þjóðmálafélagið Akur sem hún stofnaði sjálf. Félagsstarf þess hefur lengst af verið óreglulegt en Anna boðar mánaðarlega fundi á nýju ári og ekki loku fyrir það skotið að hún hyggi á sérframboð í næstu kosningum. Til að kynda undir kjörþokkanum væri ef til vill spaklegt að breyta nafni þjóðmálafélagsins. Hver myndi til dæmis ekki kjósa Önnu í Grænuhlíð?



bergsteinn@frettabladid.is

## Á tímamótum



**JÓN GUNNARSSON**

**Í DAG** | Varnarmál

Öryggismál þjóðarinnar taka til margra mismunandi þátta og margar stofnanir sem koma við sögu. Á undanförnum árum hefur verið byggt upp eitt samræmt stjórnstöðvarkerfi allra þeirra aðila sem að málaflokknum koma. Það skipulag er einstakt og eftir því tekið hjá öðrum þjóðum. Í upphafi voru margar mismunandi skoðanir á samhæfingu en í dag eru allir sem til málanna þekkja sammála um að stórt framfaraskref var stigið og skipulagning, stjórnun og yfirsýn vegna björgunaraðgerða hafi batnað til mikilla muna.

Varnarliðið sinnti mikilvægu hlutverki í björgunarmálum landsins en var þó ekki hluti af þessu fyrirkomulagi. Það, sökum sérstöðu sinnar, rak eigin stjórnstöð á varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Þessi tilhögun hafði vissa ókosti í aðgerðum þar sem öll samskipti voru erfið. Þetta kom þó ekki eins mikið að sök seinni árin vegna minnkandi vægis varnarliðsins gagnvart björgunarmálum.

Ratsjáreftirlitskerfið var hluti af starfsemi varnarliðsins og hafði m.a. með höndum eftirlit sem sérstaklega beindist að hernaðarumsvifum óvinveittra þjóða í lofthelgi Íslands. Í kjölfar endurmats bandarískra hernaðaryfirvalda á hernaðarlegri ógn sem stafaði af Íslandi var ákveðið að loka herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Það var mat þeirra að viðbúnaður hér á Íslandi væri ónauðsynlegur en ef til þess kæmi að viðsjár breyttust yrði brugðist við með færanlegum herliðsafla. Samkomulag um varnir landsins var endurnýjað og bandarísk stjórnvöld eru skuldbundin til að verja landið á ófriðartímum með sama hætti og fyrr. Bandaríkjaher teldi áframhaldandi rekstur ratsjárkerfisins óþarfan.

Ratsjáreftirlitskerfið byggist á fjórum ratsjárstöðvum auk öflugs gagnaflutningakerfis. Kerfið skiptist í svarratsjá sem nemur merki sem flugför í borgaralegu flugi senda frá sér og frumratsjá sem nemur flugför þótt þau sendi ekki frá sér merki. Í flestum tilfellum er þar um herflugvélar að ræða. Svarratsjáin gegnir mikilvægu hlutverki við flugleiðsöguþjónustu á íslenska flugstjórnarsvæðinu. Ef þess kerfis nyti ekki við þyrfti að setja upp nýtt kerfi með nokkrum kostnaði en slíkt væri þó vel framkvæmanlegt.

Í dag snýst rekstur ratsjáreftirlitskerfisins um það að fylgjast með merkjum frá flugvélum sem ekki senda frá sér auðkennismerki og koma í íslenska lofthelgi greina þau og senda upplýsingarnar áfram til hermálayfirvalda í Bretlandi, Danmörku og Noregi sem bregðast við með viðeigandi hætti. Það er vandséð að Íslendingar geti tekið að sér hernaðarlegar skuldbindingar enda stendur ekki til að stofna hér her en við erum eina herlausa landið innan NATÓ. Bandaríkjamenn sáu um þau mál er sneru að hernaðarlegum verkefnum. Við munum því ekki verða beinir þátttakendur í viðbrögðum eða æfingum á hernaðarlegum forsendum.

Sé það niðurstaða vinaþjóða okkar innan NATÓ að nauðsynlegt sé að fá þau radarmerki sem koma frá íslenska kerfinu eru tvær leiðir mögulegar í þeim efnum. Í fyrsta lagi er vel mögulegt að senda merkin beint til greiningar í vaktstöðvum í áðurnefndum samstarfslöndum okkar og hafa þá lágmarksvakt hér á landi eða í öðru lagi er hægt að hafa vöktun og frumgreiningu merkjanna hér. Hvernig sem litið er á þetta mál er vandséð að allan þann umbúnað þurfi sem lagt er upp með í dag. Mannvirki Ratsjárstofnunar á Keflavíkurflugvelli, eru mjög vönduð en jafnframt dýr í rekstri og nauðsynlegt að skoða hvort ekki séu til hagkvæmari lausnir.

Eins og áður sagði starfrækja íslensk stjórnvöld samræmt vakt- og stjórnstöðvarkerfi í björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð. Líklegt er að hægt sé að bæta þeirri starfsemi sem fylgir vöktun á frumratsjá íslenska ratsjárkerfisins við þann rekstur. Þar starfa eins og hjá Ratsjárstofnun borgaralegir starfsmenn Vaktstöðvar siglinga, lögreglu og Landhelgisgæslunnar sem vanir eru vöktun, fjarskiptaþjónustu, eftirliti og samskiptum við hernaðarlegar stofnanir vinaþjóða okkar.

Aðrir hagnýtir möguleikar geta einnig opnast við slíka samþættingu s.s. frekari nýting á ratsjárstöðvunum og á einhverju öflugasta gagnaflutningskerfi sem til er í landinu. Skoða þarf frekar nýtingu á því vegna ýmissa annarra þátta öryggismála okkar.

Við stöndum á tímamótum og höfum sögulegt tækifæri á að marka nýja stefnu sem hefur það að leiðarljósi að Ísland verði herlaust land sem á eigin forsendum tekur að sér þau verkefni sem nauðsynleg eru til að verja land og þjóð. Það eru verkefni sem snúa flest að lögreglu og Landhelgisgæslu og skyldum stofnunum. Það er sögulegt tækifæri á að hér verði ein stjórnstöð fyrir alla viðbragðsaðila sem er eina leiðin til að ná fram faglegum markmiðum og ná mestri fjárhagslegri hagræðingu og nýtingu fjármagns. Öryggi þjóðarinnar er best borgið ef allir aðilar sem koma að öryggismálum hérlendis starfa saman.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

## Vildarvinir á Suðurnesjum

**UMRÆÐAN**

Sjálfstæðisflokkurinn í Suðurkjördæmi



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

Þegar Þorgerður K. Gunnarsdóttir varð varaformaður Sjálfstæðisflokksins var orðið lítið pláss fyrir Árna Mathiesen í Kraganum. Hann varð því að fara eitthvert annað. Í Suðurkjördæmi var fyrsta sætið laust eftir fráfall Árna R. Árnasonar á síðasta kjörtímabili, en stóra spurning var hvað ætlaði Árni Sigfússon að gera? Hann var ótvíræður leiðtogi sjálfstæðismanna á Suðurnesjunum og hafði unnið hreinan meirihluta í annað sinn í sveitarstjórnarkosningunum í Reykjanesbæ.

Þegar Árni Mathiesen tilkynnti um framboð sitt í Suðurkjördæmi hinn 7. september 2006 stóð Árni Sigfússon hins vegar bak við hann, afslappaður með kaffibolla. Skilaboðin voru skýr – menn höfðu náð samkomulagi. En um hvað?

Eftir að samkomulag náðist milli Árnanna í Suðurkjördæmi ákvað fjármálaráðherrann að sölu ríkisins á hlut í Hitaveitu Suðurnesja yrði háttað þannig að aðrar opinberar orkuveitur mættu ekki kaupa. Þar með voru t.d. Landsvirkjun, OR og Rarik útlokuð frá kaupunum.

Á sama tíma lá fyrir að fjárhagsleg staða sveitarfélaganna á starfssvæði HS væri slæm, og þá sérstaklega Reykjanesbæjar. Í kjölfar sölu ríkisins á hlut sínum til Geysis Green og Glitnis keyptu fyrirtækin upp hluti nokkurra sveitarfélaga í HS, meðal annars hluta af eignarhlut Reykjanesbæjar. Það var dýrmæt innspýting í reikninga bæjarins og plástur á stanslausan hallarekstur hans.

Árni Mathiesen náði naumlega fyrsta sætinu í prófkjörinu og eftir kosningar settist hann aftur í fjármálaráðuneytið. Böðvar Jónsson, sveitarstjórnarmaður í Reykjanesbæ og hægri hönd Árna Sigfússonar, varð aðstoðarmaður ráðherrans og nú þurfti að selja nokkur þúsund fermetra af húsnæði á Keflavíkurflugvelli.

Og hvert er leitað nema til vina og ættingja sem reynst höfðu vel? Skítt með einhverjar EES-kvaðir um útboð og umsjón Ríkiskaupa.

Er nema von að maður spyrji; á fjármálaráðherra eitthvað fleira uppi í erminni fyrir nafna sinn í Reykjanesbæ?

*Höfundur er varaþingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.*




**975** kr/kg. áður 1.393 kr/kg.
Goða grísarif




**1.235** kr/kg. áður 1.764 kr/kg.
Borgarnes frönsk sveitaskinka




**299** kr/ks.
Klementínur 2.3 kg í kassa




**319** kr/kg. áður 524 kr/kg.
Ísfugl BBQ kjúklingaleggir

Þú sparar 750 kr/kg




**994** kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
Goða london lamb




**989** kr/kg. áður 1.799 kr/kg.
Borgarnes hamborgarhryggur með beini



**159** kr/kg.
Ananas 1. flokkur




**1.990** kr/stk.
Latibær - Nýi jólasveinninn

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 22. nóvember til 25. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

# Svar við grein um sölu á Hitaveitu Suðurnesja

**UMRÆÐAN**
Orkumál

Guðbrandur Einarsson bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ skrifar í Fréttablaðinu föstudaginn 16. nóvember sl. um kjarklitla sveitarstjórnarmenn vegna málefna Hitaveitu Suðurnesja. Í grein sinni beinir Guðbrandur nokkrum spurningum til sveitarstjórnarmanna og er okkur ljúft að svara þeim fyrir hönd Grindavíkurbæjar.

Spurningar sem Guðbrandur leggur fyrir:

1. Hvers vegna nýttu önnur sveitarfélög en Reykjanesbær og Hafnarfjörður sér ekki forkaupsrétt við sölu ríkisins á hlut í H.S?

Svar: Grindavíkurbær hafði í allri sinni umfjöllun um sölu ríkisins og H.S. bókað að nýttur skyldi forkaupsréttur bæjarins og við það var staðið.

Grindavíkurbær keypti að nafnverði kr. 151.410.251 sem nam um 13 prósentum af hlut ríkisins í H.S.

2. Hvaða ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun að selja nánast allan hlut sinn í H.S.?


JÓNA KRISTÍN ÞORVALDSDÓTTIR


SIGMAR EÐVARÐSSON

Svar: Með 8 prósenta hlut í H.S. var Grindavíkurbær nánast án áhrifa og þegar fyrir lá áhugi aðila á að kaupa þann hlut á sjöföldu gengi , þegar mat okkar ráðgjafa var að eðlilegt gengi væri 3,0 til 3,5 þá var ný staða komin upp. Með hagsmuni íbúa að leiðarljósi var einhugur í bæjarstjórn um að selja og ávaxta hlutinn með öðrum hætti. Það sama gerðist í öðrum sveitarfélögum. Minni sveitarfélögin seldu mest af sínum hlut en Reykjanesbær seldi um 5 prósent sem er svipað og önnur sveitarfélög seldu.

Miðað við núverandi vaxtastig fæst á einu ári um tífalt meiri ávöxtun en arðgreiðslur H.S. námu á ári.

3. Hvers vegna töldu Grindvíkingar nauðsynlegt að kalla saman bæjarráð sveitarfélaganna á Suðurnesjum til að ræða málefni Kölku, en sáu ekki ástæðu til að óska eftir sams konar fundi þegar ákveðið var að selja H.S.?

Svar: Hið rétta er að Grindavíkurbær óskaði eftir fundi með eignaraðilum H.S. og var sá fundur haldinn í Svartsengi 12. júní. Grindvíkingar höfðu áhyggjur eins og fleiri yfir því að H.S. yrði skipt upp í kjölfar sölu til GGE en Reykjanesbær lagði áherslu á að GGE fengi að gerast aðili að félaginu með kaupum á hlut ríkisins og að hin sveitarfélögin nýttu ekki forkaupsrétt.

4. Eru bæjarfulltrúar í öðrum sveitarfélögum en Reykjanesbæ enn þeirrar skoðunar að rétt hafi verið að selja eignarhluti sveitarfélaga sinna í H.S. í ljósi þeirrar atburðarásar sem átt hefur sér stað frá því í júlí sl. og telja þeir hagsmuni íbúa sinna byggðarlaga tryggða með því eignarhaldi sem nú er?

Svar: Já, við erum enn á því að rétt hafi verið út frá þeim forsendum sem þarna sköpuðust að selja hlut Grindavíkurbæjar þar sem áhrif á rekstur H.S. var hverfandi og arður af hlutafjáreign þar var mjög lítill.

5. Hvernig telja bæjarfulltrúar að því yrði tekið ef sú staða kæmi upp að sveitarfélögunum yrði gefinn kostur á að auka hlutinn sinn í H.S. með það að markmiði að H.S yrði aftur komið í meirihlutaeigu sveitarfélaganna?

*Á aukafundi stjórnar S.S.S, sem boðaður var í hádegishléi á aðalfundi sambandsins var tekið við undirskriftalistanum og efni hans til umfjöllunar síðar um daginn.*

Svar: Við teljum hagkvæmara fyrir okkar bæjarfélag að ávaxta fyrrum eign okkar í H.S. til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins heldur en að binda hana í H.S. með þeim arðgreiðslum sem þar eru. Við treystum upplýsingum forstjóra H.S. sem hefur upplýst að engin hætta sé á boðaföllum í gjaldskrárhækkunum þótt inn í rekstur H.S. komi GGE. Verði félaginu skipt upp er enn komin ný staða sem þarf að taka afstöðu til.

Í grein Guðbrands segir einnig að það hafi verið tillaga sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ að vísa umtöluðum undirskriftalista til stjórnar S.S.S. Á aukafundi stjórnar S.S.S, sem boðaður var í hádegishléi á aðalfundi sambandsins var tekið við undirskriftalistanum og efni hans til umfjöllunar síðar um daginn. Hvort þarna hefði mátt öðruvísi fara að má eflaust deila um.

En varðandi þá tilgátu að sveitarstjórnarmenn í Grindavík forðist að ræða um málefni H.S. eða undirskriftasöfnunina, þá erum við tilbúnir til viðræðna um þau málefni hvenær sem er.

Þess má að lokum geta að í ágætu bæjarblaði Grindvíkinga, Góðan daginn, Grindvíkingur, frá því í ágúst 2007 eru viðtöl við bæjarfulltrúa og bæjarstjóra þar sem farið er mjög ítarlega ofan í saumana á öllu þessu H.S. máli frá því ríkið ákvað að bjóða hlut sinn þar til sölu.

*Jóna Kristín er forseti bæjarstjórnar og Sigmar Eðvarðsson formaður bæjarráðs í Grindavík.*




# Gulrætur eða gúmmíhlaup

**UMRÆÐAN**
Lýðheilsa


RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

Offita barna og unglinga hefur verið áberandi í umræðunni í kjölfar þingsályktunartillögu sem Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur lagt fram um takmörkun auglýsinga á sælgæti og óhollri fæðu. Þetta er þörf umræða, ekki síst í ljósi þess hve mikið og vaxandi vandamál er hér á ferð. Hins vegar er lausnin ekki að leggja til boð og bönn, nær væri að hvetja til aukinna forvarna og fræðslu foreldrum og öðrum uppalendum til handa. Í þessu eins og í öðru sem lýtur að börnunum okkar þá hafa forráðamennirnir mikilvægasta hlutverkinu að gegna og eru fyrirmyndirnar. Hreyfing skiptir miklu máli í átt að aukinni lýðheilsu, en mælt er með að börn og unglingar hreyfi sig a.m.k. í eina klukkustund á dag. Samkvæmt rannsóknum neyta börn sem hreyfa sig reglulega ávaxta og grænmetis í mun meira mæli en önnur börn og nota síður tóbak og vímuefni.

Það er líka athyglisverð staðreynd að þótt neysla ávaxta og grænmetis hafi aukist hér á landi á síðustu árum er hún talsvert minni en æskilegt væri að mati Lýðheilsustöðvar. Einnig neyta Íslendingar minna af þessu hollmeti en aðrar Norðurlandaþjóðir. Verðið hefur örugglega áhrif hér á en innflutt grænmeti ber t.d. enn 30% toll.

Sveitarfélög, skólar og heilsugæslan eru mikilvægar stofnanir þegar kemur að forvörnum og fræðslu í næringu og heilsu og geta haft mikil áhrif á almenna viðhorfsbreytingu. Sveitarfélög og skólar gætu t.d. sett sér sjálf eigin markmið í þessum efnum og skiptir þá sköpum áhugi og vilji stjórnenda á viðkomandi stöðum.

Heilsugæslan gæti hafið mælingar á þyngdarstuðli barna t.d. við fimm ára skoðun. Þannig fengju foreldrar mikilvægar upplýsingar um líkamlegt ástand barnanna og gætu brugðist við með viðeigandi hætti. Stjórnmálamenn sem sýna þessum málaflokki skilning og áhuga eru að fjárfesta til framtíðar. En eyðum kröftunum frekar í fræðslu og forvarnir en forræðishyggju sem gengur út á að hafa vit fyrir fólki eins og umrædd þingsályktunartillaga er dæmi um.

*Höfundur er varaþingmaður og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.*



**FRÖNSK STEMNING**
Á Cafe París er meðal annars boðið upp á pönnusteikta lúðu með kúrbít, gulrótum og lime-smjörsósu.
MATUR 2



**ÍSLENSK SMÁLÚÐA**
Verðlaunakokkurinn Brian Abbott frá Nýfundnalandi eldar íslenska smálúðu.
MATUR 3





Ás accessories heildverslun
RISA LAGERSALA
opið Fimmtudaga 12-19 og laugardaga 11-16
FATNAÐUR • SKART • TÖSKUR • GJAFAVARA • HÚFUR • VETTLINGAR OFL.
ERUM BEINT FYRIR AFTAN KFC HAFNARFIRÐI
DALSHRAUNI 17 • 220 HAFNARF. • SÍMI 865-6774

Göngugreining ehf.
Við erum búin að opna!

Ragnheiður Ásta Einarsdóttir, sjúkraþjálfari B.sc.
rae@gongugreining.is
Finnurðu fyrir þreytu og pirringi í fótum? Eða óþægindum í:
- Baki
- Mjöðmum
- Kálfum
- Hásinum
- Tábergi
- Hnjám
- Ökklum
- Hælum
- Iljum
Sefur barnið þitt illa vegna þreytu og verkja í fótum?
Tímapantanir
Hringið í síma 8619028 til þess að panta tíma.
Við erum í Síðumúla 33 á 3. hæð.
Fagleg og góð þjónusta
www.gongugreining.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



Finnur veit ýmislegt um brennslu á baunum og mismunandi lögun eftir löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Yngsti kaffibarþjónninn

***Hinum fimmtán ára Finni Ólafssyni var kippt inn af götunni og boðið starf hjá Kaffifélaginu eftir að eigandi staðarins heyrði að hann hefði meira vit á kaffi en faðir hans.***

Finnur Ólafsson er líklega með yngstu kaffibarþjónum landsins. Hann er fimmtán ára nemandi í Hagaskóla en vinnur sér inn dágóðan vasapening með því að afgreiða kaffi í Kaffifélaginu við Skólavörðustíg nokkur síðdegi í viku.

Það má segja að starfið hafi komið upp í hendurnar á Finni en eigandi staðarins bauð honum vinnu eftir að hafa heyrt á tal hans og föður hans þegar þeir voru að kaupa kaffi. „Ég fór þarna inn með pabba í sumar og eigandi staðarins heyrði okkur vera að spjalla. Ég hef stundum verið að fikta í kaffivélinni hans pabba og hún tók eftir því að ég vissi meira um kaffi en hann. Henni fannst það sniðugt og spurði hvort ég vildi koma að vinna á menningarnótt,“ segir Finnur. Hann sló til, vaktin gekk vel og í kjölfarið var honum boðið áframhaldandi starf.

Finnur segist ekki mikill kaffisvelgur sjálfur en það sé þó nauðsynlegt að drekka svolítið kaffi í tengslum við vinnuna til að geta fundið mun. Hann segist talsvert vera búinn að fræðast um mismunandi kaffitegundir og kaffimenningu ólíkra landa. „Ég veit ýmislegt um brennslu á baunum, mismunandi lögun eftir löndum og svo um alls konar séreinkenni ítalskrar kaffimenningar en Kaffifélagið er ítalskur kaffibar,“ segir Finnur.

Hann segist mjög ánægður í starfi og er að vonum langyngsti starfsmaðurinn. „Ég hugsa að flestir séu svona um þrítugt en mér finnst gott að starfa með eldra fólki og hef lært mjög mikið af samstarfsmönnum mínum,“ segir hann.

Finnur segir misjafnt hvort krakkar á hans aldri séu farnir að vinna. „Þeir eru að minnsta kosti fæstir í svona störfum, meira í að passa eða að vinna í bíóhúsum,“ segir hann. „Það er svolítið skrýtið að vera bara kippt inn af götunni en mjög skemmtilegt,“ bætir hann við. Finnur á von á því að kaffiáhuginn muni fylgja honum áfram en er þó fyrir löngu búinn að ákveða hvað hann ætlar að verða. „Ég ákvað að verða flugmaður þegar ég var fjögurra ára og stefni á flugnám strax að loknum menntaskóla.“ *vera@frettabladid.is*

PORSCHE Notaðir bílar - www.porsche.is - 590 2000


Range Rover Sport 4,4 - Bensín | Verð 7.390.000.-
Nýskráður 05.2006, - Ekinn 34 þús.
Hvítt leður innan , Harman Kardon hljómflutningstæki. Dráttarbeisli , 20” felgur, bakkskynjarar, Bi-xenon, aksturstölva.
Umboðsbíll.
TILBOÐ 6.790.000.-


Porsche Cayenne | Verð 5.490.000.-
Nýskráður 03.2004, - Ekinn 76 þús.
Loftpúðafjöðrun, Bl-Xenon, Hiti í framsætum og stýrishjóli, 20” álfelgur, Dökkar hliðarrúður, leðurklædd sæti, Cruise Control, Tölvuminni fyrir sæti.
Eins árs Porsche Verksmiðjuábyrgð frá kaupdegi.


Porsche Cayenne S | Verð 6.950.000.-
Nýskráður 07.2004, - Ekinn 32 þús.
Loftpúðafjöðrun, Bl-Xenon, Hiti í framsætum og stýrishjóli, 20” álfelgur, Navigation kerfi, Innbyggður sími, Dökkar hliðarrúður, leðurklædd sæti, Cruise Control, Tölvuminni fyrir sæti, Rafknúin sóllúga, Bose hljóðkerfi.
Eins árs Porsche Verksmiðjuábyrgð frá kaupdegi.

PORSCHE
Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík
Sími 590 2000
Opið virka daga frá kl.
09:00 -18:00

**Smákökur** er skynsamlegt að byrja að baka vel fyrir jólin. Tíminn líður oft hraðar en mann grunar og þá er gott að vera búinn að baka kökurnar ef það er ætlunin. Svo má alltaf kaupa þær tilbúnar.



## Ávaxtastangir í nestisboxið

SCHOOL BARS-ÁVAXTASTANGIR HAFA VERIÐ VINSÆLAR Í NESTISBOXIÐ Í BRETLANDI OG ERU NÚ FÁANLEGAR Í ÍSLENSKUM VERSLUNUM.

Hugmyndin með School Bars var að gera girnilegt og gómsætt stykki úr hollu hráefni sem höfðaði til barna. Hver stöng er unnin úr þrefaldri þyngd sinni af ávöxtum, öll bragð- og litarefni eru náttúruleg og engum sykri er bætt við. Stangirnar eru seldar fimm saman í pakka og hér á landi er hægt að fá stangir með þrenns konar bragði; epla-, sólberja- og jarðarberjabragði. - eö






Þjónninn Denis með rétt dagsins; pönnusteikta lúðu með kúrbít, gulrótum og lime-smjörsósu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ferskur fiskur á París

***Á Café París er alltaf svolítið frönsk stemning þótt kokkarnir séu ekki franskir.***

„Hér er alltaf nóg að gera," segir Denis Potapcik, þjónn á kaffihúsinu Café París, sem hefur verið fastapunktur í tilveru Reykvíkinga í fjölmörg ár. Kaffihúsið stendur í hjarta miðborgarinnar við Austurvöll og er því kjörinn staður til að mæla sér mót eins og svo margir gera.

Denis segir ekki farið að bera mikið á jólaösinni enn sem komið er, hins vegar sé ekki skortur á viðskiptavinum. Margir þeirra eru erlendir ferðamenn sem njóta alþjóðlegra kræsinga. Einnig eru nýta margir starfsmenn fyrirtækjanna í miðborginni sér kaffihúsið til að borða hádegismat eða skella sér í stutt kaffi. Þá segir Denis að oft megi sjá þekkt andlit innan um gesti staðarins.

Denis útskýrir að rétturinn sem hann býður lesendum Fréttablaðsins hafi verið fiskur dagsins þann dag sem ljósmyndarinn mætti á staðinn. „Kokkarnir okkar eru frá Ítalíu og Belgíu og þeirra hugmyndir um rétti dagsins koma alls staðar að úr heiminum," segir Denis og ítrekar að einungis sé notast við ferskar vörur.

Þó að kokkarnir séu ekki frá Frakklandi ríkir frönsk stemning á Café París. Boðið er upp á croissant og franskar pönnukökur og líkt og frönskum kaffihúsum sæmir eru gluggar stórir og hægt að sjá til allra átta.

*solveig@frettabladid.is*

## Fiskur dagsins

PÖNNUSTEIKT LÚÐA MEÐ KÚRBÍT, GULRÓTUM OG LIME-SMJÖRSÓSU

**200 g beinlaus lúða**
**20 g smjör**
**gulrætur og kúrbítur fínt skorin og gufubökuð.**

Lúðan er steikt á báðum hliðum og síðan bökuð í ofni í um 10 mínútur við 180°. Á pönnuna er sett smjör og nokkrir dropar af lime-safa. Kryddað með pipar og steinselju eftir þörfum. Borið fram með djúpsteiktum sneiðum af rauðum kartöflum.






# Sonur fiskimanns sem varð verðlaunakokkur

***Verðlaunakokkurinn Brian Abbott frá Nýfundnalandi verður gestakokkur á Þremur Frökkum um helgina.***

Tveir verðlaunakokkar frá Nýfundnalandi munu verja helginni við matreiðslu á tveimur af betri matsölustöðum bæjarins, Humarhúsinu og Þremur Frökkum.

Koma kokkanna tengist markaðstorgi Nýfundnalands og Labrador sem verður í Perlunni 24.-25. nóvember næstkomandi. Þar munu tuttugu fyrirtæki frá Nýfundnalandi og Labrador í Kanada kynna og selja fjölbreytta listmuni, gjafavöru, veiði- og vélsleðaferðir, tónlist og ýmsa aðra áhugaverða vöru og þjónustu.

Brian Abbott matreiðir á Þremur Frökkum en hann á sjálfur veitingastaðinn Restaurant 21 í St. John's á Nýfundnalandi. Brian hefur hlotið mörg verðlaun í gegnum tíðina, meðal annars verið valinn matreiðslumaður ársins 2005.

Brian er sonur fiskimanns og ólst upp í fiskibænum Bonavista. Þótt fiskveiðar hafi ekki átt við hann hafa æskuárin í nálægð við hafið haft mikil áhrif á störf hans í eldhúsinu en honum finnst skemmtilegast að elda hvers konar sjávarrétti. Hann notar staðbundið hráefni á veitingahúsi sínu en matreiðir það á fjölbreyttan hátt. Matseðlinum á Restaurant 21 breytir hann til samræmis við árstíðir og framboð á góðum fiski.

Á Þremur Frökkum mun hann bjóða upp á nokkra rétti sem eru vinsælir á veitingastað hans, til dæmis reykt þorskapaté, rommbragðbætt smálúðuflök með hlynsýrópi og bakað epla creme brulée með ferskum ávöxtum.

Brian gefur lesendum Fréttablaðsins hér uppskrift að smálúðunni.

*solveig@frettabladid.is*



Brian Abbot matreiðir íslenska smálúðu að hætti Nýfundnalands.

## Romm-bragðbætt smálúðuflök með hlynsýrópi



**500 grömm af hlynsýrópi**
**1 teskeið af chili-flögum**
**1 skammtur af súraldinsafa til bragðbætis**
**1 lauf af timían**
**1½ teskeið af salti**
**½ bolli af dökku rommi**
**lúða, skorin í 6-7 170 gramma skammta**
**2 grömm af kældum smjörteningum.**

Látið ofninn ná 190° á Celsíus.
Safnið öllu hráefninu saman og látið lúðuna marinerast í því í 45 mínútur.
Kryddið og bakið (eða steikið á pönnu) í 5-6 mínútur.
Sjóðið niður kryddlöginn uns hann þykknar. Takið hann af hitanum og þeytið smjörið.













# SiRKUS



FRÉTTAKONAN LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR GEYSIST FRAM Á RITVÖLLINN

## FÉKK ÁFALL ÞEGAR ÉG SÁ MIG Á SKJÁNUM

23. NÓVEMBER 2007 ■ Ásgeir Kolbeins selur glæsiíbúð sína ■ Birkir Jón greindist með sykursýki ■ Fjölgun hjá Óla Stefáns


serrano
HAFÐU ÞAÐ GOTT

Hollur og ferskur mexíkóskur skyndibiti.
Nýr staður í Smáralind - Opið 11-21

*Núna* er gott að búa í Kópavogi

# fréttir

## Heyrst hefur



### Eiginkona Þorgríms Þráinssonar í fjölmiðlabanni

Hin umtalaða bók Þorgríms Þráinssonar, „Hvernig á að gera konuna þína hamingjusama“, kom út nýverið. Bókin byggist á reynsluheimi Þorgríms og konu hans, Ragnhildar Eiríksdóttur. Í bókinni talar Þorgrímur beint frá hjartanu um samlíf sitt og konu sinnar á svo einlægan og opinskáan hátt að jafnvel hörðustu kynlífsfræðingar og unnendur roðna við lesturinn. Sirkus hafði samband við konu Þorgríms, Ragnhildi, sem ætti að vera samkvæmt bókinni hamingjusamasta kona Íslands og spurði hana hvernig henni liði með opinberun eiginmannsins á einkalífi þeirra hjóna. Ragnhildur vildi ekkert tjá sig um málið og upplýsti að hún vildi algerlega halda sér fyrir utan alla fjölmiðlaumræðu í þessu samhengi.

### Björgólfur ekki í brúðkaupinu

Í brúðkaupsveislu Jóns Ásgeirs og Ingibjargar Pálmadóttur vakti athygli að viðskiptajöfurinn Björgólfur Thor var ekki á meðal þeirra 300 veislugesta sem fagnaði með brúðhjónunum á brúðkaupsdaginn. Gárungarnir velta fyrir sér hvort Björgólfur hafi ekki séð sér fært að mæta eða hvort honum hafi hreinlega ekki verið boðið.



SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Indíana Ása Hreinsdóttir
indiana@frettabladid.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@frettabladid.is
**Forsíðumynd** Valgarður Gíslason
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000









**HÚSGÖGNIN GETA FYLGT MEÐ** Í auglýsingunni á fasteignavefnum kemur fram að húsgögnin geti fylgt með íbúðinni.

ÁSGEIR KOLBEINSSON SELUR GLÆSIÍBÚÐ SÍNA

# Föl fyrir 33,9 milljónir



**Ásgeir Kolbeinsson sjónvarpsmaður komst í fréttirnar með íbúðina sína í fyrra þegar Arnar Gauti í Innliti/útliti heimsótti hann og fékk að fylgjast með framkvæmdum. Orðbragð þeirra Arnars Gauta og Ásgeirs fór fyrir brjóstið á þjóðinni þegar þeir „dissuðu“ fyrra útlit íbúðarinnar. Íbúðin, sem er 93 fermetrar, er nú komin á sölu. Þegar Sirkus hafði samband við Ásgeir vildi hann lítið segja um málið en staðfesti þó að hann væri að selja.**

**„Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Aðalástæðan er þó að mig langar að breyta til. Ég hef ákveðnar hugmyndir um annað framtíðarhúsnæði en ég er þó ekkert að stressa mig á þessu,“ segir Ásgeir sem ætlar að selja íbúðina á Bárugrandanum áður en hann fjárfestir í öðru húsnæði. Ásgeir lagði mikla vinnu í íbúðina á sínum tíma og endurnýjaði hana frá grunni. Á gólfunum er plankaparkett úr eik, innréttingar og innihurðir úr eik og á baðherberginu er hornbaðkar með nýmóðins innréttingu. Á einum veggnum í stofunni er innbyggður 50 tommu flatskjár og fullkomið hljóðkerfi frá Marantz og Paradigm. Heimildir Sirkuss herma að Ásgeir ætli að stækka við sig og að staðsetningin skipti ekki öllu máli. Hann ku þó ekki vera að stækka við sig vegna plássleysis eða fjölgunar í fjölskyldunni því Ásgeir er piparsveinn og hefur enn ekki fundið hina einu réttu.**

*martamaria@365.is*

# borgin mín

**Birna Anna Björnsdóttir**
**rithöfundur**

# NEW YORK



**MORGUNMATURINN**
**Beyglur eru klassískur morgunmatur NY-búa. Þeim sem hafa sérstakan áhuga á beyglum bendi ég á Murray's Bagels (500 6th ave, við 13th st). Vilji fólk upplifa mikla og skemmtilega stórborgarstemningu að morgni til mæli ég síðan með því að fara í morgunmat á Balthazar (80 Spring st, milli Broadway og Crosby st) og þá helst á virkum degi.**

**SKYNDIBITINN**
**Uppáhaldsstaðurinn minn heitir Joe's Pizza (7 Carmine st, við 6th ave) sem vill svo til að er líka uppáhaldsstaður löggunnar og slökkviliðsmannanna. Síðan verð ég að minnast á Shake Shack, veitingastað/lúgusjoppu sem selur svakalega góða hamborgara og franskar og svo framvegis í Madison Square Park (gengið inn í garðinn á Madison ave og 23rd st).**

**LÍKAMSRÆKTIN**
**Það er frekar gaman að hlaupa í Central Park og ég hvet þá sem heimsækja borgina að taka með sér hlaupaskóna og skokka í kringum tjörnina þar (við ca 90th st), alveg magnaða hlaupaleið sem getur gert lötustu antisportista að hlaupasjúklingum sem fara svo jafnvel að æfa fyrir hálfmaraþon.**

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA**
**Það er auðvitað smekksatriði hvað telst rómó en hérna ættu flestallir að geta fundið staði sem vekja hjá þeim rómantíska púkann hvort sem það felur í sér að snæða lekkra máltíð við kertaljós og fiðluleik, að borða pitsu upp úr kassa á ganstéttarbrún, eða feitan hamborgara við barinn, eða að mata hvort annað á sushi innan um fallega hönnun, eða eitthvað allt annað. Sé fólk í rómantískum hugleiðingum sting ég upp á því að haldið sé á neðri hluta Manhattan, í Greenwich Village, Soho, eða Lower East side, þar sem fjölbreytni bara og veitingastaða er endalaus og um að gera að labba á milli og finna sér þá stemningu sem hver og einn fílar best. Ef vandræðulegu þagnirnar verða yfirþyrmandi er síðan alltaf hægt að skella sér í karaoke, til dæmis á Sing Sing (9 St.Marks Place, við 3rd ave) þar sem hægt er að fá herbergi fyrir tvo (til að syngja sko), eða á rokkbarinn Arlene's Grocery (95 Stanton st, við Ludlow st) þar sem gestir geta stigið á svið með húsbandinu, rokk á mánudagskvöldum og kántrí á sunnudagskvöldum.**

**VERSLUNIN**
**Whole Foods Market. Það er erfitt að útskýra fyrir fólki hvernig hægt er að taka ástfóstri við matvöruverslun en sjón er sögu ríkari. Litlu búðirnar í austurhluta Soho og á Lower East side þar sem nýju og gömlu ægir saman og hægt er að verða sér úti um algjör „find“ eins og Kaninn segir. Svo er skylda að heimsækja Barney's (660 Madison ave, við 61th st.). Að fara í Barney's er eins og að ganga inn í flottasta tískublað í heimi og trítla þar um á milli blaðsíðnanna. Alveg satt.**





**SKÍNANDI LUKKA** Ólafur Stefánsson og Kristín Soffía Þorsteinsdóttir eignuðust dóttur í síðustu viku.

# Eignuðust dóttur í síðustu viku

Handknattleikskappinn og landliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson og eiginkona hans Kristín Soffía Þorsteinsdóttir eignuðust litla stúlku í síðustu viku. Hún fæddist í Madríd á Spáni þar sem þau hjónin búa ásamt börnum sínum. Fyrir eiga þau Helgu Soffíu sem er 8 ára og soninn Einar Þorstein 6 ára. Nýfædda stúlkan hefur hlotið nafnið Stefanía og er skírð í höfuðið á föður Óla, Stefáni og systur hans Stefaníu tennisleikara. Það væsir ekki um fjölskylduna en Ólafur leikur með spænska liðinu Ciudad Real og hefur staðið sig með mikilli prýði.

# Gefðu allt í stíl

Úrvalið af Rosendahl vörum er hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð.







Epal er umboðsaðili Rosendahl á Íslandi





Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is









LÍFIÐ LEIKUR VIÐ FRIÐRIK WEISSHAPPEL, VERÐANDI FÖÐUR, Í KAUPMANNAHÖFN

# SLÆR Í GEGN MEÐ „DIRTY & CLEAN“

Þúsundþjalasmiðurinn Friðrik Weisshappel opnaði í slagtogi við félaga sína, þá Brynjólf Garðarsson og Ingva Steinar, „The Laundromat Café“ við Elmegade í Kaupmannahöfn árið 2004. Staðurinn hefur heldur betur slegið í gegn á danskri og erlendri grundu og þykir einn heitasti staðurinn í kóngsins Kaupmannahöfn. Nú á dögunum var „brunch“ sem þeir félagarnir bjóða upp á tilnefndur einn sá besti af vinsæla vefnum „Alt om Köbenhavn“, eða www.aok.dk. Vefurinn efnir árlega til netkosningar þar sem þeir tilnefna allt það besta sem boðið er upp á í Kaupmannahöfn. „Það eru fimm tilnefningar í hverjum flokki og við etjum þarna kappi meðal annars við rómaða kaffihúsið Café Evrópu sem staðsett er á Strikinu. Síðast þegar ég vissi leiddum við kosninguna með 11 prósenta forskoti en þétt á hæla okkar kom Café Evrópa.“ Hægt var að taka þátt í kosningunni á vefsíðunni www.aok.is og hefur Friðrik lúmskan grun um að Íslendingar hafi ekki legið á atkvæðum sínum í kosningunni, enda mörg þúsund Íslendingar sem hafa heimsótt staðinn í gegnum árin. „Nú er kosningu lokið en úrslitin liggja ekki fyrir fyrr en á fullveldisdegi Íslendinga 1. desember,“ segir hann. Þeir sem hafa komist í kynni við vinsæla „brunchinn“ á The Laundromat Café vilja meina að hann sé engum líkur og einn sá besti sem um getur. Hægt er að velja milli tveggja mismunandi „bruncha“ á matseðlinum, Dirty og Clean. „Clean er hugsað fyrir þá sem kjósa grænmetisfæði en Dirty er fyrir þá sem vilja fá eitthvað verulega djúsí,“ segir Friðrik og segir að það sé mikið í húfi enda sé ekki hægt að fá betri auglýsingu. En hvað er það sem þeir félagarnir bjóða upp á sem kitlar bragðlauka Dana svo um munar? „Við leggjum mikla áherslu á að bjóða upp á fjölbreyttan matseðil. Réttirnir hjá okkur eru vel útilátnir og við notum aðeins það besta í matreiðsluna. Sömuleiðis leggjum við mikið upp úr því að andrúmsloftið sé notalegt og fólki líði vel hjá okkur.“



Það verður nóg um að vera hjá athafnamanninum Friðriki á næstunni. Hinn 7. desember fagnar hann fertugsafmæli sínu og mun halda heljarinnar afmælisveislu af því tilefni í sjálfri Kaupmannahöfninni. Friðrik vonast til að vinir hans sjái sér fært að mæta og gleðjast ærlega með honum áður en andvökunætur og barnsgrátur taka við. En Friðrik og unnusta hans, arkitektinn Tine, eiga von á sínu fyrsta barni í janúar. „Það er lítil stúlka á leiðinni í heiminn og við höfum ákveðið að hún muni hljóta nafnið Irma,“ segir Friðrik, hinn stolti verðandi faðir.

*Bergthora@frettabladid.is*



**HANDBRAGÐIÐ LEYNIR SÉR EKKI** Friðrik er þekktur fyrir sinn skemmtilega hráa og hlýlega stíl. Hann smíðaði allar innréttingarnar.



**FRIKKAKAFFIHÚS** Danir fíla staðinn í botn en yfirleitt er hann þéttsetinn af Íslendingum sem búa í borginni.


SKÍFU LISTINN

Nældu þér í eintak

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Hjálmar | Ferðasót |
| 2 | Mugison | Mugiboogie |
| 3 | Guðrún og Friðrik | Ég skemmti mér um jólin |
| 4 | Páll Óskar | Allt fyrir ástina |
| 5 | Sprengjuhöllin | Tímarnir okkar |
| 6 | Ýmsir | 100 íslensk barnalög |
| 7 | Eagles | Long Road Out Of Eden |
| 8 | Katie Melua | Pictures |
| 9 | Sigur Rós | Hvarf / Heima |
| 10 | Megas | Hold er mold |
| 11 | Ný Dönsk | 1987-2007 |
| 12 | Dísella | Solo Noi |
| 13 | Luxor | Luxor |
| 14 | Sign | The Hope |
| 15 | Eivör | Human Child/Mannabarn |
| 16 | Benny Crespo's Gang | Benny Crespo's Gang |
| 17 | Andrea Bocelli | Vivere: Best Of Bocelli CD+DVD |
| 18 | Birgitta | Ein |
| 19 | Pavarotti | Forever |
| 20 | Védís Hervör | Beautiful Life |

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Pirates of the Caribbean 3 |
| 2 | Mýrin |
| 3 | Harry Potter & Order of th Pho |
| 4 | DIE HARD 4 |
| 5 | Shrek the Third |
| 6 | Latibær 5 |
| 7 | Köld Slóð |
| 8 | Skoppa og Skrítla í Þjóðleikhú |
| 9 | Arthur og Minimóarnir |
| 10 | Simpsons Season 10 |
| 11 | SPIDER-MAN 3 (2 DISC) |
| 12 | FANTASTIC FOUR 2 (2 DISC) |
| 13 | Harry Potter the Order of Pho |
| 14 | Deck The Halls |
| 15 | Grey's anatomy Sería 3 |
| 16 | TMNT (2007) |
| 17 | Last Mimzy |
| 18 | Planet Earth Box (5 discs) |
| 19 | Latibær |

Listinn gildir 23.-30.nóvember 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N


FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Queen size 153x203)
kr. 98.500
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Twin XL 97x203)
kr. 74.900
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(King size 193x203)
kr. 135.900
JÓLATILBOÐ
AVERY
Spine support
(Cal King size 183x213)
kr. 129.500
Til í mörgum litum
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
CLOW (200x120)
kr. 64.000
Til í mörgum litum
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
SOPHIA (190x120)
kr. 55.000
Til í mörgum litum
JÓLATILBOÐ
SVEFNSÓFI
T160
kr. 129.500
JÓLATILBOÐ
FRANCISCO
Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (90x200)
kr. 195.000
JÓLATILBOÐ
PABLO
Fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (80x200)
kr. 117.500
JÓLATILBOÐ
S CAPE WALLHUGGER
með heilsudýnum
frá King Coil (97X203)
kr. 285.000
Bjóðum upp á vaxtalausar greiðslur í 6 mánuði á Wallhugger.
MYNDIRNAR Í AUGLÝSINGUNNI ERU EKKI ALLTAF
NÁKVÆMLEGA ÞÆR SEM EIGA VIÐ TILBOÐSVERÐIÐ
COMFORT solutions
By King Koil
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
Good Housekeeping
Promises
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

SKRAUTFJÖÐURIN SIGRÍÐUR FRIÐRIKSDÓTTIR

# Gefur lífinu lit





„Stíllinn minn er afar skrautlegur. Ég elska skæra liti og finnst gaman að blanda þeim saman á óvenjulegan hátt," segir Sigríður Friðriksdóttir litríka leik- og söngkonan, sem forðast svart og grátt eins og heitan eldinn. Sigríður situr ekki auðum höndum þessa dagana en hún er á fullu við æfingar á jólafrumsýningu Borgarleikhússins „Jesus Christ Superstar". Sigríður leikur jafnframt í sýningunni Gretti en verkið hefur verið sýnt fyrir fullu húsi í tæpt ár.

Sigríður á mikið og stórt kjólasafn í öllum regnbogans litum sem hún hefur viðað að sér í gegnum tíðina. „Mér líður best í kjólum og vantar alltaf fleiri í safnið. Ef aðstæður og vöxtur leyfðu væri ég klædd eins og Audrey Hepburn hvern einasta dag," bætir Sigríður við sem er heilluð af fatatísku 5. áratugarins. „Ég hef aldrei dottið í þá gildru að snobba fyrir einhverjum ákveðnum merkjum eða búðum en aftur get ég verið sérvitur þegar kemur að fataefnum. Ég reyni að forðast gerviefni og legg áherslu á að efnin séu í senn praktísk og þægileg," svarar Sigríður aðspurð hvort hún stjórnist af einhverjum hleypidómum í fatakaupum. Sigríður viðurkennir þó að eiga sér sínar uppáhaldsbúðir og segist alltaf fara fyrst í Topshop og Gyllta köttinn þegar hana vanti eitthvað í fataskápinn. En hver eru hennar verstu kaup? „Fatakaupin mín í gegnum tíðina hafa ekki gengið slysalaust fyrir sig. Ég hef þurft að sitja uppi með ýmis tískuslys sem hefðu betur orðið eftir í búðinni," svarar Sigríður hlæjandi. Oftar en ekki hafa þó fatakaup Sigríðar slegið í gegn og er afrakstur Lundúnaferðar hennar í sumar ofarlega á lista yfir bestu verslunarferðina. „Ég og vinkona mín þræddum þar markaðina og ég fann æðislegan rauðan kjól sem er í miklu uppáhaldi hjá mér þessa dagana. Pallíettutoppurinn minn á sömuleiðis rætur að rekja til sama leiðangurs og er algjörlega ómissandi í fataskápinn." Segir glitrandi leikkonan að lokum.

*Bergthora@frettabladid.is*

**fötin mín**







## SIGRÍÐUR FRIÐRIKSDÓTTIR

**Uppáhaldsflíkin:** Fiðrildatoppurinn minn sem ég keypti á markaði í London í sumar

**Bestu kaupin:** Blái kjóllinn minn sem ég fann í Kolaportinu.

**Dýrmætasta í fataskápnum:** Ullarpeysa frá Handprjónasambandinu.

**Eftirlætis listaverkið:** Maí-málverkið eftir Lilju Gunnarsdóttur vinkonu mína.

**Fyrir hverju ertu veikust:** Skóm, ég fæ ekki nóg af þeim.









Jólaleikritið

# María asninn og gjaldkerarnir

Sannkölluð fjölskyldusýning í leikstjórn Gunnars Helgasonar.
Sýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins.



SÝNINGAR:

| | | | |
|---|---|---|---|
| mán. 26.11. kl. 09:00 | mán. 3.12. kl. 09:00 | fös. 7.12. kl. 09:00 | mið. 12.12. kl. 09:00 |
| þri. 27.11. kl. 09:00 | þri. 4.12. kl. 09:00 | fös. 7.12. kl. 10:30 Ö | mið. 12.12. kl. 10:30 |
| mið. 28.11. kl. 09:00 | þri. 4.12. kl. 10:30 | lau. 8.12. kl. 14:00 U | fim. 13.12. kl. 09:00 |
| fim. 29.11. kl. 10:30 | mið. 5.12. kl. 09:00 Ö | sun. 9.12. kl. 14:00 U | fim. 13.12. kl. 10:30 |
| fös. 30.11. kl. 10:30 Ö | mið. 5.12. kl. 10:30 | mán. 10.12. kl. 09:00 U | fös. 14.12. kl. 09:00 Ö |
| lau. 1.12. kl. 14:00 U | fim. 6.12. kl. 09:00 | mán. 10.12. kl. 10:30 | fös. 14.12. kl. 10:30 |
| sun. 2.12. kl. 14:00 U | fim. 6.12. kl. 10:30 | þri. 11.12. kl. 09:00 U | lau. 15.12. kl. 14:00 Ö |

SÖNGLIST
Söng- og leiklistarskóli

BORGARLEIKHÚSIÐ

Borgarbörn
BARNA- OG UNGLINGALEIKHÚS

FRÉTTAKONAN LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR ER BÚIN AÐ SKRIFA SÍNA FYRSTU SKÁLDSÖGU, SAUTJÁNDANN. HÚN HÉLT SKRIFUNUM LEYNDUM OG GEYMDI ÞAU Í LEYNISKJALI Í TÖLVUNNI SINNI UNDIR NAFNINU SUÐ. BÓKIN ER ÞÓ ALLT ANNAÐ EN SUÐ ÞVÍ HÚN SEGIR SÖGU YLFU, HAMINGJUSAMRAR KONU SEM Á ALLT EN LANGAR SAMT Í MEIRA, OG VINKVENNA HENNAR SEM SUMAR EIGA SÉR SKUGGAHLIÐAR.

# Fékk áfall þegar ég sá mig á skjánum



LÓA ER OFT KÖLLUÐ DRASLFÆÐISDROTTNINGIN í vinnunni en hún veit fátt betra en BigMac. MYNDIR VALLI

viðtal

Frá því að Lóa var lítil stelpa var hún ákveðin í því að verða blaðamaður og rithöfundur. Hún hafði ákveðnar hugmyndir um hvernig hún ætlaði að blanda starfinu saman en þegar hún kom út á vinnumarkaðinn reyndist það þrautin þyngri að sameina þessi tvö störf. Lóa var um tíma ritstjóri Húsa og híbýla. Hún starfaði líka á Tímanum, Degi, fréttastofu RÚV og Uppeldi áður en hún leiddist út í sjónvarpsfréttamennsku sumarið 2005. „Ég hef alltaf ætlað að skrifa skáldsögu. Svo leið tíminn og ég var allt í einu orðin 32 ára og ekkert hafði gerst. Þetta var meira átak en ég hélt, að skrifa með vinnu," segir Lóa. Fyrir fimm árum stofnaði hún Word-skjal í tölvunni sem hún nefndi Suð. „Skjalið fékk þetta nafn svo að enginn myndi fatta að þetta væri eitthvað merkilegt ef ég myndi drepast enda vildi ég ekki hleypa neinum í óklárað handrit," segir hún og glottir út í annað. „Ég þagði yfir þessu þangað til núna í sumar. Það vissi enginn af þessu nema Sigfús maðurinn minn og útgefandinn minn sem ég hafði fyrst samband við síðastliðið haust. Þetta byrjaði út frá pælingum um nútímakonuna sem er með svo þéttskipaða dagskrá að hún getur aldrei hugsað skýrt og er að tapa sér í vitleysunni. Svo þróaðist það áfram. Upphaflega óljósa hugmyndin af sögunni gjörbreyttist á þessum fimm árum sem ég var að skrifa bókina. Ég lagði upp með aðalpersónuna Ylfu og svo smám saman eignaðist hún vinkonur og fjölskyldu, hlóð utan á sig og þroskaðist."

Bókin fjallar um lögfræðinginn Ylfu Blæ sem er tæplega fertug fjögurra barna móðir. Þrátt fyrir að vera hamingjusöm virðist eitthvað vera að naga hana og þegar hún skreppur í gæsaferð með vinkonum sínum fer af stað spennandi atburðarás. Í bókinni eru skemmtilegar lýsingar á innanstokksmunum og það er vel hægt að greina persónurnar í bókinni út frá heimilum þeirra. „Ég var á kafi í matarstellum, sófum og stólum þessi þrjú ár sem ég ritstýrði Húsum og híbýlum. Áður en ég tók við því starfi hafði ég haft heilbrigðan áhuga á húsbúnaði en hafandi verið á kafi í þessu fór ég óneitanlega að taka betur eftir því hvernig fólk raðaði hlutum í kringum sig. Þessi reynsla af Húsum og híbýlum nýttist mér mjög vel þegar ég var að skrifa bókina. Maður getur sagt svo mikið um karaktera með því að lýsa húsnæðinu sem það býr í." Á meðan Lóa ritstýrði húsbúnaðarritinu settist hún við tölvuna á kvöldin og skrifaði í klukkutíma fyrir svefninn. Meðan á bókaskrifunum stóð varð hún ólétt og segir að hún hafi ekki verið í miklu skriftarstuði á meðgöngunni en um leið og barnið var fætt kom andinn yfir hana aftur og hún notaði hvert tækifæri til að skrifa. „Þegar ég byrjaði í vaktavinnu á Stöð 2 notaði ég vaktafríin til að skrifa og þá fór að koma mynd á bókina."

Kaupgleði kvenna er töluvert áberandi í bókinni. Þegar Lóa er spurð að því hvort henni finnist gaman að kaupa þá glottir hún. „Ég er sjoppari og nánast hver einasta kona sem ég þekki elskar að sjoppa. Og mér sýnist að það eldist ekkert af konum, ömmu minni finnst gaman að sjoppa og þótt hún geti lítið verið á flakki vegna bakveiki elskar hún að fara í Kringluna með ömmubörnunum sínum." Þegar hún er spurð að því hvað hún kaupi helst nefnir hún föt, snyrtivörur og glingur. „Í bókinni tala ég um kraftbirtingu neyslunnar en þar á ég við ástand sem skapast þegar maður er í mátunarklefa. Maður mátar fullt af fötum en svo fer maður í eitthvað sem fer manni vel og þá verður maður eins og nýr. Það er eins og sálin hafi farið í bað og það gefur manni ótrúlega mikið. Samt er alltaf verið að skamma okkur fyrir neyslukapphlaup og eyðslugleði. Í bókinni er ég að gera tilraun til að réttlæta þetta. Þetta er bara hluti af okkar veruleika og ef ekki væri fyrir okkur konur þá myndi smásala heimsins hrynja. Við höldum uppi heilmiklum hagvexti með þessari sjoppingáráttu," segir hún sannfærandi. Hún er án efa búin að rannsaka þetta ofan í kjölinn. Þegar hún talar um kaupgleði og fjórar vinkonur er auðvelt að sjá vinkonurnar Carrie Bradshaw og co fyrir sér. „Það er erfitt að segja frá bókinni því fólki dettur bara „ Sex and the City" í hug þegar það heyrir um fjórar vinkonur sem elska að sjoppa og ein er lögfræðingur. Ég á í verulegum vandræðum með að lýsa þessari bók og er ekki búin að finna mér vel kjarnyrta setningu sem lýsir henni."

## Á ekkert sameiginlegt með Ragnhildi

Vinkvennalíf Lóu er fjölbreytt. Hún á tvo vinkvennahópa. Annar varð til í gagnfræðaskóla en hinn er frá háskólaárunum þegar hún dvaldi í Frakklandi í eitt ár. Þegar hún er spurð að því hvort vinkonurnar í bókinni séu eitthvað líkar hennar eigin vinkonum segir hún svo ekki vera. „Ég ætla að vona að engin vinkvenna minna lesi sig út úr þessari bók enda eru þær allar mjög vænar og yndislegar konur. Við gagnfræðaskólavinkonurnar köllum okkur æðstaráðið," segir hún án þess að útskýra það nánar. Lóa segist sjálf vera líkust Ylfu aðalpersónu bókarinnar. „Það er líka partur af Lindu Dögg í mér. Ég á ekkert sameiginlegt með Ragnhildi," segir hún en þess má geta að sögupersónan Ragnhildur er forríkur forstjóri sem hefur viðskiptavit par excellence. „Vinkonurnar eru þó allar samsettar úr fullt af konum sem ég hef kynnst í gegnum tíðina. Ylfa er eiginlega gleraugu okkar inn í þessa bók. Hún er bara venjuleg kona, jarðbundin kona sem vill vel en það kemur henni illa þegar líður á bókina. Ég hef hins vegar mest gaman af Hlaðgerði því hún hrífur fólk með sér."

Sjálf segist Lóa lifa hefðbundnu lífi. Hún býr með skáldinu Sigfúsi Bjartmarssyni og þau eiga saman soninn Núma Jörgen sem er þriggja og hálfs. Fyrir áttu þau hvort sitt barnið þegar þau kynntust, hún átti Tuma sem er 17 ára og Sigfús átti Kolbrúnu sem er 22 ára. Þau hafa bæði verið með sameiginlegt forræði yfir börnum sínum og Lóa kann vel við það fyrirkomulag. „Ég er mjög hlynnt sameiginlegu forræði. Ég held að það geri börnunum mjög gott að geta kynnst báðum foreldrum sínum í hversdagslífi, ekki bara í helgarskemmtun. Ég er til dæmis mjög fegin því að hún Kolbrún stjúpdóttir mín hefur verið svona mikið hjá okkur, ef hún hefði verið að koma aðra hvora helgi hefðu samskiptin orðið svo miklu yfirborðskenndari." Sigfús, maðurinn hennar Lóu, vinnur heima en á sumrin er hann stóran hluta af sumrinu í Aðaldal þar sem hann ræktar blóðberg og safnar íslenskum jurtum. „Það hjálpaði mér mikið að hafa mann inni á heimilinu sem hefur unnið við skriftir í áratugi. Hann ýtti við mér og hvatti mig áfram. Hann gerði mér grein fyrir því að ég yrði að setja mér „deadline" því annars yrði ekkert úr þessu. Ég tók þessu mjög alvarlega og fór að spýta í lófana. Auk þess er hann örugglega einn besti yfirlesari landsins."

Talið berst að nútímasamfélaginu en Sautjándinn á að gerast í náinni framtíð og í bókinni eru klækir og flókin plott. „Fyrir um áratug var þjóðin með minnimáttarkennd en núna eigum við mikið af ríkum mönnum sem eru að meika það. Og við berum djúpa virðingu fyrir fólki sem kann að búa til peninga. Sem er vissulega virðingarvert en glampinn af fúlgunum er svo sterkur að okkur er orðið sama hvernig þær verða til. Ég hef á tilfinningunni að viðhorf manna til vinnu og peninga hafi breyst mjög á skömmum tíma. Að það þyki bara sjálfsagt og beri vott um djörfung að



**Uppáhaldsmatur:** Er stundum kölluð draslfæðisdrottningin í vinnunni. BigMac er t.d. í miklu uppáhaldi. Og eiginlega allt sem Ragga og Silla vinkonur mínar elda.
**Uppáhaldsdrykkur:** Diet kók og mexíkóski bjórinn Negra Modelo.
**Áhugamálin:** Tek prjónaköst, les bækur, knúsa minnsta strákinn og tala við karlinn. Kemst ekki yfir mikið fleira. Og jú, reyndar, sjoppa.
**Geisladiskurinn:** La Llorona með Lhasa.
**Unaðslegasta árstíðin:** Brennheit sólin á sumrin, reyniberin á haustin, kuldinn sem bítur í stillu á veturna og vonin um sumar á vorin. En sennilega eru jólin bara unaðslegasta árstíðin.
**Dekrið:** Nudd.
**Bíllinn minn er...** Renault Megane Scenic. Á nagladekkjum.

NÝJAR VÖRUR

úlpur kápur jakkar

Opið:
Virka daga 10-18
Laugardaga 10-16

Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6, s. 588 5518

# miðborgin

FÖSTUDAGUR 23. NÓVEMBER 2007

## Brennslan inn í nútímann

**Kaffibrennslunni verður lokað á mánudaginn en verður opnuð brátt aftur með nýjum stíl og matseðli.**

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Öflug
í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Kirkjugarðurinn við Suðurgötu þjónar sem nokkurs konar útivistarsvæði fyrir miðborgarbúa. Enda yndislegt að labba um þrönga stíga innan um falleg leiði og stæðileg tré. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Stærsta og elsta minjasafn í Reykjavík

**Kirkjugarðurinn við Suðurgötu er tilvalinn til gönguferða enda má þar finna falleg gömul leiði sem öll segja sína sögu.**

Hólavallagarður heitir kirkjugarðurinn við Suðurgötu sem vígður var árið 1838. Garðurinn rammast inn af Ljósavallagötu, Hringbraut, Suðurgötu, Hólatorgi og Kirkjugarðsstíg. Garðurinn er um þrír hektarar að stærð en teknar hafa verið rúmlega tíu þúsund grafir þar. Fáar hafa bæst við í seinni tíð enda var land í garðinum á þrotum strax árið 1932. Síðan þá hafa einungis verið teknar fráteknar grafir en auk þess duftkersgrafir því duftker má grafa ofan á kistu og þannig lengi hægt að bæta við gröfum í garðinum.



Yfir tíu þúsund grafir hafa verið teknar í garðinum en lítið hefur bæst við frá árinu 1932.

Í tilefni af 150 afmæli kirkjugarðsins árið 1988 skrifaði Björn Th. Björnsson bókina Minningarmörk í Hólavallagarði. Þar sagði hann garðinn vera „stærsta og elsta minjasafn í Reykjavík“, sem væri „lifandi safn og saga þeim sem kunna að lesa í handbragð steinhöggvara, ráða í tákn og leturgerðir, hug og verk þess er hvílir undir“. Enda er yndislegt að ganga þrönga stíga innan um fallega legsteina og gömul, stæðileg tré.

Segja má að í Hólavallagarði sé heill skógur. Þó var ekki farið að planta þar trjám fyrr en upp úr aldamótum 1900 og almenn varð gróðursetning ekki fyrr en á árunum milli heimsstyrjalda. Í garðinum ber mest á birki, ilmreyni og silfurreyni. Auk þess talsvert af sitkagreni og alaskaösp. Einnig má sjá lerki og víði, auk ýmiss konar runnategunda. Legsteinar í Hólavallagarði eru margvíslegir og grafskriftir eru margbreytilegar. Þar liggja einnig margir frægir menn sem gaman er að leita uppi í garðinum. Þeirra á meðal eru Jón Sigurðsson forseti, Muggur listmálari, Sigurður Breiðfjörð skáld, Þorsteinn Erlingsson skáld, Hannes Hafstein ráðherra og Guðrún Oddsdóttir sem fyrst allra var grafin í garðinum árið 1838. Boðið hefur verið upp á gönguferðir um garðinn með leiðsögumanni en upplýsingar fást á skrifstofu Kirkjugarðanna í síma 585-2700.

*- sgi*



Marga fallega og áhugaverða staði má finna í garðinum. Klukknaport í miðjum garðinum er einn þeirra.



Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur. Eitt þekktasta minnismerki Hólavallagarðs er leiði Jóns

# Kúnstir í miðbænum

**Unga fólkið hefur löngum átt athvarf í Hinu húsinu í Reykjavík. Þar er vetrardagskráin hafin sem er fjölbreytt að venju.**

Hitt húsið var opnað árið 1991 eftir að hugmyndin að tómstundaaðstöðu fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára hafði legið á borðum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur um nokkurt skeið.

„Húsið var í fyrstu í gamla skemmtistaðnum Þórskaffi í Brautarholti og var að mestu leyti rekið sem dansstaður fyrir ungt fólk. Fljótlega kom þó í ljós að ungt fólk vildi aðstöðu fyrir innihaldsríkari og uppbyggilegri starfsemi á sviði lista, menningar og fræðslu,“ segir Ása Hauksdóttir, deildarstjóri menningarmála í Hinu húsinu.

Í dag er Hitt húsið í Pósthússtræti og síðastliðin sextán ár hefur starfsemin smám saman breyst í menningar- og upplýsingamiðstöð þar sem ungu fólki er veitt ýmis aðstoð og ráðgjöf.



Ása Hauksdóttir, deildarstjóri menningardeildar Hins hússins, segir unga fólkið mjög hugmyndaríkt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það vill svo skemmtilega til að Hitt húsið hefur í ár náð 16 ára aldri eins og unga fólkið sem sækir húsið og í tilefni tímamótanna verður blásið til fyrirmyndarteitis í jólamánuðinum,“ útskýrir Ása sem segir vetrardagskrána þegar vera í fullum gangi.

„Vetrardagskráin hófst í haust með tónleikaröðinni fimmtudagsforleikur sem er alla fimmtudaga í vetur frá kl. 20.00 til 23.30. Nú hafa hátt í þrjátíu hljómsveitir stigið á svið og einnig má nefna að Hitt húsið var „off venue“ sena á Icelandic Airwaves þar sem ung og upprennandi bönd spiluðu,“ segir Ása og nefnir einnig nýafstaðna Unglist, listahátíð ungs fólks ásamt Gallerí tukt þar sem myndlistarsenan á sitt athvarf. Einnig tekur Hitt húsið þátt í Vetrarhátíð Reykjavíkur í febrúar og í mars tekur rokkið við með Músíktilraunum. Unga fólkið vantar heldur ekki hugmyndir og að sögn Ásu tekur Hitt húsið vel á móti ungu og hugmyndaríku fólki. Nánari upplýsingar: www.hitthusid.is

*rh@frettabladid.is*



Dansarar í Hinu húsinu búa til dansmyndband.

# Ný bók eftir Björn Th. Björnsson




Sagan um Þórurnar tvær hefur löngum verið vinsæl til upprifjunar í Þingvallaferðum. Systurnar hétu báðar Þóra, í höfuðið á móðurömmu sinni, Þóru Magnúsdóttur Noregskonungs. En þrátt fyrir slíka ættgöfgi var ævi þeirra áfallasöm í gleði með þungum þrautum og upphefð þeirra nánustu varð þeim nístandi sár. Þessa indælu en margslungnu sögu segir Björn Th. Björnsson í þessari bók og bregst hvorki tær stíll hans né myndvísi á sviðsetningu atburða.

Björn Th. Björnsson lauk við bókina skömmu fyrir andlát sitt í ágúst sl.

# Ástin og kynlífið




Hvort er hættulegra, kynlífið eða ástin?

Er hægt að halda framhjá án líkamlegrar snertingar?

Og er hægt að halda framhjá með líkamanum eingöngu?

*Hliðarspor* er áleitin og angurvær Reykjavíkursaga um gráa fiðringinn, vændi og draumana sem rætast ekki. Ágúst Borgþór Sverrisson er einn virtasti smásagnahöfundur landsins. *Hliðarspor* er fyrsta skáldsaga hans.

Margar Reykjavíkursögur af þessu tagi vita ekki hvert þær eru að fara og höfundur kemst aldrei á leiðarenda með viðfangsefni sitt. En þessi saga Ágústs Borgþórs gerir það með einföldum og sniðugum hætti. Þetta er fín lesning ... Annað sem verður svo sláandi við lestur Hliðarspors er hið gráa svæði á milli siðlegra og ósiðlegra hluta. Hvenær eru menn örugglega komnir yfir á hvítan eða svartan reit? – *andriki.is*

Skemmtileg saga, full af skemmtilegum lýsingum. – *Egill Helgason*

Þessi saga veitti mér nýja sýn á hjónabandið og sálarlíf miðaldra karlmanna. – *Silja Aðalsteinsdóttir*

# Kraftmikil skáldævisaga




Í þessari bók dregur Ólafur Ormsson upp afar lifandi myndir frá litríkum æskuárum í Keflavík. Fjallað er af hreinskilni um ýmis viðkvæm mál, gleði, sorgir og samferðarfólk. Sjötti áratugur tuttugustu aldarinnar var mjög viðburðarríkur. Í Kanaútvarpinu heyrði unga fólkið fyrst í nýju átrúnaðargoði, Elvis Presley. Rokktónlistin breytti tíðarandanum. Lífið í litla þorpinu tók stakkaskiptum og fólk streymdi víða að til vinnu á Keflavíkurflugvelli. Orrustuþotur bandaríska herliðsins rufu hljóðmúrinn svo til daglega yfir lágreistri byggðinni og hermenn voru farnir að birtast á götunum. Bókin er skrifuð af miklum krafti, atburðarásin er hröð og textinn geislar af frásagnargleði.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is



**Án titils**

**● Í FYLGD LISTFRÆÐINGS** Harpa Þórsdóttir listfræðingur verður með leiðsögn á sunnudaginn um þá sali Listasafns Íslands sem sýning á verkum Kristjáns Davíðssonar er í, það eru salir 1, 2 og 4. Sýningin var opnuð 2. nóvember og stendur fram yfir áramót. Þar gefur að líta afrakstur síðastliðinna 17 ára í list Kristjáns, að viðbættum verkum sem bregða ljósi á þróun listamannsins í átt til þeirra stílbrigða sem hann hefur ræktað frá lokum 9. áratugarins.

Kristján er þekktur fyrir að láta aldrei beygja sig undir reglufestu módernismans heldur tjá sig óheft og ljóðrænt eins og andinn blés honum í brjóst.

Harpa byrjar göngutúrinn um Listasafnið við Fríkirkjuveg klukkan 14 á sunnudaginn, 25. nóvember.

# Brennslan inn í nútímann

**Nýtt útlit og léttir smáréttir munu einkenna Kaffibrennsluna þegar hún verður opnuð á ný eftir breytingar.**

Kaffibrennslan hefur átt fastan sess í hugum margra í miðborginni. Útlit staðarins hefur haldist eins mjög lengi en nú er breytinga von.

„Við lokum á mánudaginn næsta og opnum aftur rúmlega viku síðar í breyttu umhverfi,“ segir Jón Snorrason einn eigenda veitingastaðarins og lofar glænýju umhverfi og matseðli. „Stíllinn mun breytast töluvert, en við höldum í gamla barinn,“ segir Jón en aðrar innréttingar verða endurnýjaðar og staðurinn færður til nútímans eins og Jón orðar það.

Tveir finnskir matreiðslumenn hafa verið ráðnir á Kaffibrennsluna og hafa ásamt Jóni endurskipulagt matseðil staðarins. „Við verðum meira með smáréttaþema en munum einnig bjóða upp á aðalrétti og rétti dagsins,“ segir Jón og hrósar finnsku kokkunum sínum. „Þetta eru flottir piltar,“ segir hann og hefur fulla trú á að fólki mun líka breytingin.

*- sgi*



**Finnsku kokkarnir Johnny Turtiainen og Kari Julin eru spenntir fyrir nýjum og breyttum matseðli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Humarsalat með ensku karríi.**

Finnsku kokkarnir, þeir Johnny Turtiainen og Kari Julin eru gamlir vinir frá finnska smábænum Karis rétt vestan við Helsinki. Réttirnir sem þeir Johnny og Kari matreiddu fyrir Fréttablaðið verða á nýjum og endurbættum matseðli Kaffibrennslunnar þegar hún verður opnuð á ný. Báðar uppskriftirnar eru fyrir fjóra.

### HUMARSALAT MEÐ ENSKU KARRÍI

**Humarsalat**
400 g humar
75 g smjör
1 dl hrein jógúrt
1 msk. limesafi
1 tsk. rifinn limebörkur
1 msk. dill
salt og pipar.

Steikið humarinn í smjörinu í heitri pönnu þar til hann er fallega brúnn. Kælið og skerið humarinn og dillið í litla bita. Blandið saman við jógúrtina með limesafanum og berkinum. Kryddið eftir smekk.

**Enskt karrí**
1 msk. karrí
Vanillufræ úr hálfum fræbelg
1 msk. sykur
1 dl hvítvín
5 dl rjómi
salt

Hitið pott og steikið karríið í nokkrar sekúndur. Bætið við hvítvíni, vanillufræjum og sykri. Sjóðið niður í 2-3 mínútur. Bætið við rjóma og haldið áfram að sjóða niður í 7-12 mínútur eða þar til sósan er nógu þykk til að loða við skeið. Saltið eftir smekk.

### GEITAOSTARIST MEÐ RAUÐRÓFU- OG FÍKJUSALSA OG VISKÍHUNANGI

**Geitaostarist**
4 sneiðar samlokubrauð
75 g geitaostur
75 g smjör

Skerið brauðið í það form sem hver vill. Steikið brauðið snöggt í smjöri á báðum hliðum. Smyrjið sneiðarnar með geitaosti og bakið í ofni í 6 til 7 mínútur við 180 gráðu hita.



**Geitaostarist með rauðrófu- og fíkjusalsa og viskíhunangi.**

**Rauðrófu og fíkjusalsa**
1 rauðrófa
2 fíkjur
2 dl púrtvín
Salt og pipar
1,5 msk. hlynsýróp

Skrælið og skerið niður rauðrófuna í 1 cm teninga. Setjið teningana í pott og bætið vatni svo fljóti yfir rauðrófurnar. Sjóðið í 20-30 mínútur, bætið púrtvíni við og sjóðið áfram í 10 mínútur. Bætið við fíkjum sem skornar eru í báta og sjóðið í 3 mínútur. Takið helming af rauðrófunum og fíkjunum upp úr og maukið. Bætið við restinni af rauðrófum og fíkjum og bætið við salti og hlynsýróp eftir smekk.

**Viskíhunang**
1 dl viskí
1 dl hunang

Sjóðið niður viskíið þar til einn þriðji er eftir. Blandið hunanginu við.

Gott er að drekka jarðarberjafreyðivín með þessum réttum.



## ● TEIKNINGAR OG ÖNNUR VERK

Sýning á verkum Kristjáns Guðmundssonar verður opnuð á Safni á Laugavegi 37 í kvöld. Þau eru flest í eigu Safns og að sögn Birtu Guðjónsdóttur sýningarstjóra eru hvergi í heiminum jafn mörg verk hans samankomin. Kristján vinnur líka tvö verk sérstaklega fyrir sýninguna. Annað þeirra fellur á milli þess að vera fjölfeldiverk og bókverk og lánar önnur tvö. Að minnsta kosti annað þeirra er nú í fyrsta sinn til sýnis hér á landi.

Sýningin er á öllum hæðum og spannar tímabilið frá 1974 til dagsins í dag. Kristján vinnur í anda naumhyggju og hugmyndalistar og leysir gjarnan upp þær hugmyndir sem fólk hefur um hefðbundnar teikningar og málverk. Sýningin nefnist Teikningar 1 til 15 og önnur verk. Hún er sú síðasta í sögu Safns.


Listamaðurinn Kristján Guðmundsson.

## ● SJÓMINJASAFNIÐ OPNAÐ

Sjóminjasafn Reykjavíkur að Grandagarði 8 verður opnað eftir endurbætur hinn 1. desember með glæsilegri sýningu í tilefni af 90 ára afmæli Reykjavíkurhafnar. Sú sýning stendur þó ekki nema í tíu daga. Þá verður aftur skellt í lás en safnið verður opnað aftur 1. febrúar.


Uppskipun úr Reykjavíkurhöfn.
MYND/SVEINN ÞORMÓÐSSON


Hamborgartréð stendur á Miðbakka að venju.

# Tendrað á tré við Miðbakka

Kveikt verður á ljósum Hamborgartrésins laugardaginn 24. nóvember klukkan 17.00. Jólatréð, sem Hamburger Geschellschaft – Wikingerrunde gefur Reykjavíkurborg nú í 42. sinn, verður að venju á Miðbakkanum við Reykjavíkurhöfn.

Að þessu sinni er það fyrirtækið Becker Marine Systems Communication sem kemur að málefninu sem styrktaraðili en Eimskipafélag Íslands hefur öll árin flutt tréð til Íslands endurgjaldslaust.

Sendiherra Þýskalands á Íslandi, Karl-Ülrich Muller, mun ávarpa gesti við tréð og Margrét Sverrisdóttir, forseti borgarstjórnar, og Björn Ingi Hrafnsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, flytja einnig ávörp. Við athöfnina syngur Kór Kársnesskóla í Kópavogi jólalög undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

Eftir athöfnina á Miðbakka bjóða Faxaflóahafnir upp á heitt súkkulaði og bakkelsi í Listasafni Reykjavíkur.

## ● SYNT Í SKJÓLI FRÁ VEÐRI OG VINDUM

Sundhöll Reykjavíkur er frábær staður fyrir alla aldurshópa. Þar getur fólk komið og notið líkamsræktar, leikja og slökunar í skjóli frá veðri og vindum. Ekki spillir að Sundhöllin er ljómandi fallegt hús.

Sundhöllin er við Barónsstíg og er opin virka daga frá 6.30 til 21.30 og um helgar frá 8.00 til 19.00.






# Kvenleiki og þægindi í fyrirrúmi

**Þær Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir og Íris Eggertsdóttir reka búðina KVK á Laugaveginum og selja fín en þægileg föt.**



Í litlu bakhúsi við Laugaveg 27 er að finna spennandi búð sem engin kona ætti að láta fram hjá sér fara. Þetta er búðin KVK þar sem hönnuðirnir Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir og Íris Eggertsdóttir ráða ríkjum. Íris hannar undir merkinu ROKKMANTÍK og Kolbrún undir merkinu KOW.

„Útgangspunkturinn hjá okkur er að gera föt í fínni kantinum sem um leið eru ofsalega þægileg,“ segir Íris. „Þau eiga að henta ef maður ætlar að klæða sig upp fyrir vinnuna eða fara eitthvað út en eru þó ekki þannig að mann langi að rífa sig úr þeim um leið og maður kemur heim. Við erum með allt frá nærfötum upp í yfirhafnir og seljum líka leggings og hárskraut,“ segir Íris. Hún segir þær vinna með kvenlegan vöxt og passa að efnin séu þægileg viðkomu og að gott sé að hreyfa sig í þeim. Nú fyrir jólin leggja þær áherslu á punt og kjóla. Íris segir kúnnahópinn mjög breiðan og að til þeirra komi allt frá fimmtán ára stúlkum til sextugra kvenna.

Þær Íris og Kolbrún Ýr þekktust áður fyrr en hittust fyrir nokkrum árum og endurnýjuðu kynnin. „Við vorum báðar að sauma í litlu magni fyrir verslanir og okkur datt í hug að við gætum í sameiningu stofnsett lítið fyrirtæki. Við byrjuðum fyrir tæpum tveimur árum og hefur þetta gengið mjög vel,“ segir Íris. Í lok janúar flytur verslunin í nýtt húsnæði ofar á Laugaveginum. *- ve*



ROKKMANTÍK spöng úr gömlum rokkokóútsaumi, 7.500 kr.

Settið er eftir Kolbrúnu Ýr sem hannar undir merkinu KOW. Það samanstendur af svartri pífuherðaslá á 19.900 kr. og svörtum pilstoppi á 10.500 kr. en hann má nota sem stuttan kjól, topp eða pils. Undir eru silfur leggings á 7.900 kr. og punkturinn yfir i-ið er pífuspöng á 6.500 kr. en hún fæst í ýmsum litum og stærðum.



Íris til hægri í rauðri og svartri ROKKMANTÍK slá og Kolbrún Ýr til vinstri í svörtum og grænköflóttum KOW jakka. Yfirhafnirnar kosta báðar 32.000 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Eldrauður og jólalegur kjóll eftir Írisi sem hannar undir merkinu ROKKMANTÍK. Kjóllinn kostar 19.500 kr. og vínrauð flauelsspöng er á 6.500 kr. en hún fæst í ýmsum litum og stærðum.







# SKÍTAKULDI ER HUGARÁSTAND

Gerð: Eygló

Litir: Beinhvít, svört og moss khaki

Efni: 95% dúnn, 5% fiður

Verð: 22.990 kr.

CINTAMANI CENTER // LAUGAVEGUR 11
WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG


MAX ódýrast
CD DISKAR HUNDRUÐIR TITLA
LADDI
jóla hvað?
Öll vinsælustu jólalögin
LUXOR
Ellen
Ég skemmti mér um jólin
hjálmar
MAX verð
1.489 kr.
Alm. verð 1.999 pr. stk.
Grey's Anatomy
MAX verð
4.489 kr.
Alm. verð 5.499
Gerið verðsamanburð!
DVD MYNDIR ÞÚSUNDIR TITLA
Guitar Hero III Legends of Rock
Nýtt á PS3
Með Gítar
Einnig fáanlegur á PS2, XBox 360 og Wii.
MAX verð
7.989 kr.
Alm. verð 8.999
Ratchet & Clank
Nýtt á PS3
MAX verð
5.489 kr.
Alm. verð 6.999
Assassin's Creed
Nýtt á XBox
MAX verð
5.489 kr.
Alm. verð 6.999
Crysis
Nýtt á PC
MAX verð
3.989 kr.
Alm. verð 4.999
ProStreet
Nýtt á PC
Einnig fáanlegur á PS2, PS3 XBoox 360 og NDS.
MAX verð
3.989 kr.
Alm. verð 4.999
TÖLVULEIKIR HUNDRUÐIR GÓÐRA TITLA
Opnunartími
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-22
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
Fim
MAX / Kauptúni 1
210 Garðabæ
Sími 412 2200
ódýrast
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI



ganga æ lengra til að koma sér áfram, græða og mylja undir eigin afturenda. Mig langaði til að taka þetta skrefinu lengra í bókinni. Þá fór ég að lesa mér til um fyrirtækjanjósnara, ég veit ekkert hvort það eru starfandi fyrirtækjanjósnarar á Íslandi í dag, ég bara veit það ekki. En þeir eru hins vegar starfandi í útlöndum og mig langaði að staðsetja einn svoleiðis hér og sjá hvað hann myndi gera.“ Í bókinni er líka töluvert rætt um ríkidæmi og lúxus. Þegar hún er spurð út í útrásina og alla peningageggjunina segir hún að þessu fylgi mikill kraftur. „Það eru allir að kafna í athafnasemi og það er svo mikill kraftur í loftinu hérna. Ég var einn vetur í Wales og ég fann það svo vel þegar ég flutti heim hvað það var mikill kraftur hérna í loftinu. Vinkona mín var að flytja heim um daginn hafandi búið í jafnaðarmannasamfélaginu Svíþjóð þar sem enginn má eiga meira en annar eða skara fram úr. Vinkona mín fann þetta líka og varð undirlögð af þessum krafti. Svo er kostur hvað borgin er lítil og maður getur sinnt svo mörgum erindum á dag. Stuttar boðleiðir, stutt í sviðsstjórana og forstjórana og því auðvelt að ná til fólks.“ Er ekkert skrítið þegar þriðji hver maður keyrir um á Range Rover? „Nei, nei, við getum það. Ég meina þeir geta það, ég get það að vísu ekki,“ segir hún og hlær. „En auðvitað er það skrítið og það væri ægilega jákvætt ef þeir keyptu sér frekar Toyota Yaris og notuðu restina í Amnesty International. En svona er fólk, ég og flestir aðrir.“

### Ógnvekjandi á skjánum

Sumarið 2005 var Lóa á krossgötum. Henni var sagt upp sem ritstjóra Húsa og híbýla meðan hún var í fæðingarorlofi. Eftir að uppsagnarfrestinum lauk vissi hún ekki alveg hvað hún vildi gera. En einn daginn fékk hún fjögur símtöl með atvinnutilboðum. Þar af eitt frá forsvarsmönnum NFS. „Mér fannst eins og ég hefði himin höndum tekið því þetta var nákvæmlega það sem ég vildi gera, þáttastjórnandi í sjónvarpi í spjallþætti um fréttatengd mál. Svo fór NFS eins og það fór en þetta var frábær reynsla.“ Hún segir að NFS hafi verið fullmikil bjartsýni. „Sem betur fer urðu ekki snjóflóð, eldgos, náttúruhamfarir eða hryðjuverk á Íslandi þetta tæpa ár sem NFS var til. En eitthvað slíkt hefði getað bjargað NFS. Það var alveg vitað mál að fólk færi ekki að stilla á NFS til að horfa á beina útsendingu af blaðamannafundum um stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans sem við sýndum stundum beint frá,“ segir hún og hristir hausinn. Hún segist þó hafa verið full af áhuga og bjartsýni enda hafi öllu verið snúið á hvolf til að koma stöðinni í gang. „Og þetta var ókeypis skóli í sjónvarpsmennsku fyrir stóran hóp af



fólki og þar á meðal mig.“

Lóa segist hafa verið drullustressuð til að byrja með. „Ég átti mjög bágt með að horfa á mig á skjánum en svo rakst ég á mig endursýnda á skjánum og fékk áfall. Ég hafði aldrei séð mig í sjónvarpinu, hef aldrei átt upptökuvél eða neitt svoleiðis. Ég vissi ekkert hvernig ég liti út nema uppstillt í spegli. Ég hélt að ég væri svo glaðleg og blíð í framan en þegar ég sá sjálfa mig í sjónvarpinu þá blasti við mér samanhert norn og ég fékk algert áfall.“ Hún segist hafa þurft að breyta allhressilega um taktík. „Fólk hafði sagt við mig að ég væri svo illileg á svipinn. Ég skildi ekkert um hvað fólk var að tala fyrr en ég sá sjálfa mig,“ segir hún og er farin að skellihlæja að endurminningunni. „Svo fengum við þjálfun í því hvernig maður beitir andlitinu á skjánum og það kom sér mjög vel og ég lærði fullt af trixum. Hver hreyfing verður svo ýkt á skjánum. Ég hef þá tilhneigingu að setja í brýrnar og það verður svo yfirþyrmandi þegar dökkbrýnd manneskja gerir það. Ég þurfti að læra að slaka á. Fyrsta ráðið sem ég fékk þegar ég byrjaði á NFS var að vera ég sjálf en það er bara rugl, maður á ekki að vera maður sjálfur. Maður verður að nota tækni,“ segir hún og hlær. Þegar hún er spurð hvort hún fái mikil viðbrögð segir hún svo ekki vera. „Ég hélt að maður yrði böggaður svo mikið og fólk væri hringjandi og kvartandi undan meðhöndlun á fréttum en það hefur verið mjög lítið. Ég er reyndar að mestu hætt að fara á barina, það gæti vel verið að maður yrði böggaður þar.“ Ritdómar eru á næsta leiti og Lóa segist vera logandi hrædd við þá. En það er of seint að snúa við og aldrei að vita nema Lóa setji sig í stellingar rithöfundarins á ný. En fyrst ætlar hún að taka nokkurra mánaða andlegt frí og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.

*martamaria@365.is*




Í HENNI REYKJAVÍKINNI ER MANNHAFIÐ BLÓMLEGT OG HÆGT ER AÐ LÍKJA HENNI VIÐ EITT STÓRT FJÖLLEIKAHÚS ÞAR SEM KENNIR ÝMISSA GRASA. SIRKUS TÓK FYRIR HELSTU HVERFIN OG VELTI FYRIR SÉR HVAÐ HVERFASYSTKIN BORGARINNAR EIGA SAMEIGINLEGT ANNAÐ EN AÐ DEILA SAMA PÓSTNÚMERI. HVERJIR SNOBBA FYRIR HVERJU? ÞARFTU AÐ EIGA BMW TIL AÐ BÚA Á NESINU EÐA ÞYKIR FLOTTARA AÐ SKOKKA Á MILLI HVERFA?

# HVERJIR SNOBBA FYRIR HVERJU?



## 170

Seltjarnarnesið er lítið og lágt en það er ekki þar með sagt að fólkið þar hugsi smátt. MIU MIU töskur þykja þarfaþing hverrar meðal-Neskonu. Töskurnar eru gjaldgengar hvort sem er í kvöldgöngunni á Gróttu eða innkaupaleiðangri á Eiðistorgi. Nes-borgararnir leggja mikið upp úr því að lifa skemmtilegu félagslífi en það er þó ekkert sem toppar Stuðmannaballið sem haldið er árlega í íþróttahúsinu. Stærsti hluti íbúanna er hægrisinnaður og gæti ekki hugsað sér að búa neins staðar annars staðar í bænum.



**Heitasti skemmtistaðurinn:** Eftir að Rauða ljónið var lagt niður neyðast Nesbúar til að sækja skemmtistaði í Reykjavík. 101 á fimmtudagskvöldum kemur mjög sterkur inn hjá kvenpeningnum í hverfinu en Vínbarinn þykir líka töff hjá Nesbúum.

**Best á laugardögum:** Grótta og Blómabúðin Eiðistorgi.

**Félagsmiðstöðin:** Eiðistorg.

**Kagginn:** BMW-jepplingur.

**Uppáhaldslistamaður:** Kogga.

**Á ferilskránni:** Bankastarfsmaður eða framkvæmdastjóri í eigin fyrirtæki.

**Draumasumarfríið:** Rauðvínslegin vínsmökkunarferð til Frakklands með viðkomu í óperunni í París.

## 101

Í Skólavörðuholtinu er enginn maður með mönnum nema að hugsa lífrænt í orðsins fyllstu merkingu. Þar þykir heitt að sjást með vistvænan poka frá Yggdrasli og toppurinn á ísjakanum er að geta flassað snyrtivörum frá hinum umhverfisvæna Dr. Hauschka á börum bæjarins. Ekki skemmir fyrir heildarútlitinu að vera með grænt te í glasi og ef að landi væri lífrænt ræktaður væri það aðaldrykkurinn. Hreinræktuðu staðirnir Hljómalind, Á næstu grösum og Grænn kostur sjá um að halda lífinu í grænu borgurunum því það lifir enginn á detoxmeðferðum allt sitt líf. Týpurnar í 101 snobba fyrir „vintage“ merkjavöru og myndu margar konur saga af sér handlegg fyrir gamla Chanel-tösku.

**Heitasti skemmtistaðurinn:** Boston og Sirkus.

**Besti staður á laugardögum:** Kolaportið.

**Félagsmiðstöðin:** Laugavegur.

**Kagginn:** Gamla góða hjólið.

**Uppáhaldslistamaður:** Gabríela Friðriksdóttir.



**Á ferilskránni:** Spilaði með hljómsveit, nemi í Listaháskóla Íslands, skráður í Íslandshreyfinguna, hefur tekið þátt í auglýsingaherferðum fyrir símafyrirtæki.

**Draumasumarfríið:** Bakpokaferðalag um Evrópu og pílagrímsferð til Indlands.



## 200

Í Kópavoginum eru enn þá einhverjir sem fara í ljós þrisvar í viku og mæta reglulega í líkamsrækt. Þar búa jakkafata- og dragtarklæddir fasteigna- og tryggingasalar, sem leggja mikið upp úr ytra útlitinu. Allar fegrunar- og lýtaaðgerðir teljast „löglegar og vel gildar í augum Kópavogsbúans“ hvort sem um er að ræða brúnkusmurningu eða botox-aðgerð. Karlmannlegur skalli og há kollvik eru sjaldséð, þar sem Kópavogskallarnir forðast hármissi á kollinum eins og heitan eldinn, og eiga hármeðferðir og hárígræðslur upp á pallborðið og baugahyljari fyrir karlmenn er málið.




**Heitasti skemmtistaðurinn:** Rex eða Thorvaldsen.

**Besti staðurinn á laugardögum:** Sólbaðsstofan Smart.

**Félagsmiðstöðin:** Smáralind.

**Kagginn:** Land Cruiser á bílaláni.

**Uppáhaldslistamaður:** Pétur Gautur.

**Á ferilskránni:** Þátttaka í fegurðarsamkeppni er toppurinn á ferilskránni, einkasala á Herbalife, einkaþjálfari, fasteignasali.

**Draumasumarfríið:** Þriggja vikna sólarlandaferð til Mallorca.





## Sveitarómantíkin

**Það er svo sem ekkert nýtt að landið er fagurt og frítt en sveita-elítan hefur gert sveitinni hátt undir höfði og flúið skarkala höfuðborgarinnar. Í sveitina hafa flúið landsfrægir einstaklingar sem vilja geta farið óáreittir út í kjörbúð án þess að vera beðnir um eiginhandaráritun og þrá ekkert frekar en að lifa venjulegu lífi á lopapeysu og í gúmmístígvélum.**

**Heitasti skemmtistaðurinn:** Heima við arineldinn.

**Besti staðurinn á laugardögum:** Náttúran.

**Félagsmiðstöðin:** Bensínstöð byggðarinnar.

**Kagginn:** Gamall jeppi.

**Uppáhaldslistamaður:** Kristján Davíðsson.

**Á ferilskránni:** Byrjaði ferilinn í hljómsveit. Eftir smjörþef af frægðinni lá leiðin í leiklistina og þaðan í sjónvarpið.

**Draumasumarfríið:** Hestaferð um Ísland í góðra vina hópi.



## 210

Garðabærinn er ekki ósvipaður Seltjarnarnesi en bæði þessi póstnúmer tilheyra Kraganum. Fólk í fjármálageiranum flykkist í Sjálandshverfið en það þykir líka alltaf jafn smart að búa á Arnarnesinu. Síðustu ár hafa Flatirnar komið sterkar inn og þar er enginn maður með mönnum nema hafa byggt við húsið sitt. Hvítir eða svartir leðursófar koma sterkir inn í bland við hönnunargóss úr Saltfélaginu sem er poppað upp með dóti úr Tekk Company.

Garðabæjardömur snobba fyrir Spaksmannsspjörum, Karen Millen og Ilse Jacobsen á Garðatorginu og fara ekki út úr húsi nema vera með Dior eða GUCCI-sólgleraugu.

**Heitasti skemmtistaðurinn:** Íþróttahús Stjörnunnar og þegar þorrablót eða aðrar skemmtanir eru haldnar þá lætur enginn sig vanta.

**Best á laugardögum:** Smáralindin.

**Félagsmiðstöðin:** Nordica spa.

**Kagginn:** Range Rover Sport.

**Draumasumarfríið:** Maldíveyjar.





## 107

Vesturbæingarnir eru svartir og hvítir og þar blómstrar hin skandinavíska menning. Hvert heimili er lýst upp með hinum sívinsælu IQ ljósum og í hverri stofu er í það minnsta einn tekkhlutur frá versluninni Fríðu frænku. Dýrgripir úr Epal sóma sér líka vel inni á virðulegum Vesturbæjarheimilum. Fótboltaáhugi innan vissra marka er talin dyggð hjá Vesturbæingunum ef haldið er með KR og því er KR-trefillinn löglegur í fataskáp þeirra. Í Vesturbæinn hrúgast allt fræga og menntaða fólkið, verkfræðingar, sjónvarpsfréttamenn og stjórnmálamenn. Kvenpeningurinn snobbar fyrir Louis Vuitton töskum og fatnaði frá Steinunni fatahönnuði.

**Heitasti skemmtistaðurinn:** Ölstofan.

**Besti staður á laugardögum:** Vesturbæjarlaugin.

**Félagsmiðstöðin:** Melabúðin.

**Kagginn:** Silfurlitaður Volvo.

**Uppáhaldslistamaður:** Hulda Hákon.

**Á ferlisskránni:** Tók þátt í stúdentapólitíkinni í háskólanum, nám í húmanískum fræðum. Sjálfboðaliði fyrir Rauða Kross Íslands.

**Draumasumarfríið:** Kósí helgi í kóngsins Kaupmannahöfn.







... fyrir jólabaksturinn
KitchenAid
Jólatilboð!
GRÆNMETIS KVÖRN fylgir með!
KitchenAid Artisan 150 hrærivél (hvít)
+ grænmetiskvörn og KitchenAid matreiðslubók:
Vélin sem endist kynslóðir!
40.455 stgr.* í hvítu
ÞÚ SPARAR 10.646
5 Ára Years Jahre Anni Jaar Garantie, Garanzia, Garantie Ábyrgð
FYLGIR MEÐ!
GRÆNMETISKVÖRN, 3 rifjárn fylgja
FYLGIR MEÐ!
Myndskreytt KitchenAid MATREIÐSLUBÓK
Íslensku, fylgir,
150 alþjóðlegar uppskriftir
Fæst einnig sér á 3.790 kr.
TILVALIN JÓLAGJÖF!
60 síðna leiðbeiningahandbók á íslensku fylgir.
* Fullt verð: kr. 51.101 stgr.
Fæst í mörgum litum og stáli
Fjöldi aukahluta fáanlegir, s.s.: þeytari, kornkvörn, grænmetis-rifjárn, pastagerðartæki, ávaxtapressa, pylsu- og kransakökugerðarsett, berjapressa og dósaopnari.
KitchenAid einkaumboð á Íslandi
P VIÐ DYRNAR
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is
kíktu á www.ef.is




BYLGJAN
REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
alla virka daga kl. 16
GOTTFOLK
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# sirkus STJÓRINN

## Hverjir voru hvar?



Helgin var fjölbreytt, litrík og í svalari kantinum hjá Sirkusstjóranum enda nóg um að vera. Á föstudagskvöldinu voru útgáfupartí á hverju götuhorni á höfuðborgarsvæðinu. Einar Bárðarson fagnaði öllum trixunum í bókinni ásamt Arnari Eggerti Thoroddsen, höfundi bókarinnar, á Apótekinu. Þar voru Þorgrímur Þráinsson og eiginkona hans, Ragnhildur Eiríksdóttir, Jakob Frímann Magnússon, Ívar Guðmundsson kraftlyftingagúru og Tryggvi Jónsson athafnamaður. Í útgáfuteiti Eyvindar Karlssonar á næsta horni, Litla ljóta andarunganum, sátu foreldrar Eyvindar, Karl Ágúst Úlfsson leikari og kona hans, Ásdís Olsen, á fremsta bekk og klöppuðu syni sínum lof í lófa, en Eyvindur las upp úr nýútkominni bók sinni. Þar var líka varaþingmaðurinn Paul Nikolov, fyrsti útlendingurinn sem situr á Alþingi, íhugull og saug í sig íslenska menningu.



Á laugardagskvöldinu hélt Sirkusstjórinn í hina árlegu „hnakkaveislu“ útgáfufyrirtækisins Senu sem haldin var á Apótekinu. Þar svifu um fagrar meyjar og sveinar. Þema veislunnar var að þessu sinni, rautt og svart/hvítt og höfðu veislugestir lagt mikið á sig við að velja klæðnað fyrir partíið. Það fór vel á með þeim Ásgeiri Kolbeinssyni yfirhnakka og fyrrverandi fegurðardrottningunni Ragnheiði Guðfinnu. Monitorritstjórinn Biggi í Maus var eins og rokkkóngur umkringdur fögrum fljóðum og ræddi meðal annars við sjarmatröllið Guðmund Jónsson í Sálinni um bransann. Sjónvarpsdrottningin Andrea Róbertsdóttir var afar blómleg með rauða rós í hárinu og brosti sínu blíðasta. Stjarna veislunnar var þó óumdeilanlega spjallkóngurinn Logi Bergmann Eiðsson sem lék á als oddi en eflaust hefur hann saknað konu sinnar Svanhildar Hólm, sem var fjarri góðu gamni aldrei þessu vant. Að loknu heljarinnar kvöldi hélt Sirkusstjórinn heim sæll og glaður og sofnaði með bros á vör.







FLOTT Í TAUINU Jakob Frímann Magnússon skartaði silkijakkafötum í tilefni dagsins en kærasta hans, Birna Rún Gísladóttir viðskiptafræðingur og nýbökuð móðir, klæddist svörtum kjól og slá frá Steinunni fatahönnuði. Takið eftir sokkabuxunum, þær settu algerlega punktinn yfir i-ið.



DORRIT STAL SENUNNI Ólafur Ragnar og Dorrit mættu galvösk í veisluna. Hún var ein af fáum sem skartaði ekki svörtum klæðnaði í veislunni. Ólafur var einn af fjórum sem fékk að halda ræðu í veislunni og talaði hann um brúðhjónin eins og þau væru aldargamlir vinir hans.



EÐALPAR Stefán Hilmar Hilmarsson, aðstoðarforstjóri Baugs, er hér ásamt unnustu sinni, Friðriku Hjördísi Geirsdóttur. Hún klæddist glæsilegum Dolce & Gabbana kjól, með GUCCI-veski og loðkeip um sig svo að henni yrði ekki kalt.



BERLEGGJUÐ Í FROSTINU Tinna Ólafsdóttir og eiginmaður hennar, Karl Pétur Jónsson, voru glæsileg þegar þau komu í kirkjuna. Hún klæddist svörtu og hefur ekki hlustað nógu vel á veðurspána því hún var ekki í neinum sokkabuxum.

BRÚÐKAUP JÓNS ÁSGEIRS OG INGIBJARGAR STEFANÍU

# Svört föt og berir leggir

Menn eru sammála um að brúðkaup Jóns Ásgeirs og Ingibjargar Stefaníu hafi verið ein glæsilegasta veisla sem haldin hefur verið lengi enda iðaði skemmtanaelítan í Reykjavík þegar boðskortið barst. Það sem vakti mikla athygli var að flestir gestanna mættu í svörtum fötum en ekki er hefð fyrir því í íslenskum brúðkaupum. Svartur er yfirleitt flokkaður sem litur sorgarinnar en þar sem litapalletta brúðhjónanna er yfirleitt bara svört með silfruðu ívafi töldu brúðkaupsgestirnir óhætt að skarta svörtu. Berir leggir voru líka áberandi enda eru húðlitaðar sokkabuxur löngu dottnar úr tísku og engin eðalskvísa lætur sjá sig í 40 denum eða minna. Þær sem skörtuðu beru leggjunum vita að „bjútí is pain“ og létu sig hafa það. Í Hafnarhúsinu var hvíti liturinn mest áberandi í skreytingum og borðhaldi. Í porti Hafnarhússins voru langborð þar sem hvítklæddir þjónar stjönuðu í kringum gestina. Í viðbyggingunni við Hafnarhúsið var hins vegar hljómsveitin og þar tjúttuðu gestirnir fram á rauða nótt.



Í GYÐJUKLÆÐUM Guðrún Pétursdóttir geislaði í brúðkaupinu í skósíðum kjól. Í bakgrunni sést í Ragnhildi Gísladóttur og Birki Kristinsson. Ragnhildur klæddist kjól úr Kronkron.



FÖGUR BRÚÐHJÓN Jón Ásgeir var klassískur en Ingibjörg klæddist kjól frá Steinunni fatahönnuði. Takið eftir brúðarvendinum, það er ekki hver sem er sem skartar svörtum rósum. Brúðhjónin flugu beint til Parísar á einkaþotunni eftir brúðkaupsveisluna þar sem þau ætla að dvelja í tíu daga.



ÍÞRÓTTAÁLFUR OG FRÚ Það var hressandi að sjá Magnús Scheving í sparifötum. Hér er hann með Ragnheiði Melsted, eiginkonu sinni.



SJÖTTI MEÐLIMURINN Í ROLLING STONES Sigurður Gísli Pálmason, bróðir brúðarinnar, var eins og rokkstjarna þegar hann mætti í brúðkaupið í skinnfrakka með týpugleraugu. Hér er hann með eiginkonu sinni, Guðmundu Þórisdóttur, sem var vel vopnuð slæðu svo að greiðslan myndi ekki fara úr skorðum í rokinu.



NÝI GLITNISFORSTJÓRINN Lárus Welding er hér ásamt eiginkonu sinni, Ágústu Margréti Ólafsdóttur. Hún er viðskiptafræðingur og starfaði hjá Baugi í Lundúnum meðan Lárus starfaði fyrir Landsbankann þar í borg. Hún hefur verið heimavinnandi síðan þau fluttu heim en þau eignuðust dóttur sumarið 2005.



HEIMSBORGARALEG Nanna Björg Lúðvíksdóttir og Þórður Már Jóhannesson voru glæsileg í brúðkaupinu. Nanna skar sig úr og klæddist kjól sem hún keypti í Saks í New York en stígvélin eru úr Kultur. Þórður Már var hins vegar GUCCI-klæddur frá toppi til táar.



GLÆSILEG Pálmi Haraldsson, fjárfestir og viðskiptafélagi Jóns Ásgeirs, er hér ásamt eiginkonu sinni, Höllu Rannveigu Halldórsdóttur.


Allt sem þú þarft…
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
ÞRIÐJUDAGUR
…alla daga
FRÉTTABLAÐIÐ
2.790000 kr.
Fíton/SÍA

# helgin

## 5 leiðir til að gera stefnumótið þolanlegt



### Varist vinsæla veitingastaði og bari

Það er fátt vandræðalegra en að lenda á næsta borði við fyrrverandi „félaga“ sem hefur deilt aðeins meiru með manni en einum drykk á Kaffibarnum þegar farið er á fyrsta deit. Því ber að varast 101 Reykjavík eins og heitan eldinn þegar kemur að því að ákveða stað fyrir stefnumótið. Hótelbarir eins og Loftleiðir og Hótel Saga koma sterkir inn og ætti að vera lítið mál að redda íverustað yfir nóttina ef út í það færi. Hverfisbarir eins og Kringlukráin, Nikkabar og Ölver eru vel geymd leyndarmál þar sem rómantík svífur yfir sveittum hamborgara, ódýru öli og einum Jolene slagara og ætti að vera fullkomin uppskrift að hressu stefnumóti.

### Skildu bílinn eftir heima



Eftir einn ei aki neinn. Einn drykkur á milli vina getur létt andrúmsloftið svo um munar á fyrsta stenfumótinu og létt um málbeinið, vandræðalegheitin fara á minnsta kosti á bið þangað til daginn eftir.

### Ekki prófa eitthvað nýtt

Það er hvorki staður né stund að prófa eitthvað nýtt á fyrsta stefnumótinu. Hafir þú aldrei borðað með prjónum ættir þú að taka fálega öllum uppástungum um austurlenska veitingastaði og beina spjótunum á öruggari mið.



### Fatnaður sem veitir þér öryggi

Veldu þér föt fyrir stefnumótið sem þér líður vel í. Ekki fara í þrengstu gallabuxunum sem þú getur varla setið í án þess að hneppa frá eða flegnasta bolnum sem krefst stöðugrar brjóstahagræðingar.

### Réttur farði

Ekki vera of mikið máluð. Settu á þig hyljara frá Bobbi Brown svo að baugarnir komi ekki í gegn. Bobbi fæst í Lyfjum og heilsu og Hagkaupum. Maskari og gloss ættu svo að duga það sem eftir lifir kvölds, engar ban-



anaskyggingar og engar meikklessur, takk.



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Gæti orðið forseti

Þórhallur er fæddur 11.11 1963. Þar sem hann fær fjóra ása í fæðingardegi sínum er hann ókrýndur leiðtogi,“ segir spákonan Sigríður Klingenberg um Þórhall Gunnarsson í Kastljósinu. „Þórhallur er óhræddur við að fara sínar eigin leiðir og óhræddur við að taka það á sig sem hann á ekki. Hann verður því að passa að í kringum hann verði sterk framvarðasveit sem vinnur verk sín vel. Hann er óvenju næmur og mun það koma í ljós eftir því sem hann verður eldri að hann gæti búið yfir skyggnigáfu. Það má líkja Þórhalli við bambus, ekkert brýtur hann, þú getur í mesta lagi beygt hann en hann verður bara beinni og sterkari fyrir vikið. Þórhallur er rosalega trygglyndur og þeir sem eru það heppnir að njóta vináttu hans verða öruggir því hann passar sína. Hans starfsframi er rétt að byrja, honum munu ekki halda nein bönd. Hann verður áfram í sjónvarpinu og á eftir langan tíma þar og þótt hann yrði sjónvarpsstjóri þá yrði hann áfram á skjánum. Þórhallur er fimma, eins og undirrituð, og er þar af leiðandi með munninn alveg hreint fyrir neðan nefið og er orðheppinn með ólíkindum en hlýr, ástríkur og góður kærasti. Þórhallur er búinn að vera á erfiðu ári, það er búið að vera of mikið að gera og hann þarf að finna ráð til að slaka meira á. Hann er að fara á ár lítilla breytinga en hann mun finna einhvern í byrjun næsta árs sem gæti orðið hans hægri hönd og tekið af honum mesta ómakið. Það kæmi mér ekki á óvart að Þórhallur yrði forseti einn góðan veðurdag.“



**ÓKRÝNDUR LEIÐTOGI** „Það má líkja Þórhalli við bambus, ekkert brýtur hann, þú getur í mesta lagi beygt hann en hann verður bara beinni og sterkari fyrir vikið,“ segir Sigríður Klingenberg um Þórhall Gunnarsson.

BIRKIR JÓN, ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS, LÆTUR ENGAN BILBUG Á SÉR FINNA

# Greindist með sykursýki

Í kringum þingkosningarnar í vor var ég búinn að vera lengi slappur, ég var alltaf þreyttur og syfjaður. Á mjög skömmum tíma missti ég 6 kg en tengdi þessi dæmigerðu einkenni sykursýki meira við álagið sem var á mér á þessum tíma. Eftir erfiðan kosningaslag ætlaði ég að taka því rólega og ná mér af síþreytunni og slappleikanum sem hafði hrjáð mig, en ekkert gerðist,“ segir Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, um aðdraganda veikinda sinna. Birkir Jón er aðeins 28 ára gamall en þrátt fyrir ungan aldur hefur honum skotið hratt upp á stjörnuhimin Framsóknarflokksins. Birkir hefur gegnt störfum fyrir flokkinn í tæpan áratug og verður að teljast framsóknarmaður í húð og hár. Birkir hefur setið í mörgum nefndum fyrir Alþingi og gegndi meðal annars stöðu aðstoðarmanns félagsmálaráðherra á árunum 2001-2003.

„Fyrirhuguð ferð mín til Úkraínu í júní síðastliðnum ýtti við mér að leita læknishjálpar. Ég gat ekki hugsað mér að lenda á austur-evrópsku sjúkrahúsi ef eitthvað út af brygði og ákvað því að fara í læknisskoðun áður en ég héldi út fyrir landsteinana. Í kjölfarið fór í ég rannsóknir og var greindur með insúlínháða sykursýki.“ Í tilfelli Birkis er sykursýkin ættgeng og hafa margir í fjölskyldunni hans glímt við þessa sömu tegund af sykursýki. Insúlínháð sykursýki, sem er oft kölluð sykursýki 1, verður til þegar brisið framleiðir ekki insúlín í nægilegu magni og án insúlíngjafar getur sjúkdómurinn leitt til dauða. Það sem kom Birki einna mest á óvart eftir að hann greindist með sykursýkina er hversu margir glíma við sykursýki á Íslandi en talið er að í kringum 4.700 Íslendingar þjáist af sykursýki.

Í tilfelli Birkis skaut sykursýkin seint upp kollinum en það er algengt að þessi týpa sykursýki greinist hjá börnum og unglingum. „Frá því að sjúkdómsgreiningin lá fyrir hef ég reynt að nálgast sjúkdóminn með jákvæðum hætti. Líf mitt hefur svo sannarlega tekið stakkaskiptum frá því að ég greindist og margar jákvæðar lífsstílsbreytingar hafa orðið á lífi mínu í kjölfarið. Ég fór aftur að hreyfa mig og stunda núna reglulega líkamsrækt auk þess sem mataræðið hefur breyst til batnaðar. Ég má ekki neyta sykurs í miklu magni og því er sælgæti og súkkulaði ekki lengur á boðstólum og sömuleiðis er afar óhollt að drekka léttvín, það er því ýmislegt sem hefur þurft að víkja af matseðlinum,“ segir Birkir aðspurður hvers hann sakni mest úr „gamla, góða“ mataræðinu. Birkir tekur þó fram að matseðill hans sé ekkert miklu frábrugðnari því sem áður var fyrir utan óhollustuna sem hefur þurft að víkja. „ Til að byrja með var erfitt að venjast því að þurfa að sprauta sig þrisvar á dag en það hefur komist upp í vana og í dag gæti ég varla verið hressari. Sykursýki er enginn dauðadómur og ef fólk hugsar vel um sig er lítið mál að lifa með sjúkdómnum,“ segir Birkir að lokum.

*bergthora@frettabladid.is*



**BIRKIR JÓN JÓNSSON**

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. TRYMBILLINN OG MEGA „BUFFIÐ“ HANNES HEIMIR HELDUR ÁFRAM SIGURGÖNGU SINNI. HANNES JAFNAÐI MET HELGA SELJAN MEÐ ÁTTUNDA SIGRI SÍNUM Á MÓTHERJANUM ÁSGRÍMI SVERRISSYNI DAGSKRÁRGERÐARMANNI OG KVIKMYNDASPEKÚLANT Í SÍÐUSTU VIKU. ÁSGRÍMUR SKORAÐI Á BAGGALÚTINN BRAGA VALDIMAR SKÚLASON TIL AÐ BINDA ENDA Á SIGURGÖNGU HANNESAR. HÉR MÆTIR HANNES BRAGA.

**1. Hvað heitir kvikmyndin sem byggist á lífi frönsku leikkonunnar Edith Piaf sem frumsýnd var á dögunum?**

**2. Hvaða íslenski myndlistarmaður sýnir verk sín af alheimsfegurðardrottingum á Kjarvalsstöðum?**

**3. Hvað heitir skáldsaga Árna Þórarinssonar sem kom nýverið út?**

**4. Í síðustu viku hóf fatahönnuðurinn Ásgrímur Már Friðriksson, betur þekktur sem Ási, sölu á hönnun sinni á netinu, en línan er samstarfverkefni þeirra Ása, Ástu Kristjánsdóttur og Andreu Brabin. Hvað heitir fatamerkið?**

**5. Hverjir sendu frá sér plötuna „Hold er mold“?**

**6. Hvaða fyrirtæki stendur á bak við íslensku bjartsýnisverðlaunin sem Guðný Halldórsdóttir leikstjóri hlaut fyrir nokkru?**

**7. Hver leikstýrir verkinu Konan áður eftir Roland Schimmelpfenning sem frumsýnt var í Þjóðleikhúsinu í síðustu viku?**

**8. Nýlega átti sér stað allsérstakt brúðkaup manns og tíkar. Hvar í heiminum var brúðkaupið?**

**9. Hvaða þrír tenórar leggja hinum íslensku Frostrósum lið á tónleikum þeirra í desember?**

**10. Hvaða framleiðslufyrirtæki keypti kvikmyndaréttinn að fyrstu glæpasögu Óttars M. Norðfjörð, „Hnífur Abrahams“?**



### Hannes Heimir 6 RÉTT SVÖR

1. La vie en rose.
2. Birgir Snæbjörn Birgiss.
3. Dauði trúðsins.
4. Ég man það ekki.
5. Hjálmar.
6. Ekki hugmynd.
7. Einar Falur.
8. Á Indlandi.
9. Kolbeinn Ketilsson, Gunnar Guðbjörnsson og Jóhann Friðgeir.
10. Zik Zak.



### Bragi Valdimar 3 RÉTT SVÖR

1. La vie en rose.
2. Pass.
3. Get ekki munað það.
4. Hef ekki hugmynd.
5. Megas og Senuþjófarnir.
6. Icelandair.
7. Pass.
8. Á Indlandi.
9. Það get ég munað.
10. Saga film.

**Rétt svör: 1.** La vie en rose. **2.** Birgir Snæbjörn Birgisson. **3.** Dauði trúðsins. **4.** E-label. **5.** Megas og Senuþjófarnir **6.** Alcan. **7.** Hafliði Arngrímsson. **8.** Á Indlandi. **9.** Jóhann Friðgeir, Kolbeinn Ketilsson, Gunnar Guðbjörnsson. **10.**Framleiðslufyrirtækið Zik Zak.

Hannes Heimir bar sigur af hólmi og hampar því níunda sigri sínum. Hannes hlaut sex stig af tíu mögulegum á móti þremur stigum Braga Valdimars, Bragi skorar á hinn alvitra Guðmund Kristin Jónsson, hljómsveitarmeðlim Hjálma, að slá út „Buffið“ Hannes.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 SIRKUS 2 SIRKUS+

Apple IMC

# HVAÐA STJÖRNUR FALLA Í GILDRUNA HJÁ AUDDA?

**TEKINN 2 - FÖSTUDAGA KL. 20:35**




skemmtilegri



**LOGI Í BEINNI** - kl. 20:00



**TEKINN 2** - kl. 20:35



**STELPURNAR** - kl. 21:10




**Reykjavík og nágr.**
Hagkaup Kringlan
Hagkaup Skeifan
Hagkaup Smáralind
Hagkaup Spöng
MAX raftæki Kauptúni
Nettó Mjódd
Heimilistæki
Suðurlandsbraut 26
Sjónvarpsmiðstöðin
Síðumúla 2

**Landsbyggðin**
Hljómsýn Akranesi
Hagkaup Borgarnesi
Samkaup Úrval Borgarnesi
Skipavík Stykkishólmi
Blómsturvellir Hellissandi
Samkaup Úrval Ísafirði
Smáalind Patreksfirði
Kaupf. Steingrfj. Hólmavík
Krákur Blönduósi
Kaupf. V-Húnv. Hvammst.
Skagfirðingabúð Sauðárkr.
Samkaup Úrval Ólafsfirði
Valberg Ólafsfirði
Heimilistæki Akureyri
Hagkaup Akureyri
Nettó Akureyri
Heimilistæki Húsavík
Fláabrún Vopnafirði
Samkaup Úrval Egilsst.
Martölvan Höfn
Nettó Höfn
Klakkur Vík
Geisli Vestm.eyjum
Mosfel Hellu
Heimilistæki Selfossi
Verslunin Rás Þorlákshöfn
Tölvuspítalinn Grindavík
Kaskó Reykjanesbæ
Hagkaup Reykjanesbæ
Samkaup Úrval Reykjanb.

**REYKJAVÍK** SUÐURLANDSBRAUT 26 SÍMI 569 1500
**AKUREYRI** GLERÁRGÖTU 36 460 3380
**HÚSAVÍK** GARÐARSBRAUT 18A 464 1600
**SELFOSS** EYRARVEGI 21 480 3700

**Heimilistæki** ht.is




**Alspá 445 5000**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Óskaspá**
Opið frá 17-23 alla daga. Sími 901 5060. Geymið Auglýsinguna.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Skemmtanir

MURDER MYSTERY PARTY Jólaveislan / Árshátíðin. Reykjavík & á hóteli www.eskimos.is

## Trésmíði

Smiður getur bætt við sig verkefnum, vanur öllu. Uppl. í s. 848 6904.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

3 hross. Nánar á http://youtube.com/watch?v=FD5Rggup5OA Uppl. s. 4538106 Hallur.

Til sölu sjónvarp, sjónvarpsskápur, skrifborð, skrifborðsstóll, stofuborð o.fl. Uppl. í s. 567 3327.

Til sölu lazyboy sófi með 4 sætum og geymsluboxum úr hagkaup,kostar nýr 180.000 selst á 75.000.Einnig rafmagnsrúm án dýnu (90x200) selst ódýrt.Upplýsingar í síma 5551225 og 8220420

ICEBIKE auglýsir opið á laugardögum í desember Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur. Mikið úrval af Mótorhjól - Fjórhjól Hlífðarfatnaður Skór Hjálmar Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn Gjafakort Icebike.is Iðavöllum 10 230 Keflavík sími 421 5452

**Þvottavélar og þurrkarar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, þurkarar og uppþvottavélar. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545. Opið um helgina.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. Ný borðuppþvottavél á 12 þ. Nýr þurkari á 12 þ. 28" tv á 10þ. 20" á 5þ. Þvottavél á 10þ. Örbylgjuofn á 3þ. Glerskápur á 3þ. Barstólar á 3þ. Chicco barnavagn á 5þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Óskar eftir kæli 0-4 °C. Uppl. í s. 857 3391.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Óska eftir að kaupa mixer með innbyggðum magnara á lítinn pening. Uppl. í s. 693 2335.

## Tölvur



**Umboðssala**
Allt í umboðssölu - BMS-Tölvulausnir. Sími 565 7080, Suðurlandsbraut 8

## Vélar og verkfæri




HAMMER Trésmíðavélar á góðu verði Ásborg, vélar og verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212

## Til bygginga

Ný mótaborð (dokar) til sölu 1.545 kr/m2 m.vsk, uppl. í s: 847-3798 Halldór og ulfurinn.is

# HEILSA

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Heilnudd. Uppl. í s. 857 1356.

## Heilsuvörur



—7 Kíló á 9 Dögum — Clean 9 Verð: 14.690 kr Uppl. í síma 697 8928 Sigga.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

2 stk. 90 x 200 Gravity Zero (stillanleg rúm) til sölu. Uppl. í s. 664 8203.

## Heimilistæki

Nýlegt, Indesa þvottavél og Whirlpool þurrkari til sölu. Fæst á góðu verði. Uppl. í s. 899 8802.

Eldhúsháfur með barka úr ryðfríu stáli til sölu. V. 30 þús. Uppl. í s. 863 8007

## Dýrahald



Hundaeigendur ath! Opið hús! Vorum að fá nýja sendingu af hundafötum, komið og verslið jólaföt og gjafir snemma. Opið hús í Hléskógum 6, kl: 12-18, laugardaginn 24 nóv. Eldri föt á tilboði! Erum einnig með glæsileg bæli, feldvörur og fleira fyrir hundinn. www.halsakot.is/verslun



pomeranien 8mán húsvanur gullmoli til sölu sími8213770



**Dýrabær**
Flottar kattaklórur í mörgum stærðum. Dýrabær Smáralind www.dyrabaer.is

Border Collie shieffer strákur fæst gefins. Uppl. í s. 696 9825.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

4 Herb. íbúð til leigu á Kleppsveginum með eða án húsgagna. Langtíma leiga. Tryggingavíxill + 2 mán. Fyrirframm. Leiga 150 þús. Uppl. í s. 821 9812 Gunnar.

Til leigu góð 2ja herb. íbúð í Grafarvogi. Uppl. hjá SPS fasteignamiðlun í s. 699 4994.

Skrifstofuhúsnæði til leigu að Austurstræti 3 101 Rvík um er að ræða 5 skrifstofur allar með WC ýmsar stærðir upplýsingar í sima 6903031

## Sumarbústaðir




## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir lagerhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu undir heildsölurekstur sem fyrst. 30-100fm. Uppl. í s. 865 4015.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Fellihýsi - Fornbílar!**
Eigum nokkur pláss eftir í upphituðu fyrsta flokks húsnæði á Eyrarbakka. Vefmyndavélar. S. 564 6500.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 511 3030,info@4thfloorhotel.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Tónlistarkennsla**
**Í tilefni af brúðkaupi mínu næsta sumar óska ég eftir þolinmóðum aðila til að kenna mér eitt til tvö lög á gítar eða píanó ásamt smávægilegri söngkennslu. Er frekar lagvís og kann vinnukonugripin á gítar. Svör með upplýsingum óskast send á Fréttablaðið, Skaftahlíð 24, 105 Rvk eða á smaar@frett.is merkt „tónlistarkennsla“**

DÝRARÍKIÐ

**Starfsfólk óskast**
**Okkur vantar starfsfólk í heilsdags og/eða hálfsdagsstarf. Viðkomandi þarf að hafa staðgóða þekkingu á fiskum og/eða brennandi áhuga á fiskum. Við leitum að fólki til lagerstarfa, afgreiðslu í verslun og við umhirðu á fiskum.**
**Nánari upplýsingar í síma 56 87170 eða í versluninni.**

**Bílstjóri - Lagermaður**
**Búr ehf óskar eftir að ráða bílstjóra sem einnig sinnir lagerstörfum. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 20 ára. Góð Íslenskukunnátta og kurteisi skilyrði.**
**Upplýsingar í síma 896 2836 á skrifstofutíma. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi.**

**Cafe Conditori Copenhagen**
**Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf strax og í hlutastarf á kaffihús okkar. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð.**
**Nánari upplýsingar veitir Silvía í síma 699 8827.**

**Hrói Höttur**
**Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki í sal,útkeyrslu og grill. Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eftir kl 14 eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

Pizza Hut

**Vantar þig vinnu með skólanum í vetur?**
Pizza Hut Hótel Nordica leitar að duglegu og stundvísu hluta starfólki í vetur. Um er að ræða störf í veitingasal og í eldhúsi. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Birgir veitingastjóra í síma 694 8022 og 533 2002.

Pizza Hut

**Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

SUBWAY

**Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla?**
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

## SUMARHÚS / LÓÐIR

www.101grimsnes.is



SUMARHÚSALÓÐIR Á BESTA STAÐ Í GRÍMSNESI

EIGNALÓÐIR, KJARRIVAXIÐ LAND, FAGURT ÚTSÝNI YFIR SOGIÐ OG FJALLAHRINGINN.

AÐEINS 45 MÍN. FRÁ REYKJAVÍK

- HITAVEITA
- RAFMAGN
- KALT VATN
- INTERNET
- NÁTTÚRUFEGURÐ

Búgarður ehf. - Sími: 898 0801
www.101grimsnes.is

## TIL SÖLU



BHS

## Margmiðlun Bókasafnstækni

Á lista- og fjölmiðlasviði Borgarholtsskóla er boðið upp á dreifnám í margmiðlunarhönnun og bókasafnstækni.

**Innritun stendur yfir á vorönn.**
*Leitið upplýsinga á:*
http://dreifnam.multimedia.is
Borgarholtsskóli við Mosaveg
S. 535 1700.

## ATVINNA

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Kjötiðnaðarmaður
## Matreiðslumaður

Við leitum að einstakling til að veita forstöðu kjötborði okkar í Hagkaup Kringlu góðir tekjumöguleikar fyrir duglegan einstakling

Nánari uppl veitir Leifur Þórsson í s:6606330

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA



### Vegna aukinna verkefna óskar Málmtækni HF eftir vinnusömum og traustum aðilum í fullt starf.

Málmtækni er traust og rótgróið fyrirtæki og vinnur á sviði innflutnings og efnissölu. Hjá fyrirtækinu starfa um 15 manns og er vel haldið um starfsmenn fyrirtækisins.

Um ræðir fjölbreytt og krefjandi starf við afgreiðslu, lagerstörf og útkeyrslu. Meirapróf er álitinn kostur, en er ekki skilyrði. Vinnutími er frá 8-17:30 mánudaga til fimmtudaga og 8-16:30 föstudaga.

Málmtækni býður starfsmönnum upp á heitan mat í hádegi og ýmis önnur hlunnindi, svo sem reglulegar uppákomur, árshátíðarferðir fyrir starfsmenn ásamt maka og fleira. Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Örn Sigurbjörnsson í síma 580-4500 eða Höskuldur Örn Arnarson í síma 580-4519

Einnig er hægt að senda umsóknir með tölvupósti á hoskuldur@mt.is

Málmtækni HF
Vagnhöfða 29
110 Reykjavík
580 4500
www.mt.is

MÁLMTÆKNI ÁL • STÁL • PLAST




VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar


sbarro

**Hefur þú áhuga á ítalskri matargerð?**
**Sbarro auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í eldhúsi og við afgreiðslu. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli þjónustulund, vera stundvís og eiga auðvelt að vinna með öðru fólki. Vinnutími er samkomulagsatriði. Góð laun í boði. Æskilegt er að starfsmaður tali íslensku. Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á www.sbarro.is eða hafa samband við Steina í síma: 696-7021.**

**Keiluhöllin í Öskjuhlíð**
**Óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í kvöld og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 864 6112 og á www.keiluhollin.is**

**Prikið auglýsir.**
**Vantar fólk í dyravörslu helgarvinna í boði. 20 ára aldurstakmark.**
**Upplýsingar í síma 690 6906**

## Flokkstjórn í ræstingum



**ISS Ísland ehf. óskar eftir að ráða í starf flokkstjóra í ræstingum á svæði 104.**

Starf flokkstjóra felst m.a. í:
* umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað
* ræstingu á verkstað
* samskiptum við viðskiptavin
* kennslu og þjálfun starfsmanna

Vinnutími er frá kl. 16:00 -20:00.

*Í starfi flokkstjóra er áhersla lögð á lipurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja.*

**Upplýsingar í síma 5 800 600. Einnig á www.iss.is**

ISS ÍSLAND

Húsasmíðameistari óskar eftir smiðum og verkamönnum við nýsmíði og viðhald. Uppl. í s. 894 0031.

SUSHIBARINN.Laugavegur 2, is looking for an employee that can make sushi. Information at Sushibarinn

Kokkur eða matráður óskast í dagvinnu frá kl. 7-14 á veitingastað í Hafnarfirði. Uppl. í s. 897 6096.

Borgargrill óskar eftir að ráða fólk í vinnu. Í boði er dagvinna ásamt kvöld og helgarvinnu. Góð laun fyrir duglegt fólk. Uplýsingar í símum 695-6869 og 820-5851

**HENDUR.IS**
Vantar starfsmann í bókhald; merking og færsla fylgiskjala, útskrift reikninga og afstemmingar. 25-50% starfshlutfall. uppl. á www.hendur.is

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. fatlaðra. Góð sölulaun. S. 824 4768.

**Starfskraftur óskast.**
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

**Starfsfólk óskast**
Næsti bar auglýsir eftir starfsfólki í sal og dyravörðum. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 844 1304, e. kl. 12.00.

Óska eftir konu í létt eldhússtörf og þrif frá 8-16. Uppl. í s. 898 6262.

**Smiðir**
Óska eftir að ráða vanan smið í uppsláttarvinnu. Áhugasamir hafið samband við Guðmund í s. 895 6820.

**Málarar.**
Traust fyrirtæki vantar góða málara. Uppl. í s. 840 7690 milli kl. 10-12.

sbarro

**Vaktstjóri á Sbarro**
**Sbarro auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf í eldhúsi og við afgreiðslu. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli þjónustulund, vera stundvís og eiga auðvelt að vinna með öðru fólki. Vinnutími er samkomulagsatriði. Góð laun í boði. Æskilegt er að starfsmaður tali íslensku. Umsækjendum er bent á að sækja um rafrænt á www.sbarro.is eða hafa samband við Steina í síma: 696-7021.**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 897 4433 & 894 0292.**

## Atvinna óskast

**HENDUR.IS**
Þarft þú eða þitt fyrirtæki aðstoð í jólavertíðinni. Erum með hundruð manna á skrá. Fáðu tilboð. uppl. www.hendur.is

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.


# Hvað er að frétta?

## Við tæklum sportið_




www.visir.is

# Fjörutíu þúsund ár

**UMRÆÐAN**
Orkumál



EIRÍKUR HJÁLMARSSON

Samkvæmt heimasíðu Orkustofnunar dugar nýtanlegur hitaforði í jarðskorpu landsins okkur í fjörutíu þúsund ár. Algengt viðmið segir okkur að það teljist 1.333 kynslóðir. Íslendingabók – þessi á netinu – fullyrðir að ég sé 27. ættliður frá Agli Skallagrímssyni. Orkuforðinn endist okkur því fimmtugfalt kynslóðabilið milli mín og Egils á Borg.

Fyrir rúmri öld var jarðhitinn talinn til tjóns á jörðum. Í hverina álpaðist fénaður og stundum fólk og óslægja gat verið umhverfis þá. Nú er jarðhitinn talinn til hlunninda. Fyrst nýttu menn heitar lindir, þá hveri á yfirborðinu, síðan boranir í lághitasvæðin og loks boranir á háhitasvæðum. Við frumstæða tækni var auðlindin lítil en mat á stærð hennar hefur vaxið, ekki bara með aukinni tækni heldur ekki síður með aukinni þekkingu. Nú standa yfir tilraunir með djúpboranir eftir orku. 40.000 árin gætu því orðið 400.000 eða 4.000.000. Umhverfissjónarmið draga verulega úr stærð hinnar nýtanlegu auðlindar og sú spurning vaknar í þeirri umræðu sem nú stendur um virkjanir almennt hvort það sé útbreitt mat meðal þjóðarinnar að auðlindin sé hreinlega ekki fyrir hendi. Ég nefni þetta hér því eitt af þeim atriðum sem nefnd voru í grein Láru Hönnu Einarsdóttur hér í blaðinu í gær voru efasemdir um sjálfbærni jarðhitanýtingar. Sjálfbær nýting auðlindar er sú nýting sem ekki skerðir möguleika komandi kynslóða til að nýta hana. Þekkingin sem aflað er með nýtingu jarðhitans nú tel ég auka möguleika komandi kynslóða til að nýta þessa sömu auðlind, ekki skerða hana.

Það er leitt ef ég hef misboðið Láru eða öðrum með því að finnast það síðra að 80 prósent athugasemdanna, sem bárust við frummatsskýrslu um fyrirhugaða Bitruvirkjun, reyndust samhljóða. Orkuveita Reykjavíkur lítur svo á að mat á umhverfisáhrifum eigi að betrumbæta hugsanlegar framkvæmdir. Þess vegna eru allar ábendingar jafngildar og fjölbreytileiki þeirra eykur líkurnar á því að leiðir til betrumbóta finnist.

Þá vil ég drepa á það atriði greinar Láru sem hún kýs að kalla hótun mína eða blekkingu. Þar vísar hún til þeirra ummæla minna að það geti verið að aðrir aðilar en Orkuveita Reykjavíkur geti haft áhuga á að virkja jarðhitann á Hengilssvæðinu. Það sem ég átti við er að Hveragerðisbær og Ölfus ásamt Rarik hafa farið með virkjanaáform í Grændal rétt norðan Hveragerðis í gegnum umhverfismat. Þá er landið sem fyrirhuguð Bitruvirkjun stendur á ríkisjörð og ríkið á þrjú orkufyrirtæki.

Skipulagsvald er í höndum sveitarfélaganna í landinu og kjósi sveitarstjórn að skjóta stoðum undir atvinnulíf með því að skipuleggja virkjunarsvæði er ekki hægt að gefa sér að eitthvert tiltekið fyrirtæki eigi þar nýtingarrétt um aldur og ævi. Raforkumarkaðurinn á Íslandi er lögum samkvæmt samkeppnismarkaður og stjórnarskráin segir okkur að hér sé atvinnufrelsi. Það eru staðreyndir málsins og hvorki hótun né blekking felst í því að benda á þær.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur.*

# Spornað gegn svifryki

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Í gær var gefin út viðvörun því stillt var í veðri og kalt en það eru kjöraðstæður fyrir svifryksmengun – svifryk er fínasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfærin. Umhverfissvið Reykjavíkurborgar hefur umsjón með loftmælingum og gefur út slíkar viðvaranir til almennings ef talið er að fólk með viðkvæm öndunarfæri, astma eða lungnasjúkdóma þurfi að forðast fjölfarnar umferðargötur. Í Reykjavík stafar loftmengun fyrst og fremst af vegasamgöngum.

Nokkrir þættir hafa áhrif á loftgæðin í Reykjavík og tengjast þeir margir áherslum yfirvalda og borgarbúa. Reykjavíkurborg veitir m.a. ökumönnum sem velja bifreiðar sem menga minna tækifæri til að leggja ókeypis í gjaldskyld stæði borginni. Umhverfissvið borgarinnar vill einnig sýna gott fordæmi með því að leigja visthæfar bifreiðar og kaupa reiðhjól til að starfsmenn geti skroppið á þeim á fundi eða í eftirlit í nágrenni. Í hjólreiðaáætlun sem borgin vinnur nú að er gert ráð fyrir að reiðhjólið verði alvöru samgöngutæki.

Umhverfissvið hefur látið hanna vefmæli þar sem almenningur getur séð hver loftgæðin eru hverju sinni. Þennan mæli má sjá á heimasíðu Reykjavíkurborgar, umhverfissviðs, menntasviðs og leikskólasviðs. Þá er skólastjórum í grunnskólum og leikskólum tilkynnt um það í tölvupósti ef ástæða þykir til að gefa út viðvörun vegna svifryksmengunar.

Reykjavíkurborg vill finna leiðir til að draga úr mengun og er skuldbundin til þess samkvæmt reglugerð (nr. 521/2002) en þar segir að svifryksmengun megi ekki fara oftar en 23 sinnum yfir heilsuverndarmörk á þessu ári. Dregur úr þessum skiptum til ársins 2010 en þá verða skiptin aðeins sjö. Bæði borgaryfirvöld og íbúar þurfa því að leggja sitt af mörkum til að ná þessu mikilvæga markmiði.

Fjölmargt er hægt að gera til að draga úr svifryksmengun, m.a. að breyta ferðavenjum, nota almenningssamgöngur, ganga og hjóla úr og í skóla og vinnu og nota góð vetrardekk í stað nagladekkja.

*Höfundur er formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar.*




**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR ALÞINGISKONA ER 33 ÁRA Í DAG**

*„Í þessu frumvarpi liggur sú framtíðarsýn að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál hér á landi, sömu virðingar og íslenska tungan.“*

***Katrín Júlíusdóttir á Alþingi nýlega þegar hún mælti fyrir frumvarpi um að táknmál yrði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. NÓVEMBER 2005

## *Ellen Johnson-Sirleaf kosin forseti Líberíu*



Þennan dag árið 2005 var Ellen Johnson-Sirleaf kosin forseti Líberíu. Hún er fyrsti kvenforseti landsins og auk þess fyrsti kvenleiðtogi Afríkuríkis. Hún er einnig annar kvenleiðtogi heims af afrískum uppruna og er oft kölluð járnkonan, sem á að vísa til vilja hennar og staðfestu. Í kosningabaráttunni sögðu stuðningsmenn hennar hana hafa það fram yfir keppinauta sína að vera betur menntuð og að vera kona. Meðal keppinauta hennar var fótboltahetjan og goðsögnin George Weah.

Óháðir aðilar, erlendir sem innlendir, fullyrtu að kosningarnar hefðu verið frjálsar, sanngjarnar og gagnsæjar en Johnson-Sirleaf fékk 20 prósent fleiri atkvæði en næsti frambjóðandi. Í mars 2006 bað hún Bandaríkjaþing um aðstoð við að koma Líberíu í fremstu röð Afríkuríkja hvað lýðræði varðar. Hún á þó á brattann að sækja því stuðningsmenn Charles Taylor, fyrrverandi forseta landsins, eru margir áhrifamenn innan ríkisstjórnarinnar.

**MERKISATBURÐIR**

**1838** Kirkjugarðurinn við Suðurgötu í Reykjavík, Hólavallagarður, er vígður og fyrsta greftrunin fór fram.

**1939** Fyrsta orrusta herskipa í seinni heimsstyrjöldinni er háð undan suðausturströnd Íslands. Þýsku skipin Scharnhorst og Gneisenau sökkva breska skipinu Rawalpindi. Um 270 manns fórust en 23 var bjargað.

**1990** Íslenska alfræðiorðabókin kemur út hjá Erni og Örlygi. Í bókinni eru um 37 þúsund uppflettiorð.

**1990** Fyrsti kvenleiðangurinn á suðurpólinn heldur af stað frá Suðurskautslandinu. Leiðangurinn tók 70 daga og spannaði 1.287 kílómetra.



†

*Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Þórarinn Kjartansson**

Forstjóri Bláfugls, Mýrarási 15, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 17. nóvember, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju mánudaginn 26. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vildu minnst hans er vinsamlegast bent á að láta hjálpar- og björgunarsveitir, Hjartavernd, Reykjalund eða aðrar hjálparstofnanir njóta þess.

**Guðbjörg A. Skúladóttir**
**Kjartan Þórarinsson**
**Skúli Þórarinsson**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján J. Þorkelsson**

vélstjóri, áður búsettur að Boðahlein 5, Garðabæ.

lést á Hrafnistu miðvikudaginn 21. nóvember sl. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 28. nóvember nk. kl. 15.00.

**Kristján E. Kristjánsson** — **Áslaug Gísladóttir**
**Brynhildur Kristjánsdóttir** — **Stefán Sigurðsson**
**Auður Kristjánsdóttir** — **Roger Olofsson**
**Alfa Kristjánsdóttir** — **Sigmar Þormar**
**Bárður Halldórsson**
**Grétar Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, bróður, mágs og afa,*

**Erlings Bertelssonar**

Unnarbraut 13b, Seltjarnarnesi.

**Marga Thome,**
**Katrín Erlingsdóttir, Kristján Freyr Einarsson, Erlingur Snær Kristjánsson, Sigríður Bertelsdóttir, Alfons Thome, Agathe Hahn og aðrir aðstandendur.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Lilju Ingimarsdóttur,**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

**Auðbjörg Díana Árnadóttir** — **Jón Hermannsson**
**Ingimundur Árnason** — **Jónína Þórarinsdóttir**
**Ingvi Jens Árnason** — **Ása Helga Halldórsdóttir**
**Ingimar Arndal Árnason** — **Dace Rumba**
**Rakel Árnadóttir** — **Bjarni Vestmann**
**og ömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

HÖRÐUR KRISTINSSON GRASAFRÆÐINGUR: MÁLÞING Í TILEFNI SJÖTUGSAFMÆLIS

# Þekkir hverja þúfu landsins



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

**GRASAFRÆÐINGURINN** Hörður hefur stundað grasafræðirannsóknir í hálfa öld og lagt mikið til fagsins.

Málþing til heiðurs Herði Kristinssyni grasafræðingi verður haldið á Hótel KEA í dag.

Hörður verður sjötugur næstkomandi fimmtudag og hættir störfum hjá Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar Íslands um næstu mánaðamót.

Á málþinginu, sem hefst klukkan 14, verða flutt nokkur erindi og farið í gegnum stöðu íslenskrar grasafræði með hliðsjón af ævistarfi Harðar en hann hefur stundað grasafræðirannsóknir í hálfa öld.

Hörður segir áhugann á plöntum hafa vaknað mjög snemma. „Það vitnaðist á meðal ættingja að Magnús bróðir minn hefði gaman af blómum og fékk hann Flóru Íslands í afmælisgjöf. Hann var ekki mjög hár í loftinu og kom því í minn hlut að aðstoða hann við að greina plönturnar,“ segir Hörður.

Hann er er alinn upp á Arnarhóli í Eyjafjarðarsveit og þegar þeir bræður voru búnir að kanna sitt næsta nágrenni fóru þeir á fjöll til að finna fleiri tegundir. „Sem unglingur var ég farinn að þekkja mest alla flóruna,“ segir Hörður og var því snemma ljóst hvert hann stefndi.

Hörður hefur sérhæft sig í flétturannsóknum og nam hann grasafræði í Þýskalandi. Þar voru einnig þeir Helgi Hallgrímsson og Bergþór Jóhannsson við nám. Hörður segir þá þrjá hafa gert sér grein fyrir því að flestir íslenskir grasafræðingar hefðu fengist við blómplöntur. „Við ákváðum því að raða okkur á lágplönturnar og í kjölfarið fór ég að fást við fléttur,“ útskýrir Hörður.

Hann segir að í kringum Surtseyjargosið hafi bandarískir sérfræðingar komist á snoðir um að hann væri að rannsaka fléttur og fengið hann til að skoða landnám þeirra á eyjunni. Fyrst þurfti þó að rannsaka tilvist þeirra á landinu og fékk Hörður það verkefni. Hann hefur því farið mjög þétt um Ísland til að safna sýnum. Þá lagðist hann einnig í mikla rannsóknarvinnu í tengslum við gerð Íslensku plöntuhandbókarinnar sem kom út árið 1986 og tók auk þess allar ljósmyndirnar í bókinni.

Hörður stendur einnig á bak við vefinn floraislands.is þar sem upplýsingar um plöntur á Íslandi og útbreiðslukort er að finna. Flestar myndirnar á síðunni eru eftir Hörð.

Þrátt fyrir að Hörður sé formlega að hætta störfum er hann síður en svo sestur í helgan stein. Hann ætlar að snúa sér að ritstörfum og er handbók um fléttur í sigtinu.

**vera@frettabladid.is**





Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S. HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


AFMÆLI



**SVANHILDUR JAKOBSDÓTTIR** söngkona er 67 ára í dag.



**STURLA BÖÐVARSSON,** forseti Alþingis, er 62 ára í dag.



**JÓHANN G. JÓHANNSSON** leikari er 36 ára í dag.



**HLÍN AGNARSDÓTTIR** leikstjóri og rithöfundur er 54 ára.

# Samband íslenskra framhaldsskólanema stofnað

Ný lög Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) voru samþykkt 4. nóvember síðastliðinn en félagið var stofnað fyrir skemmstu.

Forsendur fyrir stofnun SÍF eru í grundvallaratriðum þær að hagsmunamál allra nema á framhaldsskólastigi séu þau sömu, hvort sem um ræðir starfs-, iðn-, eða bóknámsnema. Það þótti tímabært að skapa eina sterka heild sem myndi beita sér fyrir því að rödd fyrrnefnds hóps myndi heyrast og að réttinda hans yrði gætt.

Hlutverk félagsins er meðal annars að hafa forystu í hagsmunamálum framhaldsskólanema, að vera upplýsandi um kjaramál framhaldsskólanema og að hafa forystu í félagsstarfi og félagsmálafræðslu. Þá mun SÍF leitast við að vera leiðandi í upplýsingagjöf um nám á framhaldsskólastigi.



**FRAMHALDSSKÓLANEMAR** Hlutverk félagsins er meðal annars að hafa forystu í hagsmunamálum framhaldsskólanema.

# STÓR ÚTSALA Á UPPÍTÖKUBÍLUM

Frábær afsláttur!
Frábært verð!

ATH!
Fyrsta afborgun
5. mars. 2008

ATH!
Kr. 50.000 til 100.000
gjafakort frá Smáralind
fylgir öllum bílum.

100% lán í allt
að 84 mánuði

Gott úrval á staðnum - Dæmi um bíla á útsölu:

Verð áður kr. 1.470 þús.
Útsöluverð kr. 1.240 þús.



Renault Megane II, árg 2004 ek. 47 þús - sjsk.

Ekkert út og 18.100 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

Verð áður kr. 1.390 þús.
Útsöluverð kr. 1.130 þús.



Citroen Xsara, árg 2004 ek. 52 þús - bsk.

Ekkert út og 16.500 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

Verð áður kr. 980 þús.
Útsöluverð kr. 820 þús.



Nissan Almera, árg 2004 ek. 81 þús - bsk.

Ekkert út og 11.950 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

Verð áður kr. 1.330 þús.
Útsöluverð kr. 1.060 þús.



Renault Scenic, árg 2003 ek. 100 þús - bsk.

Ekkert út og 17.700 á mánuði.
Fyrsta afborgun 5. mars 2008.*

Með hverjum útsölubíl fylgir gjafakort í Smáralind.
Bílar yfir 1 milljón = 100.000 kr. gjafakort
Bílar undir 1 milljón = 50.000 kr. gjafakort

Smáralind

Opið virka daga frá kl. 09 til 18
og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is
Grjóthálsi 1 - 575 1200

*Bílasamningur m.v. 100% lán og mánaðarlegar greiðslur í allt að 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.




## STUÐ MILLI STRÍÐA í g-streng á gamals aldri

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** VILL EKKI AÐ ALLIR LÍTI EINS ÚT



Í fyrrakvöld skemmtum við litla fjölskyldan mín okkur við að horfa á beina útsendingu frá keppni drengja í fegurð. Þrátt fyrir að finnast fegurðarsamkeppnir fáránlegt fyrirbæri hef ég samt alltaf jafn gaman af því að horfa á þær og velta því fyrir mér hvernig hægt sé að taka hóp af strákum eða stelpum og gera alla eins en geta samt valið einn sem á að vera fallegastur.

Það að vilja líta sem best út er mannkyninu nánast eins eðlilegt og að borða og sofa og ekkert athugavert við það. Ég hef hins vegar aldrei skilið hvernig hægt er að halda því fram að fólk geti ekki verið fallegt nema á einhvern einn hátt og fegurð er fyrir mér allt annað en ljósabrúnka og litað hár. Tignarlegar hreyfingar, blik í augum og skörp kímnigáfa finnst mér allt meira heillandi og miklu oftar tek ég eftir fegurð fólks sem er eins og því er eðlilegast að vera en þess sem hefur tekist að troða sér í þröngt fegurðarformið.

Verst finnst mér þegar venjulegar en voða sætar fullorðnar konur ætla að verða svaka beib aftur og fara að hamast í ræktinni og liggja í ljósum. Þó að þeim finnist þær líta voða vel út grindhoraðar og kaffibrúnar er staðreyndin sú að venjulega eldir nýja útlitið þær bara um tíu til fimmtán ár.

Gott dæmi um það að þetta útlit er ekki fyrir alla sá ég undir Eiffelturninum í vor þar sem ég rakst á tvenn hjón um sjötugt. Karlarnir voru báðir ósköp venjulegir og önnur konan mjög sæt. Hinni konunni gleymi ég hins vegar aldrei. Undir aflituðum toppi blasti við sú mesta ofnotkun sólbrúnkukrems sem ég hef séð í einu andliti. Þar fyrir neðan var efnislítill toppur í felulitum sem hefði sómt sér vel á sautján ára stelpu og við hann klæddist sú gamla þröngum gallabuxum. Ég varð hins vegar ekki virkilega hrædd fyrr en hún sneri sér við og ég sá að upp úr buxunum að aftan gægðist svartur netastrengur. Ég get svo svarið það að ef Grýla væri til myndi hún líta nákvæmlega svona út í dag.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



erum og verðum

# ALLTAF ÓDÝRARI

## INTEL TÖLVUPAKKI 3

- Intel Core2Duo E6750 - 4MB
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce 8600GT
- 22" Acer widescreen 5ms

119.950

## TURNUPPFÆRSLA 1

- AMD X2 DualCore 4000+
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 512MB Ati Radeon X1250

29.950

## TURNUPPFÆRSLA 4

- Intel Core 2 Duo E6750
- 2GB DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB GeForce 8600GT

67.950

## UPPFÆRSLA B

Amd X2 4200+, MSI móðurborð, 1GB DDR2 minni, Geforce 6100 256MB skjástýring, hljóðk, netk. ofl.

15.950

## 20" ACER GAMERS

Frábær 20" Acer skjár með Crystalbrite tækni, 1680x1050 upplausn, 1000:1 í skerpu og 2 ms

27.950

## AMD 6400+ ÖRGJÖRVI

AMD Athlon 64 X2 DualCore 6400+, 3,2GHz með 2x 1MB Cache innpakkaður án kæliviftu

19.950

## AMD SLI MÓÐURBORÐ

Öflugt móðurborð frá MSI fyrir AMD örgörva, nForce 570SLI, 4x DDR2 800, 6x SATAII raid, 10x USB2, HD hljóðkort

9.450

## DVICO TVIX M-3100

DViCO TViX M-3100U margmiðlunarspilari fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp án tölvu, fullkomin fjarstýring fylgir.

14.950

## XILENCE AFLGJAFI

Öflugur 550watta Xilence aflgjafi með hljóðlátri 120MM viftu, ATX ver. 2.2

5.450

## 8600GT SKJÁKORT

Geforce 8600GT frá Pixelview með 600MHz core, 256MB **DDR3** 1400MHz minni, DVI, TV out ofl.

10.950

## ACER ASPIRE 5920G

- 2.0Ghz Core 2 Duo T7300
- 2GB Dual DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8600GT
- 15,4" CrystalBrite skjár

119.950

## CANON IP4500

Canon iP4500 er 5 hylkja ljósmyndaprentari með 9600x2400 dpi upplausn ChromaLife tækni

11.750

## CANON LIDE 90

48 bita, USB2 skanni 2400x4800dpi upplausn Lítill og nettur skanni sem hentar vel á öll heimili

9.950

## PAPPÍR Í MIKLU ÚRVALI

Prentaðu út jólakortin eða ljósmyndirnar sjálf/ur Pappír í miklu úrvali fyrir öll tilefni

## BLEK Í MIKLU ÚRVALI

Hjá okkur er mikið úrval af bleki á frábæru verði í flesta HP og Canon prentara

## 2GB MINNISLYKILL

Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

2.950

## SENNHEISER HD 202

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól frábær hljómur frábært verð

2.750

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

**! Kl. 17**

*Þeir Sigmundur Ernir Rúnarsson og Guðni Ágústsson kynna bók sína „Guðni – Af lífi og sál“ í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18 í dag kl. 17. Boðið verður upp á léttar veitingar og eru allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fjölbreytt efnisskrá og góðir gestir

Júlíkvartettinn heldur tónleika í bíósal Duus-húsa í Reykjanesbæ á sunnudaginn kemur. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 16.

Júlíkvartettinn er skipaður þeim Júlíönu Elínu Kjartansdóttur og Rósu Hrund Guðmundsdóttur fiðluleikurum, Sesselju Halldórsdóttur víóluleikara og Auði Ingvadóttur sellóleikara. Þær starfa allar í Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hafa líka leikið saman sem kvartett í mörg ár.



**JÚLÍKVARTETTINN** Kemur fram með góðum gestum á sunnudag.

Sérstakir gestir Júlíkvartettsins á tónleikunum verða þau Aðalsteinn Axelsson gítarleikari, Bjarni Benediktsson saxófónleikari, Rúnar Þór Guðmundsson tenór, Sigtryggur Kjartansson píanóleikari og Sigurbjörg Hjálmarsdóttir sópransöngkona, en þau eru öll nemendur í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Auk þess munu nokkrir kennarar skólans koma fram með kvartettinum og nemendunum.

Efnisskráin er fjölbreytt að þessu sinni og má á henni finna verk eftir jafn ólíka höfunda og Andrew Lloyd Webber, Antonín Dvorák, Hoagy Carmichel, Wolfgang Amadeus Mozart og Joaquin Rodrigo.

Tónleikarnir eru liður í samstarfi Félags íslenskra tónlistarmanna og Félags íslenskra hljómlistarmanna við menningarfulltrúa Reykjanesbæjar, Tónlistarfélag Reykjanesbæjar og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Samstarfið hlaut styrk úr Tónlistarsjóði.

Suðurnesjamenn og aðrir eru eindregið hvattir til að mæta á þessa tónleika, sem verða mjög fjölbreyttir og sérstakir. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir á meðan að húsrúm leyfir. - vþ

**> Ekki missa af …**

Sýningunni „Daagblaðið Víísir“ í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, en henni lýkur á sunnudaginn. Á sýningunni má sjá íslenskar fréttaljósmyndir frá árunum 1960-2000. Ljósmyndasafn Reykjavíkur er í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15, og er aðgangur ókeypis.









# Raggi fer til Feneyja

**Tilkynnt var í gær við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands sem Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar stóð fyrir að Ragnar Kjartansson, myndlistarmaður með meiru, yrði fulltrúi Íslands á Tvíæringnum í Feneyjum 2009. Í þann mund sem athöfnin stóð yfir voru menn í óða önn að pakka saman í Feneyjum sýningu Steingríms Eyfjörð Kristmundssonar sem staðið hefur frá í vor og á fjórða tug þúsunda gesta sótti.**

Framkvæmdastjóri Kynningarmiðstöðvar, Christian Schoen, stýrði athöfninni í gær og flutti þakkarorð þeim mörgu sem lögðu sýningunni í Feneyjum lið í sumar, sýningarstjóranum Hönnu Styrmisdóttur, styrktaraðilum öllum og ráðuneytinu. Christian stóð að baki þeirri ákvörðun að draga sýningarhald Íslands að Stóra kanal, býsna langt frá aðalsýningarsvæðinu í austurhluta Feneyja þar sem sýningarhald tvíæringsins er jafnan. Var sýningu Steingríms komið fyrir í Palazzo Bianchi Michiel þar sem grunnhæðin gaf möguleika á talsvert góðu rými til sýningarhaldsins. Sýningin vakti talsverða athygli, fékk lofsamlega dóma í meðal annars Observer og Kunstforum international. Verður sýningin sett upp í heild í janúar hér í Listasafni Reykjavíkur en það kom að framkvæmdinni með tilleggi í hina myndarlegu sýningarskrá.

Menntamálaráðherra lýsti vilja sínum til sóknar á þessum mikilvæga stað í hinum alþjóðlega myndlistarheimi. Það væri einlægur vilji sinn að gera betur en í gær og fyrradag: síðan tilkynnti hún að Ragnar Kjartansson yrði fulltrúi Íslands í sumarbyrjun 2009. Það er valnefnd skipuð þeim Rúrí, Christian Schoen og Hafþóri Yngvasyni sem ræður þessari tilskipan en hún naut ráðgjafar máttarstólpa í íslensku myndlistarlífi.

Ragnar var að vonum ánægður, nýkominn frá Feneyjum þar sem hann leit á Tvíæringinn og skoðaði aðstæður. Hann sagði að nú væri hann bara í fegurðardrottningarfílingnum, hann vissi ekki hvað hann fengi af fjármagni til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd, né heldur hvort enn yrði notast við höll hins bjarta Mikaels. Hann var reyndar mest í kossum og faðmlögum meðan blaðamaður reyndi að tala við hann. Viðbrögðin við sýningu Steingríms á alþjóðavettvangi vekja með ungum myndlistarmanni vonir um að hann nemi ný lönd: Steingrímur sýnir í haust á Max Protetch Galleríinu í New York og mun koma til álita sem þátttakandi í Manifesta og tvíæringnum í Berlín. Ragnar sér því leik á borði.



**MYNDLIST** Ragnar fagnar ásamt samherjum í Listasafninu í gær. Nú tekur hugmyndavinna við og fjársöfnun til að hrinda í framkvæmd sýningu sem verður opnuð eftir tæp tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ragnar er fæddur 1976 í Reykjavík. Hann er sonur þeirra Guðrúnar Ásmundsdóttur, leikskálds, leikkonu og leikstjóra, og Kjartans Ragnarssonar, leikstjóra og leikskálds, og er alnafni afa síns, sem var mikill frumkvöðull í íslenskri myndlist. Ragnar byrjaði ungur að koma fram, var um árabil kórdrengur í Landakoti, en sneri sér síðan á námsárum að tónlistarflutningi í hinni geðþekku hljómsveit Kósý. Hann stundaði nám við Listaháskólann og hefur frá útskrift lagt sig eftir ýmsum listformum. Hann er þekktastur sem tónlistarmaður með hljómsveitum á borð við Trabant og Funerals, en hefur sem myndlistarmaður tekið þátt í fjölda samsýninga, sett upp installationir eða innsetningar, framið gerninga, unnið myndbönd, olíu, teikningar, ljósmyndir og fleira. Hann er nýkominn frá New York þar sem hann var við gerninga og einkasýningu hans í Nýló er nýlega lokið. Hann vinnur nú við smíði á leikmynd fyrir sviðsetningu Benedikts Erlingssonar á leikverkinu Sólarferð í Þjóðleikhúsinu.

Þátttaka íslenskra myndlistarmanna í Feneyjum var lengi stopul og áttu þeir sér ekki annað skjól en gestasali uns gamli finnski skálinn var laus. Íslenskir arkitektar hafa aldrei tekið þátt í Feneyjatvíæringnum sem haldinn er á móti myndlistartvíæringnum, né hefur Íslendingum tekist að komast á kvikmyndahátíðina með verkefni. Við eigum því marga sigra óunna á eyjunum undan Pó. pbb@frettabladid.is




# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



**19.990kr**
GOTT VERÐ

## Philips Ferða DVD spilari PET716

Fjölkerfa DVD spilari
• 7" LCD Breiðtjaldsskjár með 480x234 punkta upplausn • Hristivörn
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
• Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • Dolby Digital • AV út og heyrnartólstengi • Hleðslurafhlaða fylgir sem endist í allt að 2 klukkutíma • Spennir fyrir 110-240V - 50/60Hz og tengi í bíl fylgir • Fjarstýring fylgir



**69.990kr**
Verð áður 79.990,-

## United 27" LCD LTV27W63

27" HD 16:9 LCD sjónvarp
• Upplausn 1280x720 punktar • Progressive Scan • HD Ready • 2x6w Nicam Stereo hljóðkerfi
• 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
• Borðstandur fylgir • Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFW6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
• Stærð í cm (bxhxd): 79,5x43,8x11



**49.990kr**
GOTT VERÐ

## Dantax 19" LCD 19LCDDVDP3

19" 16:9 LCD skjár
• Upplausn: 1440x900 punktar • Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD spilari
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m² • Skerpa: 500:1 og svartími: 4ms • Nicam Stereo hljóðkerfi • Kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Passar fyrir VESA100 festingar (fylgja ekki) • Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8



**99.990kr**
GOTT VERÐ

## Panasonic 32" LCD TX32LE7F

32" HD 16:9 LCD sjónvarp
• Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready • V-Real tækni - Einstök myndgæði • Progressive Scan
• Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m² • Backlight Control • VIERA Link • 16w Nicam Stereo hljóðkerfi
• 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 200 síðna minni • Borðstandur fylgir • Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgir ekki)
• Mál í cm (bxhxd): 79,1x56,3x10,7 og þyngd: 16kg



**39.990kr**
GOTT VERÐ

## Dantax 15" LCD 15LCDDVDP1

15" 16:9 LCD skjár
• Upplausn: 1440x900 punktar • Progressive Scan • HD Ready • Innbyggður DVD spilari
• Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW og JPEG • Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m² • Skerpa: 500:1 og svartími: 3,5ms • 12v og 220v
• Nicam Stereo hljóðkerfi • Kortalesari SD/MS/MMC • USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Svefnrofi og fjarstýring • Passar fyrir VESA100 festingar (fylgja ekki) • Borðstandur fylgir • Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5



**29.990kr**
GOTT VERÐ



**7.490kr**
Verð áður 8.490,-

## Philips DVD spilari DVP3142

Fjölkerfa DVD DivX spilari - silfurlitaður
• Spilar öll kerfi • Progressive Scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0 • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital
• Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
• Digital Coaxial tengi • Fjarstýring

## Panasonic heimabíókerfi SCPT150

Fyrirferðalítið og nett heimabíókerfi
• 330w (5x55w) magnari • DVD spilari • 12bit/108MHz Video DAC • Progressive Scan
• 5 hátalarar og bassabox • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp með stöðvaminnum • Hljóðtengi (RCA) • USB tengi • SCART • Fjarstýring

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


















**KVENLEIKI** Frá sýningunni í Smátíma.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Ný sýning í Smátíma

**Þriðja árs nemar myndlistardeildar Listaháskóla Íslands standa um þessar mundir fyrir sýningaröð í Gallerí Smátíma, í kjallara Kaffi Hljómalindar á Laugavegi 21. Þegar hafa tvær sýningar verið settar þar upp og verður þriðja sýningin opnuð í kvöld kl. 19.**

**Nafn nýju sýningarinnar er Stropað egglos, og eru það Rakel McMahon og Jóhanna Kristbjörg sem sýna saman verk sín. Þær stöllur segjast hafa sigrast á hræðslunni gagnvart kvenlegri list og öllu sem henni tengist. Rauði þráðurinn í sýningu þeirra er því kvenleiki, blandaður dramatík og húmor. Á sýningunni, sem er í raun ein allsherjar innsetning, má meðal annars sjá málverk og myndbandsverk og heyra hljóðverk.**

**Sýningin stendur yfir fram á miðvikudag og er aðgangur að henni ókeypis.** - vþ






# *Dónaleg orð frá Skotlandi*

Sýningin Songs with dirty words verður opnuð á morgun kl. 18 í galleríi BOXi, Kaupvangsstræti 10 á Akureyri. Listamennirnir sem sýna þar að þessu sinni koma alla leiðina frá Skotlandi og heita Niall MacDonald og Ruth Barker. Á sýningunni verða til sýnis prentverk, skúlptúrar og teikningar.

Niall MacDonald stundar meistaranám við Glasgow School of Art. Hann vinnur með prentverk, skúlptúra og innsetningar.

Ruth Barker útskrifaðist með meistaragráðu frá Glasgow School of Art árið 2004. Hún er einn af sýningarstjórum Washington Garcia Gallery í Glasgow. Ruth vinnur með teikningar, skúlptúra og texta.

Allir sem áhuga hafa eru velkomnir á opnunina. Sýningargestum verður boðið upp á íslenska kjötsúpu, grænmetissúpu og skoskt viskí. - vþ



**SKOTAR** Listamennirnir Ruth og Niall.

# Kristján á lokasýningu Safns

Sýning á verkum Kristjáns Guðmundssonar verður opnuð í Safni, samtímalistasafni á Laugavegi 37, í kvöld kl. 20. Kristján Guðmundsson er meðal virtustu og áhrifamestu samtímalistamanna Íslendinga. Frá því hann sýndi verk sín fyrst með SÚM-hreyfingunni árið 1969 hefur Kristján ögrað fyrirframgefnum hugmyndum um daglegt líf og fjallað um hversdagsleg fyrirbæri á ljóðrænan og nýstárlegan hátt.

Myndlist Kristjáns á sterkar rætur í hugmyndalist og um það bera til dæmis „Teikningar“ hans vott, en í þeim eru grafít og pappír, undirstöðuefni hefðbundinna teikninga, sett saman á margvíslegan hátt. Þá hefur Kristján unnið töluvert með tímahugtakið og naumhyggju, svo sem í teikningum sínum og glerverkum.

Á sýningunni í Safni verður áhersla lögð á að sýna verk úr safneign Safns, en henni tilheyra 32 verk og telst það stærsta safn verka Kristjáns í heiminum. Kristján vinnur einnig verk sérstaklega fyrir sýninguna.

Sýning Kristjáns verður síðasta sýning Safns þar sem það lokar um áramótin. Enn er óvíst hvort Safn á sér framtíð í öðru húsnæði og því ljóst að lokunin er mikill missir fyrir íslenska samtímalist. - vþ


**MYNDLIST** Verk eftir Kristján Guðmundsson.





## Vatnsendahvarf – Tónahvarf II

# Atvinnuhúsnæði

## Úthlutun á byggingarétti

Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar á lóðum 1, 3, 5 og 7 við Tónahvarf II* undir atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Lóðirnar eru frá u.þ.b. 4800 m² til 6400 m².

*Athugið að götuheitið Tónahvarf II er ekki endanlegt.




Skipulagssvæðið er hluti af heildarskipulagi Vatnsenda og verður ýmis þjónusta sameiginleg. Ætlast er til að atvinnuhúsnæðið falli vel að umhverfi svæðisins og fyrirhugaðri og núverandi byggð í Vatnsendahvarfi.

Af lóðunum greiðast gatnagerðar– og yfirtökugjöld. Yfirtökugjöld vegna lóða eru kr. 14.300 á m² í lóð en gatnagerðargjöld kr. 9.988 á m² í húsnæði. Gjöldin taka mið af byggingavísitölu sem er 376,7 stig og breytast með henni.

Gert er ráð fyrir að ofangreindar lóðir verði byggingarhæfar í september–október 2008.

Úthlutunargögn fást afhent á Tæknideild Kópavogs, Fannborg 2, 3. hæð. Einnig er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu Kópavogs **www.kopavogur.is**.

Umsóknum skal skilað á sama stað fyrir kl. 15.00 mánudaginn 3. desember 2007.

**Vakin er athygli á að fyrirtækjum sem sækja um er skylt að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2006.**

Byggingarétti á lóðum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt aðal- og deiliskipulags.

*Bæjarstjórinn í Kópavogi*

PIPAR • SÍA • 72327


RÖKKURRÓ


RUFUS WAINWRIGHT

## > Í SPILARANUM

**Rökkurró** - Það kólnar í kvöld …
**Daft Punk** - Alive 2007
**Ellen** - Einhvers staðar einhvern tímann … aftur
**Sunset Rubdown** - Random Spirit Lover
**Rufus Wainwright** - Rufus Does Judy at Carnegie Hall

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Led Zeppelin í tónleikaferð

Rokksveitin Led Zeppelin, sem heldur endurkomutónleika í London í næsta mánuði, ætlar í tónleikaferð á næsta ári. Þetta staðfesti Ian Astbury, söngvari The Cult, á tónleikum sveitarinnar í Bandaríkjunum á dögunum.


**LED ZEPPELIN** Rokksveitin Led Zeppelin ætlar í tónleikaferð á næsta ári.

„Við komum aftur á næsta ári og hitum þá upp fyrir hljómsveit sem þið ættuð að kannast við. Nafnið byrjar á L og það er Z í því,“ sagði Astbury og átti þar við Led Zeppelin.

Zeppelin hefur sjálf ekki tilkynnt um tónleikaferðina en mun líklega gera það á næstu dögum, fjölmörgum aðdáendum sínum til mikillar ánægju.

Tuttugu milljón aðdáendur Zeppelin reyndu að fá miða á tónleika sveitarinnar í London en aðeins tuttugu þúsund voru dregnir út. Verða það fyrstu tónleikar Led Zeppelin í fjórtán ár.



## > Plata vikunnar

Bloodgroup - Sticky Situation

★★★★

„Þessi fyrsta plata Bloodgroup er skemmtilega samsett og dansvæn rafpoppplata sem einkennist af flottum lagasmíðum, góðu sándi og umfram allt miklu stuði.“ TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Er svarið alltaf á íslensku?*

Umræða um íslenska texta í tónlistarmenningu landsins hefur verið nokkuð háværi að undanförnu. Dagur íslenskrar tungu og dagur íslenskrar tónlistar kyntu undir þessari umræðu og skemmst er að minnast orða Dr. Gunna í Bakþönkum í gær. Þar fór Doktorinn ekki leynt með þá skoðun sína að popparar á Íslandi eigi að semja texta sína á íslensku og nefna sig íslenskum nöfnum. Nefndi hann sérstaklega Sprengjuhöllina sem gott dæmi um alvöru íslenska sveit.

Dr. Gunni er reyndar sjálfur gæddur þeim hæfileika að geta samið frambærileg popplög á íslensku en því miður er staðreyndin sú að þessi hæfileiki er ekki öllum í blóð borinn. Ef litið er yfir íslenska dægurlagatexta undanfarna áratugi má nefnilega sjá að mikill meirihluti textanna er ægilegt fánýti með hnoðkenndu rími. Síðasti áratugur hefur verið sérstaklega slæmur að þessu leyti. Að semja lagatexta á íslensku eingöngu til þess að semja lagatexta á íslensku er þess vegna hugmynd sem mér finnst að ætti að taka með örlítilli varúð.

Ég held líka að það sé nokkuð almennur og víðtekinn misskilningur að þær íslenskar hljómsveitir sem semji texta sína á ensku geri slíkt eingöngu með það að markmiði að vinna sigra á erlendri grundu. Enskan er einfaldlega alþjóðlegt tungumál tónlistar og ég held að það sé tónlistarfólki eðlislægt að semja texta á ensku, alveg eins og erindi-viðlag-erindi-viðlag-brú-viðlag er venjan í uppbyggingu á popplagi.

Ég þori samt alveg að viðurkenna að vondir textar á ensku eru alveg jafn slæmir og vondir textar á íslensku, ef ekki verri. Við skulum þess vegna halda áfram að hefja upp vegsemd íslenskrar tónlistar á íslensku en jafnframt njóta tónlistar þeirra sem kjósa engilsaxneskuna fram yfir okkar ylhýra móðurmál. Bæði má nefnilega gera svo vel þyki og góð tónlist er einfaldlega í eðli sínu góð, alveg sama á hvaða tungumáli hún er.






# Kylie snýr aftur

**Ástralska poppdrottningin Kylie Minogue sendir frá sér nýja plötu í næstu viku. X er tíunda hljóðversplata hennar og sú fyrsta eftir að hún greindist með brjóstakrabbamein snemma á árinu 2005. Trausti Júlíusson tékkaði á Kylie.**


**KYLIE MINOGUE** Kann að velja sér samstarfsmenn.

Það eru komin tuttugu ár síðan Kylie Minogue gerði sinn fyrsta plötusamning. Tuttugu ár eru ekkert sérstaklega langur tími fyrir rokkstjörnur, djasstónlistarmenn eða blúshetjur, en það eru ekkert mjög margar tyggjókúlupoppstjörnur sem endast svo lengi. Kylie fór ekki þessa venjulegu leið. Hún byrjaði í dauðhreinsaðri poppverksmiðju Stock, Aitken og Waterman á níunda áratugnum, en færði sig með árunum yfir í áhugaverðari tónlist. Vinsældirnar hafa haldist að mestu, en virðingin fyrir henni hefur aukist mikið. Það er líka þannig að bestu plöturnar hennar eru ekki elstu plöturnar eins og hjá svo mörgum tónlistarmönnum sem byrja eiturferskir og þynnast svo út með árunum, heldur þær nýjustu. Á mánudaginn kemur út ný Kylie plata, X, sem eins og nafnið gefur til kynna er hennar tíunda hljóðversplata.

### Hlé vegna krabbameinsmeðferðar

Síðasta plata Kylie, Body Language, kom út fyrir fjórum árum. Hún vakti meðal annars athygli fyrir smáskífulagið Slow sem Emilíana Torrini samdi að stórum hluta, en það fór beint á topp breska vinsældalistans þrátt fyrir að vera vægast sagt mjög óvenjulegt popplag. Í kjölfar plötunnar fór Kylie í mikla tónleikaferð árið 2005, Showgirl-túrinn.

Þegar hún greindist með brjóstakrabba var hins vegar síðasta hluta tónleikaferðarinnar frestað þar til eftir uppskurð og geislameðferð. Eftir vel heppnaða aðgerð hélt hún tónleikaferðinni áfram árið 2006.

Vinsældir Kylie eru með ólíkindum, sérstaklega í Bretlandi og Ástralíu. Hún fyllti til dæmis Earls Court Arena sjö kvöld í röð fyrr á þessu ári og sýning með ljósmyndum og búningum frá ferlinum sló öll fyrri aðsóknarmet bæði í London og Ástralíu þar sem gestir fóru yfir 500.000.

### Frísklegt elektrópopp

Það er erfitt að útskýra vinsældir Kylie Minogue, en það er augljóst að hún er harðdugleg og metnaðarfull í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Tónleikarnir hennar eru vandlegaskipulagðar stórsýningar. Hún leggur mikið upp úr sviðsmynd og búningum og eins og Madonna er Kylie mjög dugleg að finna sér samstarfsmenn þegar hún býr til plötur.

X var tekin upp í London, Stokkhólmi og á Ibiza. Tónlistin á henni er létt og frísklegt elektrópopp, unnið með hópi atvinnumanna úr poppbransanum.

Svíar eru áberandi, en meðal upptökustjóra og lagahöfunda má nefna Bloodshy og Avant (sem gerðu Toxic með Britney Spears), Guy Chambers og Kathy Dennis, Calvin Harris og Kish Mauve sem samdi fyrsta smáskífulagið 2 Hearts.

Lagið Sensitized vekur líka athygli, en það er byggt á laginu Bonnie & Clyde með franska snillingnum Serge Gainsbourg. Auk plötunnar X er von á nýrri heimildarmynd um Kylie, White Diamond. Hún er gerð af samstarfsmanni hennar til langs tíma, William Baker, og fjallar um endurkomu hennar eftir hléið sem hún gerði á ferlinum fyrir krabbameinsmeðferðina og tónleika hennar í Melbourne í Ástralíu í desember í fyrra.

# Einstakur hljómur Hjaltalín

Hljómsveitin Hjaltalín gefur út frumraun sína á næstunni, Sleepdrunk Seasons, á vegum plötufyrirtækisins Kimi Records frá Akureyri. Níu meðlimir eru í Hjaltalín og spila þeir á „óvenjuleg“ hljóðfæri á borð við fagott, klarinett, fiðlu og selló, auk hefðbundinna hljóðfæra.

„Við lögðum upp með það í byrjun að reyna að hafa hljóminn svolítið sérstakan,“ segir Guðmundur Óskar Guðmundsson úr Hjaltalín. „Við vorum fimm manna band með hefðbundinni uppstillingu en svo fannst okkur við ekki geta búið til skemmtilega einstakt „sánd“ bara við fimm.“

Að sögn Guðmundar bættist í hópinn fólk sem þeir þekktu úr Menntaskólanum við Hamrahlíð, auk fagottleikarans Rebekku sem er frá Keflavík. Hjaltalín vakti fyrst athygli þegar hún kom fram í Kastljósi á síðasta ári. Nokkru síðar kom sveitin fram í þætti Jóns Ólafssonar og þá fór boltinn endanlega að rúlla. Upptökur á nýju plötunni hófust í byrjun þessa árs og upphaflega stóð til að gera þröngskífu með fimm til sex lögum. „Svo breyttist konseptið meira og meira. Við höfðum það mikið efni þegar upp var staðið að það var ekkert vit í því að gera þröngskífu ef við gátum gert breiðskífu,“ segir Guðmundur.

Næstu tónleikar Hjaltalíns verða á tónlistarhátíðinni Nokia on Ice sem verður haldin um helgina á Organ og Gauki á Stöng. Sjöunda desember hitar sveitin síðan upp fyrir hinn bandaríska kvartett Akron/Family á Organ. - fb


**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín gefur á næstunni út frumraun sína.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

> VISSIR ÞÚ?

Söngkonan Mariah Carey keypti einhverju sinni á uppboði píanó sem Marilyn Monroe átti í æsku og borgaði fyrir það meira en 37 milljónir króna. „Ég varð að berjast fyrir því, þetta píanó er táknrænt. Í ævisögu Marilyn er kafli sem heitir „Hvernig ég bjargaði hvítu píanói“. Þetta var það eina sem hún átti sem minnti hana á æskuna,“ sagði Mariah.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Britney komin með kærasta

Britney Spears er komin með nýjan kærasta, að því er fréttir að utan herma. Life & Style Weekly segir nýja manninn í lífi Britney vera þjón á veitingastaðnum Mirabella í Los Angeles, en þangað lagði hún einmitt leið sína seint á þriðjudagskvöld. Sá heppni heitir Michael Marchand og segir blaðið parið hafa hist á laun í nokkrar vikur en að þau séu nú að færa sig út á opinberan vettvang.

„Michael kom inn rétt eftir miðnætti og hún skömmu síðar. Þau voru mjög varfærin. Fjörutíu og fimm mínútum síðar yfirgáfu þau staðinn saman. Hann var heillandi. Hann kom Britney til að hlæja og leit á hana með leyndardómsfullu brosi,“ segir heimildarmaður blaðsins, sem var á Mirabella á þriðjudaginn.

Blaðið heldur því fram að Britney hafi kolfallið fyrir þjóninum þegar hún snæddi á Mirabella í byrjun nóvember. „Það var strax tenging þeirra á milli. Hún kveikti alveg í honum,“ segir annar heimildarmaður. Þau hafa síðan hist á heimili Britney og eru stöðugt að skiptast á skilaboðum.

Þegar Life & Style spurði Michael út í sambandið svaraði hann einfaldlega: „Ég get ekki talað um það núna.“



**NÝR KÆRASTI** Britney Spears fann sér nýjan mann á veitingastað í Los Angeles þar sem hann vinnur sem þjónn.

# Maas þeytir skífum



**TIMO MAAS**

**Plötusnúðurinn Timo Maas þeytir skífum á Nasa laugardagskvöldið 22. desember. Þetta er í þriðja sinn sem hann skemmtir hér á landi. Maas, sem er eitt stærsta nafnið í danstónlistinni, hefur spilað með sveitum á borð við Depeche Mode og Muse og gert tónlist með Jamiroquai, Placebo og Madonnu. Hann hefur unnið til margra verðlauna á sviði danstónlistarinnar og hafa myndbönd kappans orðið nokkuð vinsæl, þá einkum myndbönd laganna Help Me með Kelis og Shifter og First Day með Brian Molko & Jokate.**

**Miðaverð í forsölu er 2.000 krónur og fer miðasala fram í Allsaints.**

# Ágúst Örn kjörinn herra Ísland



**HÖRKU KROPPUR** Ágúst Örn vakti athygli á sviðinu á Broadway.

Ágúst Örn Guðmundsson, 19 ára Akureyringur, fór með sigur af hólmi í fegurðarsamkeppninni Herra Ísland á Broadway í fyrrakvöld.

„Mér fannst einn titill alveg duga, hinn kom skemmtilega á óvart,“ segir Ágúst en hann var einnig sigurvegari í símakosningu áhorfenda á Skjá einum, þar sem keppnin var sýnd í beinni útsendingu. „Þetta var rosalega skemmtilegt kvöld og hópurinn góður og samheldinn,“ segir Ágúst, sem einnig ber titilinn herra Norðurland.

Ágúst Örn er nemandi við Menntaskólann á Akureyri og mun útskrifast næsta vor. Hann hefur þó töluvert misst úr skóla síðustu vikur vegna strangs undirbúnings fyrir keppnina. „Ég fékk góðfúslegt leyfi frá skólanum, en þetta reddast því prófin eru ekki fyrr en eftir jól,“ segir fegurðarkónguinn. Hugur Ágústs leitar suður í nám eftir útskriftina og þá einna helst í flugnám.

Í öðru sæti varð Georg Alexander Valgeirsson, 27 ára Reykvíkingur, og í þriðja sæti Matthías Örn Friðriksson, 21 árs Akureyringur. Garðar Jóhann Garðarsson var kosinn vinsælasti keppandinn og Ingvi Hrafn Þórsson var kjörinn Zihr-herrann. - eá



**NYLON** Nylon-hópurinn tók lagið á Herra Ísland-keppninni.



**FEGURÐARKÓNGAR ÍSLANDS 2007** Georg Alexander Valgeirsson sem hlaut annað sætið, Ágúst Örn Guðmundsson, herra Ísland, og Matthías Örn Friðriksson sem varð í þriðja sæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


# HEILDSÖLU LAGERSALA

## -aðeins í 3 daga!



Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði.
Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

# 50-80% afsláttur

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3. Laga jakkar: | 29.900,- | 11.900,- |
| Skíðabuxur: | 15.900,- | 8.900,- |
| Soft Shell peysur | 13.900,- | 6.900,- |
| Barnaúlpur | 7.900,- | 2.900,- |
| Skíðaúlpur | 18.900,- | 7.900,- |
| Golfjakkar | 16.900,- | 7.900,- |

| Opnunartími: | | |
|---|---|---|
| Föstudagur | 23. nóvember | kl. 14-20 |
| Laugardagur | 24. nóvember | kl. 10-18 |
| Sunndagur | 25. nóvember | kl. 11-18 |

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 - Kópavogi

ZO•ON ICELAND

# Virða ekki reglur

Leikarinn George Clooney segir að paparazzi-ljósmyndarar eigi að virða þær reglur sem gilda í umferðinni og hætta að leggja frægt fólk í hættu með sífelldum myndatökum sínum.

„Á myndum af Britney Spears fara yfir á rauðu ljósi sést að það voru átta ljósmyndarar úti á miðri götu um miðja nótt að mynda hana,“ sagði Clooney. „Það eru engar reglur lengur. Þeir eru að brjóta lögin. Þeir elta fólk á fullri ferð og eru í eltingaleik hver við annan. Þeir eru ekki að reyna að ná manni við að gera eitthvað heimskulegt heldur reyna þeir að búa til atburðarás þannig að maður geri eitthvað af sér.

Ég vil ekki hefta réttindi nokkurs manns,“ sagði hann. „Takið ykkar myndir en ekki fara á fullri ferð niður einstefnugötu.“



**GEORGE CLOONEY** Leikarinn George Clooney segir að paparazzi-ljósmyndarar eigi að fylgja lögum.

# Doherty hjálpar Winehouse

Amy Winehouse sækir sér stuðning á undarlegum stöðum. Stoð hennar og stytta þessa dagana er enginn annar en Babyshamles-söngvarinn og fyrrverandi kærasti Kate Moss, Pete Doherty. Hann er sjálfur að takast á við heróínvandamál sitt um þessar mundir og segist vera að hjálpa Winehouse að eiga við eigin eiturlyfjavandamál og álagið sem fylgir því að eiginmaður hennar, Blake Fielder-Civil, sé í fangelsi.

„Ég tala við hana nánast á hverjum degi. Hún vill bara fá manninn sinn aftur fyrir jól. Þau eru ofboðslega ástfangin,“ segir Doherty. „Það jákvæða við þetta er að Blake er vímulaus núna, eftir að hann fór inn. Það opnaði augu þeirra. Amy hætti öllu svona þegar hann fór inn. Hún áttar sig á því hversu miklu þau hafa að tapa. Þau munu missa hvort annað ef þetta heldur áfram. Ást og tónlist er leiðin áfram,“ segir Doherty.

Ekki eru allir sammála um að hann sé besti ráðgjafinn í þessum efnum. Hann segist vera vímulaus, en fyrr í mánuðinum birti The Sun myndir af tónlistarmanninum þar sem hann sprautaði sig með heróíni. **- sun**



**SÉRLEGUR RÁÐGJAFI** Doherty, sem er sjálfur eiturlyfjaneytandi, segist tala við Amy nánast upp á dag.



**HJÁLP FRÁ DOHERTY** Líf Amy Winehouse er ekki auðvelt þessa dagana en hún ku fá mikinn stuðning frá Pete Doherty.

NORDICPHOTOS/GETTY



**INXS** Hutchence fannst látinn á hótelherbergi í Sydney fyrir tíu árum.

# Minnast Hutchence

**Meðlimir áströlsku rokksveitarinnar INXS minntust þess að tíu ár voru liðin frá dauða söngvara síns Michael Hutchence á heimasíðu sinni. „Michael verður alltaf minnst sem ungrar, skemmtilegrar, hæfileikaríkrar og ástríðufullrar manneskju,“ sagði trommarinn John Farris. Bróðir hans Andrew, sem er einnig í sveitinni, sagðist sakna skopskyns Hutchence, gáfna hans og hvernig hann brosti.**

**Hutchence fannst látinn á hóteli í Sydney 22. nóvember 1997, 37 ára að aldri. „Michael mun lifa áfram í gegnum frábærar laglínur sínar og texta,“ sagði Farris. Eftir að hafa starfað lengi með gestasöngvara réð INXS loks nýjan söngvara, JD Fortune, í gegnum raunveruleikaþátt í sjónvarpinu.**



**BRAD PITT** Leikarinn Brad Pitt hefur hætt við að leika í pólitíska tryllinum State of Play.

# Hættir við State of Play

Brad Pitt hefur hætt við að leika í pólitíska tryllinum State of Play vegna vandræða með handrit myndarinnar. Pitt átti að fara með hlutverk rannsóknarblaðamanns á móti Helen Mirren og Edward Norton. Leikstjóri verður Kevin MacDonald, sem síðast gerði The Last King of Scotland. Verður myndin byggð á bresku sjónvarpsþáttunum State of Play sem hafa notið mikilla vinsælda.

Ekki er hægt að endurbæta handrit myndarinnar vegna verkfalls handritshöfunda og því ákvað Pitt að yfirgefa skútuna.



# Metsölulisti Eymundsson

**1.** **Harry Potter og dauðadjásnið**
J.K. Rowling




Sjöunda og síðasta bókin í vinsælasta, skemmtilegasta og magnaðasta bókaflokki í heimi. Hvernig endar sagan?

**2.** **Harðskafi**
Arnaldur Indriðason




Nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar um lögreglumanninn Erlend rauk beint í efstu sæti metsölulistans.

**3.** **Hnífur Abrahams**
Óttar M. Norðfjörð



Fræðandi spennusaga sem leiðir lesandann á slóðir Nostradamusar, Dauðahafshandritanna og aldalangra átaka íslam og kristni.

**4.** **Gælur, fælur og þvælur**
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn




Sextán stórskemmtileg barnakvæði eftir Þórarinn Eldjárn á bók og geisladiski.

**5.** **Tíu litlir kenjakrakkar**
Þórarinn Eldjárn
Sigrún Eldjárn




Tíu litlum kenjakrökkum fækkar jafnt og þétt þar til bara einn stendur eftir. Allt fer þó vel að lokum. Bráðsmellin bók eftir Sigrúnu og Þórarin Eldjárn.

**6.** **Rimlar hugans**
Einar Már Guðmundsson




Mögnuð ástarsaga fólks sem berst við að koma lífi sínu á réttan kjöl. Frumlegt skáldverk þar sem höfundurinn tekst á við sjálfan sig af fágætri einlægni og hispursleysi.

**7.** **Leyndarmálið**
Rhonda Byrne



Leyndarmálið virkar. Bókin sat í 13 vikur samfellt í fyrsta sæti metsölulistans þegar hún kom út.

**8.** **Þúsund bjartar sólir**
Khaled Hosseini




Loksins er komin önnur bók eftir höfund metsölubókarinnar Flugdrekahlauparinn. Sagan hefur fengið einróma lof gagnrýnenda.

**9.** **Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama?**
Þorgrímur Þráinsson



Vönduð og vekjandi bók sem endurspeglar skarpa sýn höfundarins á hjónalífið, kynlífið og lífið sjálft.

**10.** **Sjóræningjafræði**
Arabella Drummond



Ómissandi fræðirit fyrir sjóræningja og ævintýrafólk á öllum aldri. Meistaralega myndskreytt bók.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Lindsay Lohan fallin aftur?

Tímaritið Life & Style segir frá því í nýjasta tölublaði sínu að Lindsay Lohan hafi fatast flugið á síðustu dögum. Eftir að hún útskrifaðist af meðferðarheimili í Utah hefur stjarnan forðast næturklúbbana og haldið sig við vinnu, verslunarferðir og AA-fundi. Miðað við heimildir Life & Style er þó ekki allt sem sýnist.

Lindsay mætti í partí í heimahúsi í Hollywood 2. nóvember síðastliðinn, og heimildarmaður blaðsins, sem einnig var á staðnum, sagði að hún hefði litið út fyrir að vera „út úr heiminum“. Viku síðar skellti leikkonan sér aftur út á lífið í fylgd vinkonu sinnar, plötusnúðarins Samönthu Ronson. „Hún og Samantha voru alltaf að skreppa á baðherbergið,“ segir heimildarmaður úr því partíi. 10. nóvember mætti Lindsay svo í veislu tímaritsins Paper í Los Angeles. Heimildir þaðan herma að leikkonan hafi „ekki skilið neitt“.

Ekki hefur komið í ljós hvort heimildir blaðsins séu réttar, en Lindsay er nú stödd í New York til að halda þakkargjörðadaginn hátíðlegan í faðmi fjölskyldunnar, móðurinni Dinuh til mikillar gleði. „Lindsay er heima og sonur minn Michael kom heim úr háskóla. Við höfum öll svo mikið til að vera þakklát yfir,“ segir Dinah.



**FATAST FLUGIÐ** Samkvæmt heimildum Life & Style hefur Lindsay Lohan hegðað sér undarlega í nokkrum partíum í mánuðinum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þjóðsögur lifna við á Stíl

**Hönnunarkeppni Samfés, Stíll, fór fram í Kópavogi um síðustu helgi, en þar öttu 52 lið frá félagsmiðstöðvum landsins kappi í fatahönnun, förðun og hárgreiðslu.**

Þema keppninnar í ár var íslenskar þjóðsögur, og af myndunum að dæma höfðu liðin úr nægu að velja til að sækja sér innblástur. Keppnin var hin glæsilegasta, en það var lið félagsmiðstöðvarinnar Mekka í Kópavogi sem bar sigur úr býtum, með túlkun sinni á sögunum af Lagarfljótsorminum.



**UNDIRHEIMAR Á AKUREYRI** Hér er hugmyndin fengin úr þjóðsögu um Þórdísi spákonu, sem átti að vera afar glysgjörn.



**ÞRUMAN Í GRINDAVÍK** Í augum þessa hóps var íslenska ullin nátengd þjóðsögunum, og klæðnaðurinn því unninn að miklu leyti úr henni. Skart var unnið úr beinum, tönnum og klaufum af kindum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**SETRIÐ Í HAFNARFIRÐI** Lið Setursins vann út frá þjóðsögu um brúði sem er myrt af eiginmanni sínum.

# Paris Hilton heimsótti Kína

Samkvæmisljónið Paris Hilton vílar ekki fyrir sér að skjótast heimshorna á milli til þess að sýna sig og sjá aðra. Þessa dagana er hún stödd í borginni Sjanghæ í Kína þar sem hún verður kynnir á MTV-tískuverðlaunahátíðinni í kvöld. Hún verður í borginni í fjóra daga.

Paris komst varla staða á milli sökum ágangs frá ljósmyndurum og blaðamönnum sem fylgdu henni hvert fótmál, auk þess sem lífverðir hennar hleyptu henni ekki úr augsýn. Paris lét það þó ekki aftra sér frá því að skoða alla helstu ferðamannastaði borgarinnar á borð við Yuyuan-garðinn þar sem hún valsaði um allt með pandabangsa sem hún fjárfesti í sama dag. Paris gerði auk þess góða ferð á markað í þeim tilgangi að kaupa sér perlur og silki. Sérstakan áhuga hennar vöktu sérhannaðir kjólar eftir innlenda hönnuði.

Kínverskir fjölmiðlar hafa mikið fjallað um heimsóknina. Einn þeirra hefur eftir Hilton að Sjanghæ líti út „eins og framtíðin“ en borgarbúar eru frægir fyrir tískuvitund sína. Auk þess er greint frá því að hún hafi eitt sinn gert hlé á innkaupum sínum til að faðma gamla konu.



**SPJALLAÐI VIÐ INNFÆDDA** Sagt er frá því í kínverskum fjölmiðlum að Paris hafi eitt sinn gert hlé á innkaupum sínum til að faðma gamla konu. Hér sést hún á spjalli við eldri mann.







# Undirstaða ánægju.



Hästens

since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is

Hugtök Okt 07

# Cortes herjar á Þýskaland

Garðar Thor Cortes býr sig nú af krafti undir eina stærstu tónleika sína þegar hann syngur við vígslu nýs skemmtiferðaskips Cunard-skipasmíðafyrirtæksins hinn 10. desember sem Camilla Parker-Bowles nefnir ásamt eiginmanni sínum, Karli Bretaprins. Síðast þegar Cunard sjósetti nýtt skip var það sjálf Elísabet drottning sem gaf skipinu nafn en reikna má með að fjöldi fyrirmenna frá öllum heiminum verði viðstaddur athöfnina og verður forsætisráðherrann Gordon Brown meðal gesta ásamt ríkisstjórn sinni. Vígslur Cunard eru mikið sjónarspil og má reikna með mikilli flugeldasýningu þar sem Garðar verður í aðalhlutverki innan um bresku hirðina í beinni útsendingu á Sky.



**Á LEIÐ TIL ÞÝSKALANDS** Garðar Thor hefur skrifað undir útgáfusamning við þýska fyrirtækið EDEL og ætlar að taka Þjóðverjana með trompi.

Því næst mun Garðar halda í víking til Þýskalands. Hann skrifaði nýlega undir útgáfusamning við þýska plötufyrirtækið EDEL um útgáfu í Þýskalandi og mið-Evrópu. Einar Bárðarson, umboðsmaður tenórsins, segir að þeir hafi verið í viðræðum við Sony og Universal um útgáfu á þessu svæði en þegar EDEL hafi komið til sögunnar hafi þeir ákveðið að hoppa um borð hjá þeim. „Á eftir Bretlandi er Þýskaland það land sem við bindum mestar vonir við og við vildum því velja aðila sem hafa áhugann og ekki síst skilninginn á því sem við erum að gera en ætluðu ekki bara að keyra á þetta til að taka peninginn,“ segir Einar.

- fgg

# Nýr íslenskur tónlistarvefur

**Ný íslensk tónlistarsíða mun líta dagsins ljós á næstu mánuðum. Jón Ingi Stefánsson, sem áður hefur ritstýrt síðunni film.is, hefur keypt lénið musick.is og er með það fyrir augum að opna alhliða tónlistarvef.**

„Mér finnst vanta einn almennilegan tónlistarvef á Íslandi, og langar að opna vef sem gerir öllum tónlistarstefnum jafn hátt undir höfði, og svalar þörfum allra tónlistarunnenda á Íslandi,“ segir Jón Ingi Stefánsson um nýjan tónlistarvef sinn. Hann segir tónlistarsíður oft geta orðið ansi sérhæfðar. „Ég hugsa að áherslan verði á íslenska tónlist, en vil líka hana alþjóðlega,“ segir hann.

Jón Ingi stefnir að því að gera Musick.is að alhliða vef. „Tónlist.is er verslun, og rjóminn.is er aðallega í plötudómum. Ég vil að þetta verði bæði fréttamiðill og með umfjallanir, í bland við dóma og fleira,“ segir Jón Ingi. „Þetta mun stækka smátt og smátt,“ bætir hann við.

Síðan er komin skammt á veg sem stendur enda kviknaði hugmyndin ekki fyrr en í vor. Jón Ingi hefur nú auglýst eftir áhugafólki um tónlist til að skrifa á síðuna. „Það þarf náttúrlega að vera vel skrifandi líka svo ég er að biðja um prufur. En það eru margir frambærilegir sem hafa haft samband,“ segir Jón Ingi, sem vonast til þess að síðan fari í loftið fljótlega eftir áramót. „Ég þori samt ekki að fullyrða um það. Ég vil ekki heldur byrja of fljótt og mistakast, ég vil vera vel undirbúinn,“ segir hann.



FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**ALHLIÐA VEFUR** Jóni Inga finnst vanta alhliða íslenskan tónlistarvef og hyggst því koma musick.is á laggirnar á næstu mánuðum.

Áhugasamir tónlistarskríbentar geta haft samband við musick@musick.is. „Það eru engir peningar í þessu eins og er,“ varar Jón Ingi við, „en ef vel gengur er kannski hægt að endurskoða það,“ segir hann.

sunna@frettabladid.is

# Skráning hafin í Battle of the Bands

Skráning er hafin í alþjóðlegu hljómsveitakeppnina Global Battle of the Bands sem verður haldin á Gauknum 28. og 29. nóvember. Sú sveit sem stendur uppi sem sigurvegari tekur þátt í lokakeppninni á tónleikastaðnum Astoria í London í byrjun desember. Sigurvegarinn þar fær sex milljónir króna ásamt tónleikaferð um heiminn.

„Skráningin hófst á mánudaginn og þátttakan hefur verið nokkuð góð,“ segir skipuleggjandinn Atli Karens. Hingað til hefur undankeppnin hér heima verið haldin á nokkrum kvöldum en nú verður breyting þar á. „Við ætlum að reyna að hafa þetta á tveimur kvöldum. Hugmyndin er að hafa hraða keyrslu í gegnum þetta.“

Rokksveitin Perla vann keppnina hér heima í fyrra og árið 2005 vann Finnegan keppnina. Skráning í keppnina fer fram á síðunni www.gbob.com. Einnig er að finna upplýsingar í Tónlistarþróunarmiðstöðinni, sem er bakhjarl keppninnar ásamt Deus og Reykjavík FM.

- fb



**FINNEGAN** Hljómsveitin Finnegan vann Global Battle of the Bands hér heima fyrir tveimur árum.





| | | |
|---|---|---|
| RENDITION | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 4, 7 og 10 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 6 og 8 | L |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 10 | 16 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA | kl. 4 - 600 kr. | L |
| HÁKARLABEITA | kl. 4 - 600 kr. | L |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| DAN IN REAL LIFE LÚXUS | kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| BALLS OF FURY | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 - 6 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RENDITION | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| WEDDING DAZE | kl. 6 | 10 |
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SYNDIR FEÐRANNA SÍÐUSTU SÝN. | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 5.40 - 8 - 10:20 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 - 10 | 10 |
| RENDITION | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| WEDDING DAZE | kl. 6 | |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 6 | |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 - 11 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| JESSE JAMES | kl. 8 - 11 | |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 8 - 10:30 | |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 - 10:30 | |
| ÞRÓTTAHETJAN | kl. 4 - 6 | |
| STARDUST | kl. 5:30 | |
| ASTRÓPÍA | kl. 4 - 6 | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. [illegible] DIGITAL | |
| FORELDRAR | kl. 4 - 6 - 8 | |
| THE INVASION | kl. 10 | |
| ÞRÓTTAHETJAN | kl. 4 | |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:30 | |
| MR. WOODCOCK | kl. 8 - 10 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 6 - 8 - 10:10 | |
| ÞRÓTTAHETJAN | kl. 6 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 8 | |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 11 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:30 | |
| WEDDING DAZE | kl. 8 | |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | |

GEFÐU GJAFABRÉF Í BÍÓ Í JÓLAGJÖF



# Rekur við og ropar á safni

Yfirleitt berast fréttir af því að ásjóna einnar eða annarrar Hollywood-stjörnunnar hafi verið greypt í vax á einhverju Madame Tussauds-safninu. Nú ber hins vegar svo til að teiknimyndahetjan Shrek hefur fengið sinn stað á meðal þeirra á safninu í Lundúnum og tekur sig vel út ef marka má myndir. Hann er þó ekki einn á ferð því piparkökudrengurinn Gingy fékk líka sinn stað.

Shrek er ekki bara ólíkur öðrum styttum hvað útlit varðar því hann getur bæði rekið við og ropað líkt og í kvikmyndunum. Gestir á safninu geta ekki bara hlustað á Shrek reka við því þeim gefst kostur á að prófa sérstakan „prumpumæli“ eða „fart-o-meter“.

Vaxstyttan af Shrek er ógnarstór, heilir 2 metrar og 13 sentímetrar, eða um það bil jafnhá körfuboltarisanum Shaquille O'Neal. Gingy er hins vegar aðeins 24 sentímetrar á hæð, eða á stærð við chihuahua hund. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Madame Tussaud's gæti það verið ein minnsta vaxstytta sem búin hefur verið til fyrir safnið.



**KOMINN Á VAXMYNDASAFN** Shrek hefur loks náð þeim áfanga að fá að vera meðal hinna kvikmyndastjarnanna á Madame Tussaud's í London.

# Kraftmikill Larsen

Örfáir miðar eru eftir á tónleika Danans Kims Larsen og hljómsveitar hans, Kjukken, í Vodafonehöllinni á laugardaginn. Larsen og Kjukken ljúka umfangsmikilli tónleikaferð sinni hér á landi og eiga aðdáendur hans væntanlega von á góðu. „Hann kemur og labbar inn á sviðið og notar hvorki textablöð né textavélar og telur síðan í,“ segir skipuleggjandinn Grímur Atlason um Kim Larsen á sviði.

„Þetta eru alltaf þrumandi tónleikar enda er hann mjög góður gítarleikari og ótrúlegur söngvari. Ég hef séð hann bæði hér og úti og það er alltaf sami rosalegi krafturinn. Hann spilar í hundrað mínútur samfleytt og þetta er alltaf mjög sveitt og mikið stuð,“ segir hann.

Larsen og félagar koma hingað til lands í dag og fara af landi brott strax á sunnudag. Miðaverð á tónleikana er 4.900 krónur og fást miðar á midi.is.



**KIM LARSEN OG KJUKKEN** Daninn Kim Larsen þykir ákaflega skemmtilegur á tónleikum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Owen Wilson** hefur sett hús sitt í Santa Monica í Kaliforníu á sölu. Það var þar sem Owen gerði sjálfsmorðstilraun í ágúst, og var í kjölfarið fluttur á spítala. Talið er að hann vilji nú gleyma þeim degi sem allra fyrst og hugsi sér því til hreyfingar. Húsið, sem er með fjögur svefnherbergi, er metið á jafnvirði 140 milljóna íslenskra króna.



**Reese Witherspoon** ku hafa afþakkað bónorð **Jake Gyllenhaal**, sem fór niður á hnéð í nýafstaðinni heimsókn skötuhjúanna til Rómar. Skilnaður Reese og **Ryan Phillippe** gekk í gegn í október, og heimildir herma að leikkonunni finnist of snemmt að festa ráð sitt að nýju. „Reese vill stíga varlega til jarðar út af börnunum sínum. Hún vill ekki að neitt raski ró þeirra,“ segir heimildarmaður.



Leikarinn **Adrien Brody** komst í hann krappan á Indlandi þegar litlu munaði að hann klessti á kú þar sem hann ók mótorhjóli sínu á hraðbraut. „Ég dó næstum því,“ segir leikarinn, sem kom ekki auga á kúna fyrr en á síðustu stundu. „Ég hugsaði bara: „Svona á fólk eftir að minnast mín – sem gaursins sem klessti á kú. Öll þessi ár af erfiði og svo endar þetta svona …“,“ segir leikarinn.



**Naomi Watts** mun fara með hlutverk Vittoriu Vetra í kvikmyndinni Englar og djöflar, eftir samnefndri skáldsögu **Dan Brown**. Bókin er fyrirrennari Da Vinci Code, og mun **Tom Hanks** einnig snúa aftur sem Robert Langdon. Tökum hefur verið frestað fram í febrúar vegna verkfalla handritshöfunda og er myndin ekki væntanleg fyrr en 2009.



## > Ekki framlengt við Ingram

Körfuknattleiksdeild Stjörnunnar hefur ákveðið að framlengja ekki samninginn við hinn íturvaxna og vinsæla leikmann, Maurice Ingram. Bandaríkjamaðurinn kom hingað til lands á dögunum í frekar döpru líkamlegu ástandi en stefnt var á að koma honum í form fyrir nýja árið. Þá átti hann einnig við einhver meiðsl að stríða. Þá hefur Marcin Konarzewski óskað eftir því að vera leystur undan samningi hjá Tindastól en hann lék ágætlega fyrir félagið í vetur.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ARNÓR SMÁRASON, HEERENVEEN:** HEFUR LEIKIÐ AFAR VEL MEÐ U-21 ÁRS LANDSLIÐI ÍSLANDS UNDANFARIÐ

# *Fæ vonandi tækifæri með aðalliði Heerenveen*

Arnór Smárason hefur vakið athygli undanfarið fyrir frábæra spilamennsku með U-21 árs landsliði Íslands. Hann fór til Hollands í janúar árið 2004 og hefur hægt og rólega verið að vinna sig upp hjá liði Heerenveen. Eftir að hafa leikið með unglingaliðum félagsins hefur Arnór verið að spila vel og skorað mikið með varaliði Heerenveen og því bankað hressilega á dyrnar hjá aðalliðinu.

„Þetta er búinn að vera frábær tími síðan ég kom til félagsins og ég hef bætt mig mjög mikið í fótbolta. Ég æfi nú á fullu með aðalliðinu og það er mjög lærdómsríkt, og enn fremur hef ég verið að standa mig vel í leikjum með varaliðinu og hlýt að fá tækifæri með aðalliðinu fljótlega,“ sagði Arnór. Heerenveen er sem stendur í fjórða sæti hollensku deildarinnar á eftir stórliðunum Ajax, Feyenoord og PSV. Með liðinu leika menn á borð við markahrókinn Afonso Alves sem skoraði 35 mörk í 31 leik í hollensku deildinni í fyrra.



„Það er frábært að æfa með Alves og maður lærir alveg helling af því að fylgjast með honum í leikjum og á æfingum,“ sagði Arnór og kvaðst kunna vel við sig í Hollandi.

„Heerenveen kom mér í hollenskukennslu þrisvar sinnum í viku um leið og ég kom út og ég hef búið vel að því síðan þá og er orðinn altalandi á hollensku. Ég kann líka vel við mig í heimabæ liðsins, sem er rólegur og notalegur 40 þúsund manna bær. Þegar ég kom fyrst út var Ari Freyr Skúlason hjá liðinu og eftir að hann fór kom svo Björn Jónsson, sem er Skagamaður eins og ég, og það er mjög fínt að hafa annan Íslending hjá liðinu,“ sagði Arnór. Hann kvaðst einnig jafnan hlakka mikið til þess að hitta félaga sína í U-21 árs landsliði Íslendinga.

„Það er mikill heiður að fá tækifæri til að spila fyrir land sitt og það er líka mjög góður andi í U-21 árs liðinu og það sýnir sig líka inni á vellinum. Það er mjög jákvætt og ég fagna því að nýráðinn landsliðsþjálfari sé óhræddur við að gefa ungum leikmönnum eins og Theódóri Elmari, Eggerti og Bjarna Þór tækifæri með aðalliðinu.“



**GRINDVÍKINGAR** Ætla að festa sig í sessi í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Grindavík í leikmannaleit:

## Ætla að fá 4-5 leikmenn

**FÓTBOLTI** Það hefur lítið farið fyrir nýliðum Grindavíkur í Landsbankadeildinni á leikmannamarkaðnum það sem af er.

Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildarinnar, segir að stefnan sé að styrkja liðið með 4-5 nýjum leikmönnum. Hann segist ekki sjá að þessir leikmenn finnist hér á landi og því muni Grindavík leita út fyrir landsteinana eftir liðsstyrk. Milan Jankovic, þjálfari liðsins, hefur þegar farið eina ferð til Serbíu í leit að leikmönnum og mun fara aftur út að skoða leikmenn.

Grindavík er svo að ganga frá nýjum samningi við Paul McShane sem er samningslaus og félagið er einnig að ganga frá kaupum á Jóhanni Helgasyni, fyrrum leikmanni liðsins, sem var í láni hjá félaginu frá Val síðasta sumar. Að sögn Ingvars mun Grindavík greiða sama verð fyrir Jóhann og Valur greiddi fyrir hann á sínum tíma. - hbg



**RAGNA INGÓLFSDÓTTIR** Er í harðri baráttu um að komast inn á ólympíuleikana næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Ragna Ingólfsdóttir:

## Fellur enn á heimslistanum

**BADMINTON Ragna Ingólfsdóttir þarf að vera á tánum ætli hún sér að komast á ólympíuleikana næsta sumar.**

**Hún féll í 54. sæti á nýjasta heimslistanum sem var gefinn út í gær en 50 efstu á listanum öðlast þátttökurétt í Peking.**

**Ástæðan fyrir fallinu er sú að mótin tvö sem Ragna vann á dögunum gefa færri stig en í fyrra og svo missti hún eflaust af mikilvægum stigum þegar hún ákvað að taka ekki þátt á opna norska mótinu á dögunum.**

**Ragna keppir næst í Wales um næstu mánaðamót en þaðan fer hún yfir til Rússlands á mót sem fram fer í byrjun desember.** - hbg

# Bæjaryfirvöld á Akureyri hafa ekki áhuga á íþróttum

**Rúnar Sigtrygsson, þjálfari handboltaliðs Akureyrar, gagnrýnir bæjaryfirvöld á Akureyri harkalega fyrir sinnuleysi í málefnum sem snerta íþróttalíf bæjarins. Hann vill losa handboltaliðið frá Þór og KA og flytja heimavöllinn.**

**HANDBOLTI** Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, vill sjá róttækar breytingar á bæði handboltaliði bæjarins sem og stefnu bæjaryfirvalda, sem hann segir að styðji ekki nægilega við bakið á íþróttafélögum bæjarins. Hann er svekktur yfir því hversu litlu það hefur skilað að sameina félögin í handboltanum.

„Bærinn ætlaði að koma að málum ef félögin yrðu sameinuð. Þá ætlaði bærinn að þurrka upp skuldir handboltadeildanna. Það var pólitískur þrýstingur á málinu.

Eftir því sem ég best veit þá gengur mjög vel að fá styrktaraðila eftir sameininguna og tekjurnar hafa því margfaldast. En þegar gamlar byrðar fylgja þá fara peningarnir í að þurrka upp þessar gömlu syndir,“ sagði Rúnar. Hann telur bæinn hafa gert ágæta samninga við félögin en segir hlutina ganga allt of hægt fyrir sig. Öll áhersla sé á að þurrka upp skuldir en ekki sé hugað að því að byggja upp liðið. Þar segir hann bæjaryfirvöld eiga sök að máli.

„Það er enginn áhugi hjá bæjaryfirvöldum á Akureyri fyrir íþróttum. Það sést best á gengi og aðstöðu liðanna hér á Akureyri. Hér er körfuboltalið í efstu deild sem spilar í íþróttahúsi án áhorfendabekkja.

Þessir örfáu áhorfendur sem mæta þurfa að standa á hliðarlínunni. Það er algjör skömm. Það fer allur kraftur bæjaryfirvalda í menningarmál og íþróttirnar sitja á hakanum.

Svo þegar það er ákveðið að gera eitthvað fyrir íþróttir þá finnst manni eins og peningunum sé bara kastað í stað þess að vinna markvisst að einhverju með fjármagnið,“ sagði Rúnar.



**ÁKVEÐINN** Rúnar Sigtryggsson gagnrýnir bæjaryfirvöld á Akureyri harkalega og segir þau ekki hafa áhuga á íþróttum. MYND/PEDROMYNDIR.IS

Þjálfarinn segir að það sé einnig kominn tími á að losa handboltaliðið frá félögunum í bænum.

„Miðað við hvernig málin hafa þróast fyrstu tvö árin þá sýnist mér að það þurfi að losa handboltaliðið undan Þór og KA og færa það undir ÍBA. Það myndi létta á rekstrarpakkanum.

Mér sýnist að þarna hafi tveir vandamálapakkar verið sameinaðir og einn stór kominn í staðinn. Mér finnst félögin ekkert hafa hjálpað til í þessu sambandi og hallar þar jafnt á bæði félög,“ sagði Rúnar, sem vill einnig færa heimavöllinn úr KA-húsinu í íþróttahöllina á Akureyri.

Hann segir að hægt sé að breikka salinn með litlu niðurrifi þannig að koma megi tveim handboltavöllum þversum í húsið. Þar með fengi bærinn í raun nýtt íþróttahús með litlum tilkostnaði.
henry@frettabladid.is



**EYJAMAÐUR** Markvörðurinn Albert Sævarsson hefur ákveðið að ganga til liðs við Eyjamenn og hjálpa þeim í baráttunni í fyrstu deild næsta sumar.

Fyrsta deildin í fótbolta:

## ÍBV styrkir sig fyrir átökin

**FÓTBOLTI** Albert Sævarsson, 34 ára markvörður, sem lék alla leiki með liði Njarðvíkur í fyrstu deildinni síðasta sumar, hefur ákveðið að færa sig um set og leika með ÍBV næsta sumar, en þetta kom fram á heimasíðu ÍBV liðsins í gær. Albert gerði áður garðinn frægan með Grindavík og B68 í Færeyjum.

Á heimasíðu ÍBV kemur einnig fram að hinn efnilegi Andri Ólafsson, sem lék 16 leiki með ÍBV síðasta sumar, hafi ákveðið að framlengja samning sinn við félagið og spilar hann því að öllu óbreyttu með liðinu til ársins 2010. Ljóst er að Eyjamenn eru stórhuga fyrir átökin í fyrstu deildinni næsta sumar og nýtt knattspyrnuráð félagsins strax farið að láta til sín taka. - óþ

# Ómálefnalegur og ófaglegur formaður

**SKOÐUN** Það hefur verið makalaust að fylgjast með málflutningi Geirs Þorsteinssonar, formanns KSÍ, síðustu vikurnar. Hann hefur notað hvert tækifæri til þess að gagnrýna það sem hann kallar ófaglega og ósanngjarna umfjöllun fjölmiðla.

Fjölmiðlar eru vissulega ekki hafnir yfir gagnrýni en gagnrýni á fjölmiðla líkt og aðra verður þá að vera fagleg og byggð á einhverjum rökum en ekki sandi. Geir er ómálefnalegur með eindæmum í sinni gagnrýni enda hefur hann aldrei nokkurn tímann tekið til eins og eitt lítið dæmi til að rökstyðja sinn málflutning. Það er aumt svo vægt sé til orða tekið.

### Hvar er fagmennskan?

Staðan er einföld. Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er með allt niður um sig rétt eins og KSÍ. Á það hafa fjölmiðlar bent á faglegan hátt og það sem meira er þá færa þeir rök fyrir gagnrýni sinni. Ef einhvers staðar er skortur á fagmennsku þá er það í vinnu Geirs og félaga.

Það var KSÍ sem réð óreyndan Eyjólf Sverrisson sem þjálfara og hélt því síðan fram að það réði besta þjálfarann hverju sinni, það var KSÍ sem tók ekki í taumana þegar landsliðið var niðurlægt hvað eftir annað undir stjórn Eyjólfs, það var KSÍ sem bjó til skammarlega lélega umgjörð fyrir landsliðið, það var KSÍ sem réð nýjan landsliðsþjálfara á einum sólarhring og svona mætti lengi telja.



Hvar er fagmennskan í þessum verkum? Hún er hvergi. Fjölmiðlar hafa bent á þennan skort á fagmennsku í starfi KSÍ. Með öðrum orðum hafa þeir gagnrýnt og fært rök fyrir máli sínu, ólíkt formanninum sem skýtur ítrekað púðurskotum út í loftið.

### Þolir ekki gagnrýni

Ástæðan fyrir hegðun Geirs virðist vera sú að hann þolir enga gagnrýni og það sem verra er – forðast alla málefnalega og faglega umræðu sem hann hefur þó lýst svo mikið eftir sjálfur.

Í stað þess að vera sífellt með órökstuddar og innistæðulausar árásir á fjölmiðlamenn væri Geir nær að eyða kröftum sínum í að laga umgjörð íslenska karlalandsliðsins svo koma megi því aftur á þann stall sem það er löngu fallið af. Hann á svo sannarlega stóra sök í því máli.

Geir mætti einnig huga að því að bæta aðbúnað og réttindi almennra áhorfenda í stað þess að einblína eingöngu á kokkteilboð fyrir hefðarfólkið á áfengislausum Laugardalsvellinum.



UTAN VALLAR
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
segir sína skoðun
henry@frettabladid.is



Nýir Latabæjar-diskar
komnir í allar Hagkaups verslanir
LATIBÆR
Metið slegið
5. diskur
4 þættir
LATIBÆR
Nýi jólasveinninn
Vegg-spjald fylgir með
6. diskur
4 þættir
LATIBÆR
Tilnefndur til BAFTA verðlauna fyrir besta alþjóðlega barnaefnið
Myndform ehf • Trönuhraun 1 • Sími: 534 0400 • www.myndform.is • myndform@myndform.is
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Undankeppni EM í fótbolta:

## Króatar einfaldlega betra liðið

**FÓTBOLTI** Slaven Bilic, þjálfari Króatíu, segir að enska landsliðið hafi einfadlelga ekki þolað pressuna þegar á hólminn var komið.

„Þrátt fyrir að enska landsliðið sé uppfullt af heimsklassa atvinnumönnum sem ættu að þekkja það að spila undir álagi, þá þoldu þeir á endanum ekki þá neikvæðu pressu sem enskir fjölmiðlar voru búnir að skapa liðinu. Við þurftum ekki að eiga við slíka pressu í heimalandi okkar, svo mikið er víst,“ sagði Bilic og brást reiður við umfjöllun enskra blaða sem sögðu að enginn af leikmönnum Króata kæmist einu sinni í byrjunarlið Englendinga.

„Þið verðið að vakna og átta ykkur á því að þið töpuðuð leiknum ekki út af leikkerfinu sem lið ykkar spilaði. Ég dái enska liðið og leikmenn þess, en Króatía er einfaldlega með betra lið. Málið er nú ekkert mikið flóknara en það,“ sagði Slaven Bilic í viðtali að leik loknum í fyrrakvöld. - óþ

Enska landsliðið ekki á EM:

## Slakt gengi hefur viðtæk áhrif

**FÓTBOLTI Slakt gengi Englands í undankeppni EM hefur víðtæk áhrif sem ná út fyrir knattspyrnuvöllinn ef marka má orð Simons Chadwick, prófessors í markaðssetningu íþróttafyrirtækja.**

**„Velgengni á lokakeppni EM hefði haft gríðarlega jákvæð áhrif á efnahagskerfið, þannig að það var mikið áfall að enska landsliðinu hafi mistekist að komast áfram,“ sagði Chadwick. „Það hefur sýnt sig í undanförnum lokakeppnum í fótbolta þar sem England hefur leikið að sala á íþróttafatnaði hefur stóraukist og tengist það fyrst og fremst ánægju fólks með gengi liðsins.“**

**Hlutabréf í fyrirtækinu Sports Direct, sem framleiðir Umbrotreyjur enska landsliðsins, snarlækkuðu um 15 prósent eftir ósigur Englendinga gegn Króatíu í fyrrakvöld. - óþ**

# Erfið ákvörðun fram undan

**Marel Baldvinsson er laus allra mála hjá norska liðinu Molde og er á heimleið með fjölskyldu sína, en hefur ekki ákveðið hvort hann haldi áfram í boltanum.**



STÓRHÆTTULEGUR Marel Baldvinsson varð markakóngur deilarinnar í fyrrasumar með ellefu mörk í þrettán leikjum fyrir Blikana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Marel Baldvinsson hefur fengið sig lausan frá samningi við Molde og er á heimleið með fjölskyldu sína eftir rúmlega árs dvöl hjá norska liðinu. Marel er ekki búinn að ákveða hvort hann haldi áfram í boltanum vegna þrálátra meiðsla.

Marel Baldvinsson var ánægður með að hafa náð samkomulagi við Molde um að hann hætti að spila með liðinu þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

„Það er gott að báðir aðilar hafi náð lendingu í þessu máli og ég er alsáttur með að koma aftur heim til Íslands,“ sagði Marel og kvað ástæðuna fyrir því að hann vildi ekki lengur vera hjá norska liðinu tvíþætta.

„Í fyrsta lagi hef ég náttúrlega verið að eiga við erfið hnémeiðsl í langan tíma og ástæða þess að ég kom heim frá Lokeren í Belgíu í fyrravor var sú að ég taldi mig líkamlega ekki þola álagið af atvinnumennsku. Ég ákvað samt að slá til og gefa þessu annan möguleika þegar Molde kom að máli við mig í fyrrasumar og nú er ég kominn aftur á sama stað í því máli. Í öðru lagi má segja að ég og fjölskylda mín höfum ef til vill ekki verið að finna okkur vel í Molde og það spilar auðvitað inn í ákvörðun mína líka,“ sagði Marel, sem spilaði sex leiki fyrir Molde í fyrra og skoraði í þeim eitt mark, en náði ekki að koma í veg fyrir að liðið félli úr úrvalsdeildinni. Marel lék svo með liðinu í fyrstu deildinni síðastliðið sumar og skoraði sex mörk í sautján leikjum en Molde varð deildarmeistari og leikur því í úrvalsdeildinni á næsta tímabili.

„Mér gekk vel hjá liðinu síðastliðið sumar, en hef ekki enn tekið ákvörðun með framhaldið í boltanum. Ég ætla alla vega að byrja á því að taka mér mitt frí eftir tímabilið í Noregi og svo er erfið ákvörðun fram undan hjá mér. Ég get alveg spilað fótbolta áfram þrátt fyrir meiðslin, en það er eitthvað sem ég gæti þurft að borga fyrir seinna ef ég held áfram að reyna á hnémeiðslin. Ég þarf að vega og meta hvort fótboltinn sé þess virði, en auðvitað er það svekkjandi fyrir mig að vera að hugsa um að hætta í boltanum aðeins 26 ára gamall,“ sagði Marel, sem varð markakóngur Landsbankadeildarinnar í fyrra með ellefu mörk þrátt fyrir að spila ekki fimm síðustu leiki mótsins og ljóst er að Breiðablik mun reyna allt sitt til að fá Marel í sínar raðir á ný og það staðfesti Einar Kristján Jónsson, formaður Breiðabliks, í samtali við Fréttablaðið.

„Það er ekkert launungarmál að við viljum fá Marel heim á ný og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að fá hann í okkar raðir,“ sagði Einar en fleiri félög munu án efa taka stöðuna á honum á næstu vikum og mánuðum.

Marel ítrekaði að ákvörðun hefði ekki enn verið tekin í þeim efnum en vissi vitanlega af áhuga Breiðabliks.

„Þetta er ákvörðun sem ég þarf að taka og það er aldrei að vita nema Breiðablik geti notað mig,“ sagði Marel í léttum dúr.

omar@frettabladid.is



FRÁBÆR ÁRANGUR Guus Hiddink var tolleraður þegar að ljóst var að Rússar kæmust á EM. NORDICPHOTOS/GETTY

Undankeppni EM í fótbolta:

## Hiddink hissa á árangrinum

**FÓTBOLTI** Guus Hiddink, þjálfari Rússa, viðurkenndi að hann væri hissa á því að Rússland hefði náð að vinna sér þátttökurétt á lokakeppni EM í Sviss og Austurríki á næsta ári.

„Ég get ekki neitað því að sú staðreynd að Rússar komst upp úr riðlinum kom mér á óvart. Ég er mjög ánægður og stoltur og þessi árangur hefur mikið að segja fyrir rússneska knattspyrnu. Við þurfum nú að bæta lið okkar skref fyrir skref og tileinka okkur nútímalegra leikskipulag sem og nútímalegri þjálfunaraðferðir til þess að vera samkeppnishæfari þegar í mótið kemur,“ sagði Hiddink. Hann hefur áður náð frábærum árangri með lið Suður-Kóreu sem endaði undir hans stjórn í fjórða sæti á heimsmeistaramótinu árið 2002, en hann skilaði Hollandi í sama sæti á heimsmeistaramótinu árið 1998. Enn fremur stýrði hann Ástralíu á heimsmeistaramótið árið 2006 þar sem liðið datt naumlega út í 16-liða úrslitum á móti heimsmeisturum Ítala, en Ástralía hafði ekki unnið sér þátttökurétt á heimsmeistaramóti í 32 ár áður en Hiddink tók við liðinu.

Hiddink hefur fyrir vikið stundum verið kallaður „King Hiddink“ eða kóngurinn. - óþ






Það var væntanlega lítið gaman fyrir enska landsliðsmenn að opna blöðin í gær:

# Enska liðið jarðað í blöðunum

**FÓTBOLTI** Eins og búast mátti við fóru enskir fjölmiðlar hamförum í kjölfar taps enska landsliðsins gegn Króötum sem gerði það verkum að England verður ekki með á EM næsta sumar.

„Ónothæfir, aumkunarverður, huglausir. England er orðið að athlægi í evrópskum fótbolta, England ákvað að fremja sjálfsmorð með því að setja Scott Carson í markið. Þetta verður ekki verra,“ er á meðal þess sem The Sun hafði upp á bjóða daginn eftir leikinn.



ÍTÁRUM Enska þjóðin grét á miðvikudagskvöldið þegar ljóst var að landsliðið kæmist ekki á EM. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



EKKI VERIÐ AÐ SKAFA UTAN AF ÞVÍ Eins og búast mátti við voru ensku blöðin ekki að skafa utan af því á forsíðum sínum í gærmorgun. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

„Gullkynslóð enska landsliðsins endar ferilinn með vonbrigðum. Að reisa enska landsliðið við reyndist ofviða fyrir Beckham, Neville, Campbell, Owen og James,“ Daily Mail en Daily Star var ekki að skafa utan af því. „Þvílíkur hópur af aumingjum. Hvernig ætla menn að útskýra þetta? Þetta var stórslys, hræðilegt og niðurlægjandi.“

Daily Mirror var ekki hrifið af þeirri ákvörðin McClaren að setja Scott Carson í markið: „Evrópumótsdraumar Englands runnu í gegnum hendur Scotts Carson. Þessi versta ákvörðun á ferli McClarens mun fylgja honum til æviloka,“ sagði Mirror og eftirfarandi var í Independent. „Þetta var djöfulleg frammistaða hjá hinni svokölluðu gullkynslóð enska landsliðsins.“

Svo kvartar KSÍ yfir óváeginni og ósanngjarnri umfjöllun hér á Íslandi. - hbg


VISSULEGA BESTA
LEIKJAVÉLIN
EN LÍKA SVO MIKLU MIKLU MEIRA
SONY
PLAYSTATION 3
SPILAÐU
leiki
TENGJAST
með vinum
HORFÐU
á Blu ray
og DVD myndir
NIÐURHAL
40gb harður diskur
HLUSTAÐU
á tónlist
www
VAFRAÐU
á netinu
SKOÐAÐU
ljósmyndir
TENGDU
við PSP
ÞAÐ ER SVO MARGT
SEM HÆGT ER AÐ GERA Á PLAYSTATION 3
MÖGULEIKARNIR ERU ENDALAUSIR
Blu-ray Disc
PLAYSTATION 3



**ENDURFUNDIR?** Ranieri leggur mikla áherslu á að fá Lampard til Juventus. NORDICPHOTOS/GETTY

Ítalski fótboltinn:

## Lampard á leið til Juventus?

**FÓTBOLTI** Frank Lampard, leikmaður Chelsea og enska landsliðsins, er helsta skotmark Juventus samkvæmt ítalska blaðinu Corriere dello Sport í gær, en Tórínóliðið ætlar að styrkja leikmannahóp sinn til muna eftir tímabilið. Ólíklegt er þó að Lampard komi til Ítalíu strax þegar janúarglugginn opnast samkvæmt heimildarmanni blaðsins, en Juventus mun hafa verið í sambandi við Steve Kutner, umboðsmann Lampard, í tengslum við félagaskipti í júní.

Núverandi stjóri Juventus, Claudio Ranieri, keypti einmitt Lampard til Chelsea frá West Ham á ellefu milljónir punda á sínum tíma þegar hann var stjóri Chelsea. - óþ

Enska landsliðið þjálfaralaust:

## Ekki starf fyrir hvern sem er

**FÓTBOLTI Steve McClaren var í gær rekinn sem þjálfari enska landsliðsins eftir slakt gengi þess undanfarið og að mati Sky Sports-fréttastöðvarinnar er mikilvægt að eftirmaðurinn sé maður með bein í nefninu. Sky Sports birti í því samhengi lista af átta hugsanlegum eftirmönnum og þar eru nefndir; José Mourinho, Alan Shearer, Martin O'Neill, Arsene Wenger, Guus Hiddink, Luiz Felipe Scolari, Harry Redknapp og Sam Allardyce.**

**Mourinho og Allardyce komu fram í fjölmiðlum í gær og sögðust ekki hafa áhuga á starfinu.** - óþ

# Ungverjarnir of sterkir fyrir Val

**Valur tapaði 24-31 gegn ungverska liðinu MKB Veszprém í lokaleik sínm í Meistaradeild Evrópu í handbolta. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, hrósaði strákunum sínum fyrir góða baráttu í keppninni.**

**HANDBOLTI** Valur tapaði 24-31 fyrir ungverska liðinu MKB Veszprém í lokaleik sínum í F-riðli Meistaradeildar Evrópu í handbolta í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda í gærkvöldi.

Jafnræði var með liðunum framan af leik og staðan var jöfn 5-5 þegar rúmar tíu mínútur voru liðnar af leiknum. Þá tók við slakur kafli hjá heimamönnum og gestirnir skoruðu þrjú mörk í röð og breyttu stöðunni í 5-8.

Valsmenn skoruðu hins vegar næstu tvö mörk eftir það og Íslandsmeistararnir héldu vel í við ungversku meistarana. MKB Veszprém náði mest fjögurra marka forystu þegar vel var liðið á fyrri hálfleik, 8-12, en Valsmenn náðu með mikilli baráttu að vinna sig aftur inn í leikinn og jöfnuðu leikinn 13-13. Valsmenn komust svo yfir 14-13 í lok fyrri hálfleiks, áður en gestirnir jöfnuðu úr vítakasti á lokasekúndum hálfleiksins, 14-14, og þar við sat þegar fyrri hálfleikur var flautaður af.

Sannarlega frábær frammistaða hjá Valsmönnum í fyrri hálfleik og ánægjulegt að sjá hve margir leikmenn lögðu hönd á plóginn, þar sem alls tíu leikmenn Vals skoruðu mörkin fjórtán. Ólafur Haukur Gíslason, markvörður Vals, var einnig í fínu formi og varði 10 skot í fyrri hálfleik.

Veszprém byrjaði seinni hálfleik betur og skoraði fyrstu tvö mörkin og það reyndist Val erfitt eftir góðar lokamínútur í fyrri hálfleik. Ungverjarnir héldu áfram að auka forskot sitt og þegar rúmar stundarfjórðungur var liðinn af seinni hálfleik var staðan orðin 19-25 fyrir gestina.

Þrátt fyrir vonlitla stöðu gáfust Valsmenn aftur á móti aldrei upp og spiluðu á köflum stórfínan handbolta gegn virkilega sterkum mótherja. Lokatölur í leiknum urðu 24-31 fyrir MKB Veszprém og Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var ágætlega sáttur með strákana sína í leikslok, sérstaklega í fyrri hálfleik.

„Þetta var stórkostlegur fyrri hálfleikur hjá okkur og við vorum að standa vel í vörninni á móti þeim og kerfin að virka fínt hjá okkur sóknarlega. En ég hefði viljað sjá seinni hálfleik þróast öðruvísi og fyrstu tíu mínúturnar voru mjög slakar hjá okkur. Ég vissi að ungverska liðið hafði oft verið að lenda í erfiðleikum á síðustu tíu mínútunum í leikjum sínum í Meistaradeildinni til þessa og því var frekar svekkjandi að vera svona langt á eftir þeim.

Ég er ósáttur með hvað við létum markvörð þeirra verja mikið frá okkur, en að sama skapi sáttur með hvað við vorum að rúlla á mörgum leikmönnum og allir útileikmenn okkar nema einn voru á meðal markaskorara. Mér fannst dómararnir oft á tíðum í seinni hálfleik koma með hendina upp of snemma, en það er svo sem ekkert við því að segja,“ sagði Óskar Bjarni og kvaðst ánægður í heildina litið með reynsluna af Meistaradeildinni.

„Þetta er búin að vera frábær reynsla fyrir ungt lið eins og okkur og stundum var þetta kannski eins og að keppa í júdóflokki upp fyrir sig, en strákarnir voru samt alltaf að reyna og eiga hrós skilið. Ég er virkilega stoltur af fyrri hálfleiknum í kvöld og vonandi náum við að læra af reynslunni,“ sagði Óskar Bjarni.

omar@frettabladid.is



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Valsmaðurinn Sigfús Páll Sigurðsson fær hér harðar móttökur frá ungverskum varnarmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ÚRSLITIN Í GÆR

| Valur-MKB Veszprém | 24-31 |
|---|---|

**Mörk Vals (skot):** Baldvin Þorsteinsson 6/1 (9/1), Kristján Karlsson 4 (6), Ernir Hrafn Arnarson 3 (6), Elvar Friðriksson 3/1 (6/2), Sigfús Páll Sigfússon 2 (5), Ægir Jónsson 1 (1), Gunnar Harðarson 1 (2), Ingvar Árnason 1 (2), Hjalti Pálmason 1 (3), Fannar Friðgeirsson 1 (3).
**Varin skot:** Ólafur Haukur Gíslason 15/1 (40/2) 38%, Pálmar Pétursson 3 (9/2) 33%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Baldvin 5).
**Fiskuð víti:** 5 (Ernir 2, Ingvar, Baldvin, Ægir).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk MKB Vesprém:** Zarko Sesum 9, Marko Vujin 6, Gyula Gal 4, Peter Gulyas 3, Zarko Markovic 3, Ferenc Ilyés 2, Carlos Perez 2, Gergo Ivancsik 1, Tamas Ivancik 1.
**Varin skot:** Dejan Peric 17/2.
**Hraðaupphlaup:** 5 **Fiskuð víti:** 4
**Utan vallar:** 4 mínútur.




Eggert Gunnþór Jónsson er undir smásjá fjölda liða samkvæmt Edinburgh News:

## Eggert Gunnþór vekur athygli

**FÓTBOLTI** Eggert Gunnþór Jónsson, 19 ára leikmaður Hearts í skosku deildinni, hefur vakið verðskuldaða athygli undanfarið fyrir góða spilamennsku og samkvæmt heimasíðu dagblaðsins Edinburgh News ku hann vera undir smásjá fjölda stórra félaga á Englandi og í Evrópu.

Fyrsti A-landsleikur Eggerts gegn Danmörku í fyrrakvöld, þar sem hann kom inn á sem varamaður og spilaði 17 mínútur, á eftir að verða enn frekar til þess að félög fylgist með honum á næstunni, en Eggert er samningsbundinn Hearts til ársins 2010.

„Ef leikmenn þínir spila vel hefur það eðlilega í för með sér að þeir draga að sér athygli annarra liða, hvort sem það er frá Englandi eða annars staðar í Evrópu,“ sagði Stephen Frail, aðstoðarstjóri Hearts, í viðtali við dagblaðið Edinburgh News í gær og hrósaði Eggerti mikið.

„Hann er mjög ungur og hefur ekki spilað mikið, en hefur staðið upp úr í hvert sinn sem hann er í liðinu. Eggert er metnaðarfullur og einbeittur en á sama tíma mjög afslappaður ungur drengur. Ég vona innilega að hann nái að uppfylla drauma sína sem atvinnumaður í fótbolta hjá Hearts-liðinu, því ég er viss um að framtíðin sé björt hjá honum í boltanum. Ég er jafnframt mjög ánægður fyrir hans hönd að hann hafi spilað sinn fyrsta A-landsleik og hann átti svo sannarlega skilið að fá tækifæri á þeim vettvangi,“ sagði Frail.



**EFTIRSÓTTUR** Eggert Gunnþór Jónsson, leikmaður Hearts, er eftirsóttur samkvæmt skoska blaðinu Edinburgh News. FRÉTTABLAÐIÐ/SNS GROUP

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Eggerts, sagði í samtali við skoska blaðið að mörg lið hefðu fylgst með Eggerti undanfarið.

„Ég get staðfest að mörg lið hafa fylgst grannt með Eggerti undanfarið spila í skosku úrvalsdeildinni. Þetta eru stór lið frá Skandinavíu og meginlandi Evrópu ásamt nokkrum enskum liðum,“ sagði Ólafur en ítrekaði að Eggert væri sáttur hjá Hearts.

„Eggerti líður mjög vel í Skotlandi og er ánægður með að fá að spila jafn mikið með aðalliði Hearts og raun ber vitni. Það er löng leið á milli þess að skoða leikmann og bjóða í leikmann,“ sagði Ólafur. - óþ



# Hollusta og heilbrigði verða verkefni framtíðarleiðtoga okkar.

Ásta Dís Óladóttir, dósent
*Forstöðumaður meistaranáms í stjórnun heilbrigðisþjónustu*

WWW.BIFRÖST.IS

STJÓRNUN HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

## Nýtt meistaranám

Frá áramótum býður Háskólinn á Bifröst upp á nýtt meistaranám: Stjórnun heilbrigðisþjónustu. Námið býr nemendur undir leiðtogahlutverk í heilbrigðisstofnunum og heilsufyrirtækjum. Þjónusta á heilbrigðissviði er ört vaxandi þáttur í nútímasamfélagi. Á þessum vettvangi verður því mikil þörf fyrir fólk með góða stjórnunarmenntun.

Meistaranám í stjórnun heilbrigðisþjónustu er spennandi og metnaðarfullur kostur að loknu BS eða BA námi. Fagráð sérfræðinga stendur að baki náminu sem skipulagt er í samstarfi við erlenda háskóla. Kennararnir eru allir sérmenntaðir á sviði heilbrigðisþjónustu og viðskipta.
Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á www.bifrost.is.

VIÐSKIPTADEILD
- BS í viðskiptafræði
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

FÉLAGSVÍSINDADEILD
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

LAGADEILD
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## > Josh Hartnett

Josh var 19 ára gamall þegar hann birtist fyrst á skjánum. Það var í þáttunum Cracker en framleiðslu á þeim var hætt eftir stuttan tíma.
Ári síðar bauðst honum hlutverk í myndinni Halloween: H20 þar sem hann lék á móti Jamie Lee Curtis. Síðan þá hefur ferillinn legið upp á við en meðal mynda með honum ná nefna Pearl Harbor, The Black Dahlia, Sin City og Wicker Park sem sýnd verður í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ÁTTI SÉR DRAUM

# *Ég vil vera Herra Ísland*

Ég átti mér draum. Á meðan félagarnir eltust við uppblásna leðurtuðru á grænum bletti klippti ég út myndir af Peter André og velti því fyrir mér hvernig í ósköpunum þessum tjalla tækist að vera svona brúnn. Í Bretlandi er bara þoka og rigning, rétt eins og hér. Ég mældi út stíft hárið og þráði ekkert heitar en að fylla hársvörðin af StudioLine-froðu og hafa svona „wet-look" eins og hann.

Ég átti mér draum. Að einhvern tímann myndi troðfullur Broadway horfa á mig aðdáunaraugum í nærfötunum einum klæða og dást að líkamsburðinum; sixpackinum, biceppnum og ekki síst vöxuðu bringunni og hárlausa andlitinu ef undanskilinn er aflitaður kollurinn. Ég átti mér draum um að stúlkurnar myndu skrækja af spennu og eftirvæntingu þegar kúkabrúnn líkaminn svifi þokkafullur um sviðið í beinni útsendningu á Skjá einum. Að Colgate-brosið myndi heilla dómnefndina uppúr skónum. Á þeirri stundu yrði ég maður meðal manna, fremstur meðal jafningja.

Ég átti mér draum. Að geta brosað í gegnum tárin, fá sprota og jakkaföt frá GK. Að verða jafnvel Nivea-snáðinn, fá ársbirgðir af hrukkuverjum og rakakremum. Eða jafnvel Oroblu-strákurinn, ekki væri það verra. Fríar hvítar nærbuxur í heilt ár er nokkuð sem enginn getur sagt nei við.

Ég átti mér draum um að verða stærsta nautið á nautgripasýningunni, flottasti sýningargripurinn á Broadway og fá mynd af mér í blaðinu og kannski smá viðtal. Myndirnar segja þó meira en mörg orð: brúnn, með hvítar tennur. Engu við það að bæta.



**DRAUMURINN** Herra Ísland, brúnn með skjannahvítt Colgate-bros.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.55 Ódrepandi ást** Sjónvarpið



▶ **21.10 Stelpurnar** Stöð 2



▶ **22.00 Mississippi Burning** Stöð 2 Bíó



▶ **21.10 Queen Live at Wembley** Sirkus



▶ **22.00 Law & Order: Criminal Intent** Skjáreinn

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús** e.
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur** (54:65)
**17.52 Villt dýr** (25:26)
**18.00 Snillingarnir** (37:42)
**18.24 Þessir grallaraspóar** (6:26)
**18.30 Svona var það** (10:22) e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

**20.10 Útsvar** Í þessum þætti keppa lið Snæfellsbæjar og Garðabæjar og meðal keppenda eru Þorgrímur Þráinsson rithöfundur og Vilhjálmur Bjarnason fjárfestir.

**21.10 Barnaby ræður gátuna - Slæmar fregnir** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og Daniel Casey.

▶ **22.55 Ódrepandi ást** (Wicker Park) Bandarísk bíómynd frá 2004. Auglýsingamaður í Chicago sér konu á kaffihúsi og heldur að þar sé fyrrverandi kærasta hans komin. Hann fær hana á heilann og setur allt annað í bið meðan hann reynir að hafa uppi á henni. Meðal leikenda eru Josh Hartnett, Rose Byrne og Matthew Lillard.

**00.50 Á krossgötum** Bandarísk spennumynd frá 1998. Tveir vinir sem hafa efnast á eiturlyfjasölu og ránum taka upp nýja lífshætti. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Singing Detective**
**08.00 Mrs. Doubtfire**
**10.05 Bee Season**
**12.00 The Full Monty**
**14.00 Mrs. Doubtfire**
**16.05 Bee Season**
**18.00 The Full Monty**
**20.00 The Singing Detective**

▶ **22.00 Mississippi Burning** Spennumynd sem tilnefnd var til 8 Óskarsverðlauna árið 1989. Aðalhlutverk: Gene Hackman, Willem Dafoe, Frances McDormand.

**00.05 American Cousins**
**02.00 Alfie**
**04.00 Mississippi Burning**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (70.120)
**10.15 Numbers** (21.24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (109.114)
**13.55 Forboðin fegurð** (110.114)
**14.40 Lífsaugað III** (e)
**15.20 Bestu Strákarnir** (3.50) (e)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.35 The Simpsons** (12.22) (e)
**20.00 Logi í beinni**
**20.35 Tekinn 2** (11.14)

▶ **21.10 Stelpurnar** Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni, hlægilegri en nokkru sinni fyrr. Þátturinn hefur notið gífurlegra vinsælda enda eru þarna samankomnir margir af bestu gamanleikurum Íslands.

**21.35 Eulogy** Kolsvört gamanmynd með Hank Azaria, Ray Romano og Kelly Preston í aðalhlutverkum. Hér segir frá fjölskyldumeðlimum sem þurfa að hittast til að grafa höfuð fjölskyldunnar en þeim tekst erfiðlega að halda friðinn. Aðalhlutverk: Jesse Bradford, Glenne Headly, Hank Azaria. 2004.

**23.10 Kill Bill** Frábær hasarspennumynd sem sópaði að sér viðurkenningum. Fyrir fjórum árum þusti glæpamaðurinn Bill inn í kirkju þar sem fyrrverandi ástkona hans var að bindast öðrum manni. Allir viðstaddir voru myrtir með köldu blóði nema ástkonan, sem særðist lífshættulega en er nú vöknuð úr dái og hefur aðeins eitt takmark í lífinu. Bill skal fá að gjalda gjörðir sínar dýru verði. Aðalhlutverk: Uma Thurman, Lucy Liu, Vivica A. Fox, Daryl Hannah, David Carradine. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

**01.00 Derailed**
**02.25 The Stepford Wives**
**03.55 Bulletproof**
**05.15 Stelpurnar**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Valur - Veszprém Meistaradeild Evrópu í handknattleik** Útsending frá leik Vals og Veszprém í Meistaradeild Evrópu í handknattleik sem fór fram í gær.

**17.40 Valur - Veszprém Meistaradeild Evrópu í handknattleik**

**19.00 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir.

**19.30 NFL Gameday**
**20.00 Spænski boltinn - Upphitun**
**20.30 Meistaradeild Evrópu - Fréttaþáttur**
**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Qwest Field)
**21.55 World Series of Poker 2007**
**22.40 Heimsmótaröðin í póker 2006**
**23.30 Mayweather/Hatton 24/7**
**00.00 Mayweather/Hatton 24/7**

**00.30 Boston - LA Lakers NBA körfuboltinn** Bein útsending frá leik Boston og LA Lakers. Hvað gera Kobe Bryant og félagar gegn firnasterku liði Boston?

## SÝN 2

**17.30 Arsenal - Man. Utd.** Upptaka af stórleik Arsenal og Man. Utd. sem fram fór laugard. 3. nóv.

**19.10 Liverpool - Fulham** Upptaka af leik Liverpool og Fulham í ensku úvalsdeildinni sem fram fór laugad. 10. nóv.

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.20 Premier League Preview** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

**21.50 PL Classic Matches**
**22.20 PL Classic Matches**

**22.50 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.50 Premier League Preview** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 Game tíví** (e)
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Friday Night Lights** (e)

**20.00 Charmed** (15.22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir.

**21.00 Survivor: China** (10.14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

▶ **22.00 Law & Order: Criminal Intent** (17.22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Ung kona finnst myrt á hótelherbergi í Brooklyn. Kvöldið fyrir morðið hafði hún staupað sig með vinkonu sinni og tveimur ókunnugum mönnum en vinkonan er ekki mjög áræðanlegt vitni.

**22.50 Masters of Horror** (9.13) Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. Að þessu sinni er það leikstjórinn Rob Schmidt (Wrong Turn) sem leikstýrir hrollvekjandi sögu með Martin Donovan í aðalhlutverki.

**23.40 Backpackers** (21.26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn.

**00.10 Law & Order: SVU** (e)
**01.00 Allt í drasli** (e)
**01.30 C.S.I. Miami** (e)
**02.15 World Cup of Pool 2007 - NÝTT** (e)
**03.00 ICE Fitness**(e)
**04.50 ICE Fitness - undirbúningur** (e)
**05.15 C.S.I.** (e)
**06.15 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00
### Logi í beinni



Í kvöld tekur Logi á móti Guðna Ágústssyni, formanni Framsóknarflokksins, tónlistarmaninum Páli Óskari og Edduverðaunahafanum Jörundi Ragnarssyni. Logi í beinni er nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Þátturinn verður laufléttur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur; bjóði upp á skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og skemmtilegar uppákomur. Þátturinn verður sendur út beint með áhorfendum í sal.

## VIÐ MÆLUM MEÐ
### ÚTSVAR
### Sjónvarpið kl. 20.10

Bein útsending frá skemmtilegum spurningaleik. Í þessum þætti keppa lið Snæfellsbæjar og Garðabæjar og meðal keppenda eru Þorgrímur Þráinsson rithöfundur og Vilhjálmur Bjarnason fjárfestir. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Tímakornið
**21.10** Flakk
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (64.260)
**16.30 Hollyoaks** (65.260)
**17.00 Skífulistinn**
**17.45 Totally Frank**
**18.10 Queen Live at Wembley** (e)
**19.00 Hollyoaks** (64.260)
**19.30 Hollyoaks** (65.260)
**20.00 Skífulistinn**

**20.45 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.

**21.10 Queen Live at Wembley** Magnaðir tónleikar Queen á Wembley frá árinu 1986.

**22.00 Numbers** (6.24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði. Charlie er stærðfræðisnillingur sem notar þekkingu sína til að aðstoða FBI við lausn flókinna glæpamála. (6.24) FBI rannsakar morð sem átti sér stað á veðreiðum en þegar Charlie leggur sitt á vogarskálarnar tekur rannsóknin alveg nýja stefnu. 2006.

**22.45 Silent Witness** (3.10) Dr. Sam Ryan er snúin aftur í tíunda sinn en hún hefur engu gleymt þegar kemur að rannsókn flókinnan sakamála. Aðalhlutverk er sem fyrr í höndum Amöndu Burton sem hefur aflað sér gríðarlegrar vinsælda í hlutverki hinnar kláru dr. Ryan. (3.10) Morðalda leiðir til þess að teymið þarf að skipta sér upp og rannsaka mál upp á eigin spýtur. Aðalhlutverk: Emilia Fox, William Gaminara, Tom Ward. 2006. Bönnuð börnum.

**23.40 Hollywood Uncensored**
**00.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** Gestir Ingva Hrafns Jónssonar skoða málefni líðandi stundar með liðna viku sem útgangspunkt.

**21.00 Mér finnst** Ólína Þorvarðardóttir stýrir umræðuþætti þar sem konur hafa orðið.

## DR 1

**10.30** Ildsjæle - Pastorens party **11.00** TV Avisen **11.10** Task Force **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet **12.25** D¢dens Detektiver **12.50** Rabatten **13.20** VQ - Videnskabsquiz **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Tjenesten - nu på TV **14.30** Boogie Listen **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** ¥reflip **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.55** HåndboldEkstra: Buducnost - Viborg HK **19.35** TV Avisen **19.40** HåndboldEkstra: Buducnost - Viborg HK **20.30** TV Avisen **21.00** Crime Spree **22.35** Jagten på D.B. Cooper

## NRK 1

**12.00** Nasjonal langrennsåpning **14.15** Creature Comforts: hvordan har vi det? **14.25** ¥ya **15.00** VG-lista Topp 20 **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Charlie og Lola **17.15** Pippi Langstr¢mpe **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.05** Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Dalziel og Pascoe **23.10** David Gilmour **0.10** Korte gr¢ss: Nattevakten **0.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Bakom kulisserna på zoo **14.00** Argument **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Solens mat **17.00** BoliBompa **17.25** Musikvideo **17.30** Fåret Shaun **17.35** Häxan Surtant **18.00** Barda **18.30** Rapport **19.00** Doobidoo **20.00** Predikanten **21.00** Fredagsbio: Livet från den ljusa sidan **23.15** Rapport **23.25** Kulturnyheterna **23.35** Svensson, Svensson **0.05** Grotesco **0.35** Kandahar




TILBOÐ HELGARINNAR ER..

“SMJÖRSPRAUTAÐ NAUTA INNAN LÆRI”
aðeins 2990 krónur kílóið.

“SUÐRÆNN OG SEIÐANDI SALTFISKUR”
aðeins 1990 krónur kílóið.

GALLERÍ KJÖT

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholti - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Dalvegi - Akranesi - Tjarnarvöllum

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ég hef prófað Hamborgarabúlluna í Hafnarfirðinum, Árbænum og niðri á bryggju. Borgarinn á Búllunni er heimsborgari.“*

Bergur Þór Ingólfsson leikari.

# Forsetinn eignast fyrsta afasoninn



**TINNA OG DALLA** Tvíburasysturnar eiga samanlagt þrjár dætur.

Það hefur væntanlega verið kátt á hjalla á Bessastöðum í gær því forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, varð afi í fjórða sinn í fyrradag þegar önnur tvíburadætra hans, stjórnmálafræðingurinn Svanhildur Dalla, eignaðist son með eiginmanni sínum, Matthíasi Sigurðarsyni tannlækni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er drengurinn afar myndarlegur og bæði móður og syni heilsast vel.

Fyrir eiga Dalla og Matthías dótturina Urði sem er nýorðin þriggja ára. Guðrún Tinna, hin tvíburadóttir forsetans, á dæturnar Katrínu Önnu sem varð fjögurra ára í janúar og Kötlu sem verður eins árs í desember með manni sínum, Karli Pétri Jónssyni. Þetta er því fyrsti karlkyns afkomandi Ólafs Ragnars, sem hingað til hefur verið umkringdur konum á alla kanta. **- sók**



**UMKRINGDUR KONUM** Ólafur Ragnar er umkringdur glæsilegum konum í fjölskyldunni en nú hefur lítill prins bæst í hópinn.



**GLAÐUR AFI** Ólafur Ragnar Grímsson eignaðist fjórða afabarnið í fyrradag þegar dóttir hans, Dalla, eignaðist son.



**LÁRÉTT**
**2.** lofttegund **6.** tveir eins **8.** þrí **9.** gljúfur **11.** tveir eins **12.** laust bit **14.** íshroði **16.** hvort **17.** tunnu **18.** fát **20.** gangþófi **21.** íþróttafélag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bein **3.** tveir eins **4.** hagnaður **5.** óhróður **7.** endalaus **10.** prjónavarningur **13.** af **15.** gola **16.** bókstafur **19.** skóli.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etan, **6.** ee, **8.** tri, **9.** gil, **11.** óð, **12.** glefs, **14.** ísrek, **16.** ef, **17.** ámu, **18.** fum, **20.** íl, **21.** fram.
**LÓÐRÉTT: 1.** legg, **3.** tt, **4.** arðsemi, **5.** níð, **7.** eilífur, **10.** les, **13.** frá, **15.** kula, **16.** eff, **19.** ma.






NEMENDUR Í VERSLÓ: TÓKU ÁSKORUNUM OG SÖFNUÐU FÉ TIL GÓÐGERÐARMÁLA

# Vaxaði á sér bringuna fyrir skóla í Úganda

„Nemendur fengu vissar áskoranir og þurftu síðan að safna áheitum. Sá sem fékk flesta til þess að styrkja sig var Ásgeir Vísir Jóhannsson en hann lét vaxa á sér bringuna og fékk fyrir það 100 þúsund krónur,“ segir Egill Örn Þórarinsson, sem situr í góðgerðarráði Verslunarskóla Íslands. Ráðið stóð í gær fyrir góðgerðarmáladegi í hádeginu þar sem nemendur þurftu að standast ýmsar áskoranir. „Einn þurfti að fara í brúnkusprautun, annar að borða habanero-pipar og enn annar að drekka ógeðsdrykk sem innihélt túnfisk, ansjósur, sveppi, sítrónusafa og mjólk. Hann náði ekki að klára enda var þetta þykkara en þykkur sjeik,“ segir Egill og hlær. „Ekki má gleyma kennurunum sem komu fram í dansatriði og tveimur strákum sem fóru í kapp í kringum skólann í sundskýlum. Auk þess var einum gert að ræna MR-ingum – hann mætti hingað með þrjá í handjárnum – og forseti nemendafélagsins glímdi við Íslandsmeistarann í glímu, en á þeim var fjörutíu kílóa þyngdarmunur.“ Áskoranirnar voru mun fleiri og of langt mál er að telja þær upp hér. Þó má bæta því við að aðrir nemendur voru fengnir til að lita hárið á sér bleikt, tala dönsku í enskutíma og trufla kennslu.

Allir þeir peningar sem söfnuðust í gær, 455 þúsund krónur, renna í sjóð sem mun fara í að byggja grunnskóla í Úganda. „Við ákváðum í sumar að stefna að því að safna nægu fé til þess að byggja skóla. Í framhaldinu stóðum við fyrir fótboltaleik þar sem söfnuðust yfir 700 þúsund krónur. Það kostar um það bil eina og hálfa milljón að byggja skólann svo við erum komin langleiðina. Það eru líka enn að berast áskoranir og heill vinahópur mun labba í skólann úr Mosfellsbæ í nótt. Þeir ætla að leggja af stað klukkan fjögur í nótt til að vera mættir í skólann klukkan átta.“

Þeir sem vilja leggja hönd á plóginn og styrkja byggingu skólans í Úganda geta lagt inn á söfnunarreikning 515-14-106760, kt. 441079-0609. **- sók**



**FÉKK HUNDRAÐ ÞÚSUND** Ásgeir Vísir Jóhannsson gerði sannkallað góðverk þegar hann lét vaxa bringuna á sér í Verslunarskólanum í gær. Aðrir nemendur höfðu samtals heitið á hann 100 þúsund krónum en þær renna óskiptar til byggingar skóla í Úganda.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



**Hrafn Jökulsson** er sem kunnugt er sestur að í Trékyllisvík og hefur verið að færa út skákboðskapinn til nálægra sveita. Á heimasíðunni strandir.is er greint frá því að Hrafn ætli sér að efna til fjölteflis í dag í grunnskólanum á Hólmavík. En Hrafn hyggst ekki láta staðar numið þar heldur ætlar jafnframt að lesa upp úr bókinni sinni Þar sem vegurinn endar á Heilbrigðisstofnun Hólmavíkur og hefst lesturinn klukkan tvö.

Og fyrrverandi Rock Star-parið **Eyrún Huld Haraldsdóttir** og **Magni Ásgeirsson** býr hvort á sínum enda landsins. Eyrún er flutt til Akureyrar þar sem hún hefur tekið að sér kennslu í íslensku við Menntaskólann á Akureyri og unir sér víst vel meðal norðanmanna, sem eru frægir fyrir gestrisni sína. 418 kílómetrum sunnar hefur Magni hins vegar hreiðrað um sig í hverabænum Hveragerði en tónlistarmaðurinn hefur hvatt starfsfélaga sína til að fylgja sínu fordæmi og flytjast suður yfir heiðar.



Ævisaga **Guðna Ágústssonar** kemur út í dag. Guðni og **Sigmundur Ernir Rúnarsson**, sem skráði söguna, hyggjast fagna útgáfunni í Bókabúð Máls og menningar seinnipartinn. Þangað er væntanlegur annar Guðni Ágústsson, alnafni landbúnaðarráðherrans fyrrverandi, sem oft hefur verið tekinn í misgripum fyrir nafna sinn. Framsóknar-Guðni er jafnan kenndur við Brúnastaði í Flóa, þar sem hann ólst upp, en nafni hans býr einmitt við götuna Brúnastaði í Reykjavík. Fyrir vikið hefur hann oft þurft að svara símtölum um kvöld og nætur frá áhugamönnum um störf ráðherrans fyrrverandi. Búast má við að fagnaðarfundir verði þegar nafnarnir hittast í dag. **- fgg/hdm**




FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**Þú færð aðeins það besta hjá okkur**

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA
RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX
NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.




# Magnús ekki viðstaddur Bafta

Magnús Scheving getur ekki verið viðstaddur þegar Bafta-verðlaunin verða afhent á sunnudaginn á Hilton-hótelinu í London þar sem hann er staddur í viðskiptaferð í Suður-Ameríku. Eins og Fréttablaðið greindi frá er Latibær tilnefndur sem besta alþjóðlega barnaefnið. Magnúsi var einnig boðið að afhenda verðlaun. Sjónvarpsþátturinn vinsæli verður þó ekki án fulltrúa, síður en svo, en þeir sem fara fyrir hópnum eru meðal annars tónskáldið Máni Svavarsson og Ragnheiður Melsteð, eiginkona Magnúsar.

„Við fengum ekki að vita af tilnefningunni fyrr en fyrir nokkrum vikum og þá var búið að skipuleggja þessa ferð sem er mjög mikilvæg í útrásinni,“ segir María Rut Reynisdóttir, aðstoðarkona Magnúsar, en hann er nú í Chile og heldur þaðan til Brasilíu og Argentínu þar sem Latabæjarsýningin hefur slegið í gegn. Hún bætir því við að til greina hafi komið að Magnús flygi frá Chile til London en við nánari skoðun hafi það reynst of mikið ferðalag. **- fgg**



**VÍÐS FJARRI** Magnús Scheving verður ekki viðstaddur þegar Bafta-verðlaunin verða afhent á sunnudaginn. Hann er í Suður-Ameríku.

LÍNAN

# FALLEG HÚSGÖGN Í LEIT AÐ GÓÐU HEIMILI BÍÐA Í BÆJARLIND SEX



**Salto** | Verð 94.200

Línan ehf | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18, lau 11-16 og sun 13-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



GREAT WALL
长城饭店
RESTAURANT
Veisluþjónusta – Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Allar nánar upplýsingar á Greatwall.is
Vesturgata 6-8 • Sími : 552-1900




**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur

## *Herraþjóðin*

Stundum þarf að benda fólki á augljósar staðreyndir. Það var líklega það sem vakti fyrir Steinunni Valdísi Óskarsdóttur alþingiskonu þegar hún lagði fram þingsályktunartillögu í vikunni um að tekið yrði upp nýtt heiti á embætti ráðherra. Heiti sem bæði kynin geta borið.

**ÞÓTT** konur hafi gegnt embætti ráðherra um áratuga skeið liggur í augum uppi (í það minnsta þegar búið er að benda manni á það) að konur geta ekki verið ráðherrar. Konur geta verið forstjórar og að sjálfsögðu geta þær verið formenn og yfirmenn því konur eru jú menn. Konur geta hins vegar ekki verið herrar. Það er bara ósköp einfalt. Þess vegna voru allar fígúrurnar í bókunum um Herramennina karlkyns og þess vegna voru engar stúlkur í hópi appelsínugulu einstaklinganna sem kepptu um titilinn Herra Ísland á miðvikudagskvöld.

**Í** fyrstu þótti mér þetta hálfgerður tittlingaskítur hjá Steinunni enda hljóta brýnni mál að bíða afgreiðslu í þinginu. Svo fór ég að hugsa og sá hverslags gargandi snilld þetta er. Hugmyndin hefði bara þurft að koma fram viku fyrr. Þá hefði þjóðin getað sameinast í samkeppni um nýtt starfsheiti á degi íslenskrar tungu. Það hefði nú aldeilis verið í anda Jónasar sveitunga míns.

**ÉG** efast stórlega um að tillagan nái fram að ganga. Íslendingar eru nefnilega óttalegir leiðindapúkar. Við erum eins og fúli gaurinn í partíinu sem nennir ekki að fara í samkvæmisleikina með öllum hinum af því að hann er of töff til að vera með. Sömu leiðindaskjóðurnar og býsnuðust yfir látunum á degi íslenskrar tungu með þeim rökum að tungumál eigi að fá að þróast og málvernd sé hallærisleg vilja nú standa vörð um starfsheitið ráðherra og hafa gleymt öllum sínum þróunarkenningum.

**ÞAÐ** er kannski ekkert þjóðþrifamál að gera ráðherratitilinn kynlausan en það væri samt stórskemmtilegt. Möguleikarnir eru óþrjótandi. Það mætti jafnvel búa til sjónvarpsþætti í kringum þetta þjóðarátak þar sem fólk skiptist í lið með nýyrðin og keppist við að senda SMS til að kjósa sína tillögu áfram. Seinna mætti taka fleiri embætti fyrir og gera það að árvissum viðburði að búa til nýyrði í stað úreltra starfsheita. Svo lengi sem menn láta ljósmóðurheitið í friði. Sumar perlur íslenskrar tungu eru hafnar yfir alla kynjapólitík.

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er föstudagurinn 23. nóvember, 327. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.20 | 13.14 | 16.07 |
| Akureyri | 10.24 | 12.59 | 15.33 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





DYNAMO REYKJAVÍK

LEGGUR SPILIN Á BORÐIÐ!



**Dramatískt lífshlaup Guðna Ágústssonar**; skemmtilegar sögur, hatrömm átök að tjaldabaki. Einn vinsælasti stjórnmálamaður þjóðarinnar segir söguna eins og hún horfir við honum. **Sigmundur Ernir Rúnarsson** ræðir við Guðna en styðst líka við fjölmargar heimildir sem ekki hefur verið vitnað til áður.

KEMUR ÚT Á MORGUN!

Veröld